ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
*Sló í gegn í Kína*
Bílar Ferðir
allt Í MIÐJU BLAÐSINS




HÁSKÓLAR
*Nútímafræði kennd á Akureyri*
Sérblað um nám og háskóla
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

9. maí 2007 — 125. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Fjölskyldusýning

Málarinn Temma Bell sýnir í Hafnarborg en á sama stað verður opnuð sýning á kyrralífsmyndum eftir foreldra hennar Louisu Matthíasdóttur og Leland Bell.



MENNING 32

### Brúðkaupsferð að Indlandshafi

Sóley Kristjánsdóttir gifti sig um síðustu helgi og er á leið í brúðkaupsferð til stranda Indlandshafs.



FÓLK 46

### Á leið á heimsmeistaramót

Rafn Þórisson sigraði í Íslandsmóti barþjóna um liðna helgi.

TÍMAMÓT 28

### Á leið heim?



Kjartan Henry Finnbogason mun ekki framlengja samning sinn við Celtic og spilar hugsanlega í Landsbankadeildinni í sumar.

ÍÞRÓTTIR 40

### VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR SYÐRA** Í dag verður víðast hæg norðaustlæg átt, en þó strekkingur með suðurströndinni. Skúrir syðra, annars hætt við stöku éljum á stangli. Hiti 0-9 stig yfir daginn, mildast sunnan og suðvestan til.

VEÐUR 4

# Stjórnendur í hjúkrunarstörf

**Stjórnendur á Landspítala – háskólasjúkrahúsi munu ganga í hjúkrunarstörf á spítalanum í sumar þar sem afleysingafólk fæst ekki. Samdráttur í starfseminni verður mun meiri en undanfarin sumur af sömu ástæðu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Allir hjúkrunarmenntaðir stjórnendur á Landspítala – háskólasjúkrahúsi munu ganga í hjúkrunarstörf yfir sumarmánuðina, þar sem afleysingafólk fæst ekki. Meiri samdráttur verður í starfsemi Landspítalans í sumar en verið hefur undanfarin sumur, að sögn Önnu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar.

Nefna má að samdráttur í mögulegum legudögum verður fjórtán prósent í stað ríflega tíu prósenta í fyrrasumar og helmingi skurðstofa verður lokað. Þetta þýðir að mögulegum legudögum á sjö daga deildum verður fækkað úr 75 þúsund í um 64 þúsund yfir sumarmánuðina. Þá verður dregið saman um þrjú til fjögur prósent í starfsemi dagdeilda. Af átján skurðstofum verða aðeins níu opnar.

„Þessi aukni samdráttur stafar fyrst og fremst af því að það er afar erfitt að fá fólk í sumarafleysingar,“ segir Anna. „Starfsmenn sem tengjast hjúkrun á spítalanum eru rétt um þrjú þúsund og allir þurfa að fá sumarleyfi í júní, júlí og ágúst. Það er útilokað að halda fullri starfsemi með því að allir geti fengið sumarleyfi. Það er ekkert fólk til og það gefur auga leið að við kippum ekki upp 1.500 manns til þess að leysa af.“

Um hættu á lengingu biðlista vegna lokunar helmings skurðstofa segir Anna að vissulega hafi fólki í bið fjölgað á sumrin. Það hafi þó yfirleitt tekist að vinna upp. Um hásumarleyfistímann sé sem fyrr áhersla á að sinna öllum sem séu bráðveikir. Hinir bíði fram á haustið.

„Stjórnendur og sviðsstjórar munu starfa við meiri klíníska vinnu en ella. Hjúkrunarmenntaðir stjórnendur klæða sig í búninginn og taka til hendinni við hjúkrunarstörf í sumar,“ segir Anna, sem kveður um þrjátíu hjúkrunarfræðinga sem annars séu í yfirmannsstörfum munu ganga vaktir í sumar.

Hið sama gildir um lækna á Landspítalanum. Reynir Tómas Geirsson, yfirlæknir á fæðingardeild, mun bæta við sig læknisverkum á fæðingargangi: „Það er búið að skipuleggja vaktirnar hjá okkur og ég fjölgaði mínum vöktum þótt ég sé stjórnandi á sviðinu.“ **- jss / - gar**



**HÁLFBERT ÞINGHÚS** Vonast er til að viðgerðum á Alþingishúsinu verði lokið þegar nýtt þing kemur saman. Þakskífurnar, bæði þær nýju og þær sem verið er að reyta af húsinu, eru norskar steinskífur, og er þetta einungis í annað sinn sem skipt er um þær síðan húsið var reist fyrir 126 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skipt um þakplötur á Alþingi:

## Nýtt þak yfir nýja þingmenn

**VIÐGERÐIR Nú er unnið að endurbótum á þaki Alþingishússins, meðal annars skipt um þakskífur hússins í annað sinn frá byggingu þess árið 1881. „Þetta er mjög aðkallandi viðgerð,“ segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis. „Það var farið að bera á leka í húsinu.“**

**Bæði gömlu skífunar og þær nýju eru steinskífur frá Noregi, og munu þær orðnar nokkuð lúnar enda áratugir síðan skipt var um síðast. Gömlu skífunum verður flestum hent, en séu þær heillegar að einhverju ráði verða þær hugsanlega endurnýttar.**

**Einnig er unnið að öðrum viðgerðum, svo sem að laga fúgur á útveggjum. „Við vonum að þessu ljúki áður en þing kemur saman,“ segir Helgi. Heildarkostnaður við viðgerðirnar er áætlaður á bilinu 60 til 70 milljónir.** **- sh**

Umsækjendur um embætti ríkissaksóknara týna tölunni vegna seinagangs:

# Telur stöðunni þegar ráðstafað

**STJÓRNSÝSLA** Jóhannes Rúnar Jóhannsson, einn fimm umsækjenda um embætti ríkissaksóknara, hefur dregið umsókn sína til baka. Hann segir að ástæðurnar séu fleiri en ein en einna þyngst vegi þó að hann sjái ekki mikinn tilgang í því að sækja um embætti sem hafi þegar verið ráðstafað.

„Ef þú spyrð mig að því þá er það mín tilfinning að stöðunni hafi þegar verið ráðstafað,“ segir Jóhannes Rúnar og undrast jafnframt þá óútskýrðu seinkun sem orðið hefur á ráðningunni.

Spurður hvort búið sé að eyrnamerkja Jóni H. B. Snorrasyni stöðuna segir Jóhannes Rúnar að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra geti einn svarað því.

Í viðtölum við umsækjendur tilkynnti Björn að niðurstaða myndi liggja fyrir síðastliðinn föstudag. Þann dag fengu umsækjendur tilkynningu um að ráðningu væri seinkað ótímabundið.

Björn Bjarnason segir í samtali við Fréttablaðið að það sé af og frá að embætti ríkissaksóknara sé nú þegar eyrnamerkt Jóni H. B. Snorrasyni eða nokkrum öðrum. „Ég tilkynnti umsækjendum að niðurstöðu væri að vænta öðru hvoru megin við helgi. Síðan dró einn umsækjandi sig til baka og það flækti málin,“ segir Björn og vill ekkert gefa upp um hvenær ráðning í embættið liggi fyrir. „Það verður að vanda til verka,“ segir hann og útilokar jafnframt ekki að það geti dregist fram yfir kosningar að ráða ríkissaksóknara.

Egill Stephensen, sem er meðal umsækjenda, vildi lítið tjá sig um málið þegar Fréttablaðið ræddi við hann en viðurkenndi að hann undraðist frestunina sem orðið hefði á ráðningunni án þess að nægjanlegar skýringar hefðu komið fram.

Umsækjendurnir Sigríður Friðjónsdótttir og Brynjar Níelsson vildu ekki tjá sig um málið en ekki náðist í Jón H. B. Snorrason þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **- óhþ**

### ÍRAK

**Bílsprengja í Kufa**

Minnst sextán manns fórust og um 70 særðust í sjálfsmorðssprengjuárás á fjölförnum útimarkaði í Kufa, helgri borg sjía-múslima, í gær. Árásin kyndir enn undir fjandskap milli trúarhópa.

> Markaðurinn
*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




JARÐGÖNG Í STAÐ ERFIÐRA FJALLVEGA
Frjálslyndi flokkurinn
www.xf.is

Árangur áfram - ekkert stopp



SPURNING DAGSINS



*Þórunn, er þetta risastórt vandamál?*

„Þetta er smá skessuvandamál sem verður leyst.“

Risavaxin brúða leikur stórt hlutverk í opnunaratriði Listahátíðar í Reykjavík á laugardag. Lögreglan fór fram á að tilhögun atriðisins yrði breytt af ótta við að það truflaði alþingiskosningar. Þórunn Sigurðardóttir er listrænn stjórnandi hátíðarinnar.

Úrslitaumferð forsetakosninga á milli tveggja frambjóðenda á Austur-Tímor í dag:

# Ramos-Horta sigurstranglegri

**AUSTUR-TÍMOR, AP** Íbúar Austur-Tímor ganga að kjörborðinu í dag og kjósa sér nýjan forseta í úrslitaumferð forsetakosninga. Í framboði eru Jose Ramos-Horta, handhafi friðarverðlauna Nóbels og Francisco „Lu-Olo“ Guterres en þeir hafa báðir heitið því að hlíta niðurstöðum kosninganna.

Austur-Tímor hlaut sjálfstæði árið 1999 eftir tuttugu og fjögurra ára harðstjórn Indónesíu. Sameinuðu þjóðirnar fóru með stjórn landsins til ársins 2002. Í fyrra brutust út átök þegar þáverandi forsætisráðherra landsins, Mari Alkatiri, rak þriðjung hersins eftir uppreisn hans. Um 155 þúsund manns flúðu heimili sín og 37 létu lífið í átökunum áður en stjórnin féll. Þá tók Ramos-Horta við embætti forsætisráðherra.

Friði var komið á eftir að Ástralir sendu 1200 manna friðargæslulið til landsins.

Flestir telja Ramos-Horta sigurstranglegri en fimm frambjóðendur úr fyrri kosningaumferðinni hafa hvatt stuðningsmenn sína til að kjósa hann. Fransisco Guterres er forsetaefni Fretelin-flokksins sem tengdist vopnaðri andstöðu gegn stjórn Indónesa. - lbb



**KJÖRKASSAR UNDIRBÚNIR** Starfsmenn kjörstjórnar bera kjörkassa á kjörstað í höfuðborginni Dili í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einsdæmi í veröldinni:

## Vetnisvél í Eldinguna að ári

**RAFORKUMÁL Íslensk NýOrka vinnur að því að setja vetnisljósavél um borð í hvalaskoðunarskipið Eldingu. Ætlunin er að sigla út frá Reykjavíkurhöfn á sumardaginn fyrsta á næsta ári og gera tilraunir með vetnisvélina á hafi úti.**

**Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar NýOrku, segir í samtali við Markaðinn, að gangi verkefnið eftir muni þetta verða í fyrsta sinn í veröldinni sem vetnisvél er sett í skip. Hann segir að þekking Íslendinga á vetni muni verða verðmæt eign í framtíðinni. - jab / sjá Markaðinn**



**ROKKLYKT** „Ég fíla þessa stelpu, það er rokklykt af henni,“ sagði Eiríkur um Hönnu hina finnsku, eftir að hún smellti á hann kossi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eiríkur nýtur mikillar kvenhylli:

## Þykir mesti karlmaðurinn

**SÖNGVAKEPPNI** „Það var sagt við mig að líklega væri ástæðan fyrir þessari athygli sú að keppnin hefur verið svolítið einokuð af kvenlegum ungum mönnum. Ég þyki víst svolítið karlmannlegri en flestir hérna,“ sagði Eiríkur Hauksson, þegar hann var spurður út í ástæður hinnar miklu kvenhylli sem hann nýtur í Finnlandi.

„Við erum nú búin að vera saman í 32 ár þannig að ég nenni nú varla að vera afbrýðisöm núna,“ sagði Helga Steingrímsdóttir, kona Eiríks, þegar Hanna, sem keppir fyrir hönd Finnlands, rak Eiríki rembingskoss á vangann. - kdk / sjá síðu 36

UTANRÍKISMÁL

### Heillaóskaskeyti

Forsætisráðherra, Geir H. Haarde, sendi nýkjörnum forseta Frakklands, Nicholas Sarkozy, heillaóskaskeyti í gær vegna úrslita forsetakosninganna í Frakklandi.

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Brotist inn í báta

Lögreglan í Þorlákshöfn leitar þjófs eða þjófa sem brutust inn í tvo báta í Þorlákshöfn í fyrrinótt og stálu rafmagnstækjum fyrir um 500 til 700 þúsund krónur.



**SÁTTAMENN LÖGREGLUNNAR** Sérþjálfaðir lögreglumenn hafa þann starfa með höndum að leiða saman til sátta gerendur og þolendur í minni háttar brotamálum. Tíu mál eru í höfn og fjögur í ferli.

# Lögregla leitar sátta í líkamsárásarmálum

**Líkamsárásarmál, þjófnaðarmál, brot gegn valdstjórninni og skemmdarverk eru meðal þeirra mála sem komið hafa á borð sáttamanna lögreglunnar. Sátt hefur náðst í tíu málum, fjögur eru í ferli en sumir velja dómstólaleiðina.**

**LÖGREGLUMÁL** Sáttanefnd lögreglu hefur leitt tíu brotamál til lykta með sáttum gerenda og þolenda frá því að hún tók til starfa 1. október, að sögn Hafsteins G. Hafsteinssonar, verkefnisstjóra fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Málin sem um ræðir eru minni háttar brotamál.

„Flest öll þessara mála hefðu farið fyrir dómstóla að óbreyttu,“ segir hann. „Nefna má þrjú minni háttar líkamsárásarmál, þar sem ungar stúlkur komu við sögu, og tvö skemmdarverkamál þar sem sparkað var í bíla og þeir skemmdir. Þarna var meðal annars um að ræða stúlkur sem höfðu verið vinkonur lengi, en svo slest upp á vinskapinn. Þær voru leiddar til sátta í sínum málum.

Þá má nefna þrjú brotamál gegn valdstjórninni, þar sem drukknir menn slógu til lögreglumanna við störf. Lögreglumennirnir hittu þessa menn, leiddu þeim brot þeirra fyrir sjónir og þeir kváðust ekki myndu gera svona nokkuð aftur.“

Auk þessa hafa brot falist í skemmdarverkum á húsum og eigendur þeirra hafa hitt skemmdarvargana fyrir milligöngu sáttamanna.

Sem stendur eru fjögur brotamál í ferli, að sögn Hafsteins.

Auk þessa hafa komið upp mál þar sem þolendur og gerendur hafa ekki viljað leiða mál til lykta, heldur kosið dómstólaleiðina.

„Í þeim tilvikum er um að ræða ákvörðun hlutaðeigandi sem hafa þá ekki viljað mæta á sáttafundi,“ segir Hafsteinn.

Sérþjálfaðir lögreglumenn sjá um að leiða brotaþola og geranda til sátta. Brotin þurfa að vera innan ramma sem skilgreindur er nákvæmlega samkvæmt tilmælum ríkissaksóknara. Innan rammans eru þjófnaðarmál, húsbrot og minni háttar líkamsárásir, svo dæmi séu nefnd. Þetta úrræði er ætlað sakhæfu fólki sem hefur játað brot sitt, ekki áður gerst sekt um alvarleg eða ítrekuð hegningarlagabrot og hefur vilja til að leiða sín mál til lykta í sáttamiðlun.

„Sáttamiðlunin er tilraunaverkefni til tveggja ára, sem nær um allt land,“ segir Hafsteinn. „Nú erum við að hefja kynningarátak, þar sem við munum kynna þetta úrræði fyrir öllum embættunum úti á landi og fá þau til að taka þetta upp. Það er mikill vilji en það þarf líka að láta verkin tala.“ jss@frettabladid.is

Sundfélagið á Akureyri:

## Ætlar að gera athugasemdir

**AKUREYRI** Sundfélagið Óðinn hyggst gera athugasemdir við hvernig staðið var að breytingu á deiliskipulagi á lóð sundlaugar Akureyrar fyrir síðustu bæjarstjórnarkosningar. Þar á að reisa 2000 fermetra líkamsræktarstöð.

„Þetta er allt hið undarlegasta mál og illa að staðið,“ segir Ásta Birgisdóttir, formaður Óðins.

Sundfélagið taldi þetta „vafasama stjórnsýslu“ og safnaði um 1.400 undirskriftum í mótmælaskyni. - kóþ



**VIÐ SIGURBOGANN** Chirac hneigir höfuðið við athöfn við sigurbogann í París. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Chirac minnist stríðsloka:

## Eitt síðasta embættisverkið

**FRAKKLAND, AP Jacques Chirac, fráfarandi forseti Frakklands, tók í gær þátt í hátíðahöldum í París í tilefni af 62 ára afmæli stríðsloka í Evrópu. Þetta var í síðasta sinn sem franskur forseti með eigin minningar um stríðsárin fer fyrir hinni árlegu minningarathöfn.**

**Ný kynslóð tekur við forsetaembættinu í næstu viku, þegar Nicolas Sarkozy, sem er fæddur árið 1955, tekur við af Chirac.**

**Óeirðir í kjölfar sigurs Sarkozy í úrslitaumferð forsetakosninganna á sunnudag héldu áfram í fyrrinótt. - aa**


BÍLL DAGSINS

SKODA SUPERB

Nýskr. 03.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 6 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Rúmenar sem yfirheyrðir voru á Akureyri í gær tengdir þeim sem fóru í fyrrakvöld:

# Átta Rúmenar úr landi í dag

**LÖGREGLUMÁL** Átta Rúmenar sem lögreglan á Akureyri handtók og yfirheyrði í gær verða sendir úr landi í dag. Að sögn Daníels Guðjónssonar, yfirlögregluþjóns á Akureyri, voru mennirnir níu hluti sama hóps og Rúmenarnir nítján sem sendir voru af landi brott í fyrrakvöld.

Rúmenarnir átta eru allir karlmenn, á milli tvítugs og sextugs. Kvartanir höfðu borist lögreglu um ónæði vegna mannanna, sem höfðu viðurværi sitt af því að leika á harmónikku á götum bæjarins og betla.

Að loknum yfirheyrslum í gær voru mennirnir sendir til Reykjavíkur, og fengu þeir sem það kusu inni hjá lögreglu í nótt. Þeir sem fóru af landi brott á mánudag höfðu komið frá Noregi og Danmörku og voru sendir þangað aftur. Þessi átta manna hópur kom allur frá Noregi og fer með flugi frá Keflavík til Óslóar síðdegis í dag. Enginn í hópnum átti farseðil til baka og þarf því að kaupa flugmiða undir þá alla, eins og hluta þeirra sem fóru úr landi á mánudag. Slíkur farmiði kostar líklega á bilinu tuttugu til þrjátíu þúsund krónur.

Daníel segir ekkert hafa komið fram við yfirheyrslurnar sem styrkti þann grun lögreglu að Rúmenarnir væru komnir til landsins á vegum erlends glæpahrings, sem hefði sent þá hingað að betla. - sh



**VIÐ KJÖRGARÐ Á LAUGAVEGI** Rúmenarnir hafa haft viðurværi sitt af harmónikkuleik við verslanir á Akureyri og í höfuðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Þegar öllu er á botninn hvolft er
traust efnahagsstjórn
stærsta velferðarmálið
Nýjir tímar – á traustum grunni
xd.is
XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

## GENGIÐ 08.05.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,84 | 64,14 |
| Sterlingspund | 127,21 | 127,83 |
| Evra | 86,54 | 87,02 |
| Dönsk króna | 11,611 | 11,679 |
| Norsk króna | 10,641 | 10,703 |
| Sænsk króna | 9,422 | 9,478 |
| Japanskt jen | 0,5321 | 0,5353 |
| SDR | 97,07 | 97,65 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
117,3953
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kjósendur að baki þingsæti í Norðvesturkjördæmi eru 2.200 færri en í Suðvestur:

# Fjölgar á kjörskrá um tíu þúsund

**STJÓRNMÁL** Kjósendur á kjörskrá vegna alþingiskosninganna á laugardag eru 221.368 og hefur þeim fjölgað um rúmlega tíu þúsund frá kosningunum fyrir fjórum árum.

570 fleiri konur eru á kjörskrá en karlar.

Flestir kjósendur eru í Suðvesturkjördæmi, rúmlega 54 þúsund, en fæstir í Norðvesturkjördæmi, rúmlega 21 þúsund.

Flestir kjósendur eru að baki hverju þingsæti í Suðvesturkjördæmi, rúmlega 4.500, en fæstir í Norðvesturkjördæmi, rúmlega 2.300.

Í síðustu kosningum greiddu 185.392 atkvæði; tæp 88 prósent þeirra sem voru á kjörskrá.

Kjósendur með lögheimili erlendis eru tæplega 8.800, fjögur prósent kjósendatölunnar. Rúmlega sautján þúsund fá, vegna aldurs, að kjósa nú í fyrsta sinn til Alþingis.

- bþs

**KJÖRSKRÁ 2007**

| | Kjósendur á kjörskrárstofni | Kjósendur að baki hverju þingsæti |
|---|---|---|
| Norðvestur | 21.126 | 2.347 |
| Norðaustur | 27.888 | 2.789 |
| Suður | 30.597 | 3.060 |
| Suðvestur | 54.584 | 4.549 |
| Reykjavík norður | 43.775 | 3.980 |
| Reykjavík suður | 43.398 | 3.945 |
| Landið allt | 221.368 | 3.514 |

HEIMILD: HAGSTOFAN

Enginn eldur í Alþingishúsinu:

# Þakviðgerðir ræstu eldvarnir

**SLÖKKVILIÐ Slökkvilið af tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu var kallað að Alþingishúsinu á tíunda tímanum í gærmorgun vegna gruns um að eldur væri kominn upp í húsinu. Vaktmaður í húsinu tilkynnti slökkviliði að hann hefði fundið lykt af reyk og eldvarnarkerfi hefði farið í gang.**

**Þegar slökkvilið kom á vettvang kom í ljós að enginn eldur var laus í húsinu. Iðnaðarmenn sem unnu að viðgerðum á þaki hússins höfðu verið að bræða saman pappa sem notaður er í þakið. Reykurinn hafði borist inn um glugga og komið kerfinu af stað.**

- sh



**Á VETTVANGI SLYSSINS** Hjólið rann talsverða vegalengd eftir að maðurinn féll af því.

Datt af hjóli og haldið sofandi:

# Í öndunarvél eftir bifhjólaslys

**SLYS Karlmaður á þrítugsaldri liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild eftir umferðarslys í Njarðvík á sunnudagskvöld. Maðurinn gekkst undir aðgerð aðfaranótt mánudags. Að sögn læknis á gjörgæsludeild er hann í öndunarvél og ástand hans mjög alvarlegt.**

**Bíl var ekið í veg fyrir vélhjól sem maðurinn ók og nauðhemlaði hann þá til að afstýra árekstri. Við það missti hann stjórn á hjólinu og féll harkalega í götuna. Hann missti strax meðvitund við höggið og var fluttur á Landspítalann í Fossvogi. Ekki liggur fyrir hvort um hraðakstur var að ræða.**

- sh

Rannsókn á láti hermanns:

# Meintar misþyrmingar

**RÚSSLAND, AP** Saksóknarar rússneska hersins hafa hafið rannsókn á dauða ungs hermanns, sem grunur leikur á um að hafi verið misþyrmt af félögum sínum í hernum. Frá þessu greindu talsmenn hersins í Sankti Pétursborg í gær.

Verið er að rannsaka ásakanir um að hermaðurinn, Sergei Zavayalov liðþjálfi, sem dó á sjúkrahúsi um helgina, hafi sætt lífshættulegum barsmíðum.

Ofbeldi gegn nýliðum hefur verið landlægt í rússneska hernum, en það hefur gert herþjónustu mjög óvinsæla.

- aa

# Auglýsingin fór gegn skilyrðum laganna

**Auglýsing dómsmálaráðuneytisins eftir umsóknum um stöðu aðstoðarríkislögreglustjóra var ekki í samræmi við lög, segir Sigurður Líndal. Blasir við að umsækjandi þurfi lögfræðimenntun, segir Björn Bjarnason.**

**DÓMSMÁL** Dómsmálaráðuneytið auglýsti ólöglega eftir umsóknum um embætti aðstoðarríkislögreglustjóra. Auglýst var eftir „starfsmanni með embættispróf í lögfræði, reynslu af störfum innan réttar- og refsivörslukerfisins og þekkingu á starfsmannamálum lögreglunnar“.

Í lögreglulögum kemur fram að allir þeir sem hafi „lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins svo og stjórnunarnámi eða öðru sambærilegu námi“ geti gegnt stöðu aðstoðarríkislögreglustjóra.

Sigurður Líndal, fyrrverandi lagaprófessor, segir auglýsinguna ekki hafa uppfyllt skilyrði samkvæmt lögum. „Í auglýsingunni hefði átt að taka fram öll skilyrðin sem fram koma í lögunum. Hafi það ekki verið gert, eins og útlit er fyrir, er auglýsingin ekki í samræmi við lög.“

Auglýsingin birtist aðeins í vefútgáfu Lögbirtingablaðsins. Blaðið kom út á pappírsformi sama dag og umsóknarfresturinn rann út. Páll Winkel, nýskipaður yfirmaður stjórnsýslusviðs hjá ríkislögreglustjóra, var sá eini sem sótti um starfið. Páll er sonur Guðnýjar Jónsdóttur, ritara Björns Bjarnasonar í dómsmálaráðuneytinu. Björn þvertók fyrir að Páll fengi fyrirgreiðslu af einhverju tagi vegna þeirra tengsla.

Björn segir það blasa við að umsækjandinn þurfi að hafa lögfræðimenntun til þess að geta gegnt fyrrnefndu starfi. „Væru verkefnin þess eðlis að þau féllu að manni með lögreglumenntun eða reynslu hefði verið óskað eftir manni með þá menntun.“

Auglýst starf er annað tveggja embætta aðstoðarríkislögreglustjóra en Sigríður Björk Guðjónsdóttir gegnir hinu. Björn svaraði ekki skýrt spurningum sem beint var til hans, um hvort auglýsingin samræmdist lögfestum skilyrðum í lögum.

Steinar Adolfsson, framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna, segir það vera skýrt í lögunum að lögreglumenn eigi þess kost að sækjast eftir og gegna embætti aðstoðarríkislögreglustjóra. „Samkvæmt lögunum, og nýlegum breytingum sem hafa komið til framkvæmda, er það alveg skýrt að lögreglumenn geta gegnt stöðu aðstoðarríkislögreglustjóra, líkt og stöðu aðstoðarlögreglustjóra. Að því leytinu til snertir þetta lögreglustéttina í heild.“

Landssambandið ætlar að skoða málið enn frekar.

magnush@frettabladid.is



**RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI** Dómsmálaráðuneytið auglýsti eftir lögfræðimenntuðum manni í starf aðstoðarríkislögreglustjóra en samkvæmt nýlega breyttum lögum geta lögreglumenn einnig sótt um starfið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> „Í auglýsingunni hefði átt að taka fram öll skilyrðin sem fram koma í lögunum. Hafi það ekki verið gert, eins og útlit er fyrir, þá er auglýsingin ekki í samræmi við lög.“
>
> **SIGURÐUR LÍNDAL**
> FYRRVERANDI LAGAPRÓFESSOR

Ársfjórðungsuppgjör Actavis:

# Besti fjórðungur frá upphafi

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Actavis á fyrsta ársfjórðungi nam 27 milljónum evra, sem jafngildir um 2,3 milljörðum íslenskra króna. Félagið birti fjórðungsuppgjör sitt eftir lokun markaða í gær.



**RÓBERT WESSMAN** Forstjóri Actavis.

Hagnaðurinn er heldur undir væntingum greiningardeilda bankanna, en meðalspá þeirra hljóðaði upp á 28,9 milljónir evra.

Tekjur Actavis á fyrsta ársfjórðungi jukust um 11,9 prósent milli ára og námu 382,7 milljónum evra, yfir 33 milljörðum króna, og eru það mestu tekjur á fjórðungi í sögu félagsins. Félagið segir undirliggjandi vöxtu (án fyrirtækjakaupa og gengisáhrifa) vera 8,3 prósent milli ára og skýrast af góðum árangri í Bretlandi, Þýskalandi og Rússlandi.

- óká

Ákærð fyrir héraðsdómi:

# Með hálft kíló af hassi í bíl

**DÓMSMÁL Karl og kona, bæði á þrítugsaldri, hafa verið ákærð fyrir að hafa rúmlega hálft kíló af hassi í bíl sínum.**

**Málið er höfðað fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.**

**Lögreglan stöðvaði bifreið skötuhjúanna á föstudagskvöldi í febrúar við býlið Krossastaði í Hörgárbyggð. Við leit í bifreiðinni fundust tæp 670 grömm af hassi sem fólkið hafði flutt með sér frá Reykjavík.**

-jss

Samfylkingin
xS
Jöfnum launamun kynjanna
Góð hugmynd um betri framtíð



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**SKÚRIR EÐA ÉL** Nú er staðan sú að það má búast við skúraveðri hér og hvar á landinu sunnan- og suðaustanverðu og stöku éljum á stangli annars staðar. Ég á þó von á að það verði bjart með köflum við Faxaflóann núna fyrir hádegi en síðan skýjað. Annars eru næstu dagar mjög keimlíkir. Á föstudag verður svo bjart á landinu suðvestan- og vestanverðu.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Norðaustan 3-8 og hálfskýjað í fyrstu en síðan stöku skúrir. Hiti 3-6 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C skúrir | London | 17°C alskýjað | Alicante | 27°C heiðskírt |
| Billund | 12°C léttskýjað | París | 19°C skúrir | Mallorca | 24°C heiðskírt |
| Osló | 15°C hálfskýjað | Frankfurt | 15°C rigning | Basel | 20°C skúrir |
| Stokkhólmur | 9°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 15°C hálfskýjað | Eindoven | 16°C skúrir |
| Gautaborg | 11°C skúrir | Berlín | 16°C skúrir | Las Palmas | 28°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Guðni Ágústsson
landbúnaðarráðherra
1. sæti Suðurkjördæmi

Valgerður Sverrisdóttir
utanríkisráðherra
1. sæti Norðausturkjördæmi

Jónína Bjartmarz
umhverfisráðherra
1. sæti Reykjavíkur-
kjördæmi suður

Jón Sigurðsson
iðnaðar- og viðskiptaráðherra
1. sæti Reykjavíkur-
kjördæmi norður

Magnús Stefánsson
félagsmálaráðherra
1. sæti Norðvesturkjördæmi

Siv Friðleifsdóttir
heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
1. sæti Suðvesturkjördæmi



# Jafnrétti í verki

**Konur og karlar** starfa hlið við hlið í forystu Framsóknar sem ráðherrar og oddvitar framboðslista.

Framboðslista flokksins í kosningunum 12. maí skipa jafnmargir **karlar og konur.**

Fæðingarorlof beggja foreldra er forsenda jafnréttis á vinnumarkaði. Við komum því á og á næsta kjörtímabili munum við lengja það í 12 mánuði.

Við höfum jafnframt komið á vottun jafnra launa hér á landi sem tryggir að unnið sé með markvissum hætti að launajafnrétti kynjanna.

Við munum enn fremur koma á nýrri jafnréttislöggjöf sem ræðst gegn kynbundnum launamun með afnámi skyldu starfsmanns til launaleyndar og jafnar stöðu **karla og kvenna** í ráðum og nefndum.

**Við sýnum jafnrétti í verki!**

## Árangur áfram - ekkert stopp

2007

framsokn.is

**Framsókn**

**KJÖRKASSINN**



*Ætti að leyfa sölu léttvíns og bjórs í matvöruverslunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 47% |
| Nei | 53% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefði verið rétt að auglýsa stöðu forstöðumanns nýs fagskóla á Miðnesheiði, sem Hjálmar Árnason hlaut?*

Segðu skoðun þína á visir.is. **vísir**

Öfgaþjóðernissinnar snúa aftur til áhrifa í Serbíu:

# Nikolic kjörinn þingforseti

**SERBÍA, AP** Bandamaður Slobodans Milosevic heitins var í gær kjörinn forseti serbneska þingsins, en kjörið markar endurkomu öfgaþjóðernissinna til valda og áhrifa í landinu.

Tomislav Nikolic, einn af leiðtogum hins öfgaþjóðernissinnaða Róttæka flokks Serbíu, var kjörinn í þetta áhrifamikla embætti með fulltingi þingmanna íhaldsflokks fráfarandi forsætisráðherra, Vojislavs Kostunica. Nikolic fékk atkvæði 142 af 244 þingmönnum sem viðstaddir voru á maraþonþingfundi sem stóð yfir í nærri fimmtán tíma og lauk ekki fyrr en aðfaranótt þriðjudags. Frambjóðandi Lýðræðisflokksins, sem er hliðhollur nánari tengslum við Vesturlönd, fékk 99 atkvæði.

Með kjörinu varð Nikolic fyrsti öfgaþjóðernissinninn til að komast í hátt embætti síðan Milosevic var bolað frá völdum árið 2000 í byltingu sem mikill meirihluti almennings studdi.

Valið á Nikolic endurspeglar vaxandi áhrif þjóðernissinna í stjórnmálum landsins þegar hillir undir að Kosovo-hérað verði lýst sjálfstætt samkvæmt áætlun Sameinuðu þjóðanna. Að vestræn-sinnaðir lýðræðisflokkar landsins skyldu ekki geta komið sér saman um stjórnarmyndun frá því þingkosningar fóru fram hinn 21. janúar ýtir einnig undir þessa þróun. **- aa**



**TOMISLAV NIKOLIC** Einn leiðtoga Róttæka flokks Serbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjávarútvegsnefnd Alþingis:

# Kölluð saman vegna Kompáss

**STJÓRNMÁL Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, hefur óskað eftir því að sjávarútvegsnefnd þingsins komi saman, meðal annars til að ræða um upplýsingarnar sem fram komu í þætti Kompáss á sunnudag um kvótamisferli.**

**Samþykki þriðjungs nefndarmanna þarf til að nefndin sé kölluð saman og hafa fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni, Jón Gunnarsson og Jóhann Ársælsson, samþykkt tillöguna. Magnús segir ljóst að kalla verði nefndina saman í vikunni, fyrir kosningar, en ekki liggur fyrir hvenær það verður.** **- sh**






## SKILABOÐ DAGSINS FRÁ FORMÖNNUM FLOKKANNA

Guðjón Arnar Kristjánsson (F)

### Atvinnufrelsi og samgöngur

Atvinnufrelsi í fiskveiðum verður að innleiða á nýjan leik og virða rétt sjávarbyggða til nýtingar nærliggjandi fiskimiða. Aðeins þannig verður aftur byggt undir atvinnuöryggi í sjávarbyggðum. Allar byggðir þurfa festu í atvinnumál sín. Góðar samgöngur eru skilyrði þess að fólkið á landsbyggðinni njóti lífskjara og samneytis við nágranna sína með sama hætti og þekkist á suðvesturhorni landsins. Fjölbreytt mannlíf og fólksfjölgun næst einungis með góðum samgöngum og tryggri atvinnu. Frjálslyndi flokkurinn vill stefna til jafnra tækifæra og lífskjara um allt land og hefur skýrar tillögur um hvernig þeim árangri megi ná.

Við viljum jafna tækifærin á landinu.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (S)

### Kosið um betri framtíð

Það er gríðarleg stemning í kringum Samfylkinguna þessa dagana, baráttugleðin skín úr hverju andliti frambjóðenda okkar og stuðningsmanna og viðbrögð almennings við stefnu okkar eru mjög uppörvandi. Það er mikil eftirvænting í loftinu enda er að skapast tækifæri til að mynda nýja ríkisstjórn með aðild okkar jafnaðarmanna. Ríkisstjórn sem setur á oddinn að ná jafnvægi í efnahagsmálum, bæta hag barna og aldraðra og létta greiðslubyrði heimilanna. En það getur brugðið til beggja vona og hvert atkvæði getur skipt máli á laugardaginn. Kjósum betri framtíð!



Jón Sigurðsson (B)

### Sjálfstæðismönnum ekki þakkað einum

Nú eru aðeins þrír dagar til kosninga. Fylgi Framsóknarflokksins hefur lyfst í skoðanakönnunum, sem er í takt við þann velvilja sem við frambjóðendur flokksins finnum fyrir meðal almennings. Samt sem áður er ljóst að ef niðurstaða kosninga verður ekki betri en skoðanakannanir gefa til kynna, þá hverfur Framsóknarflokkurinn úr ríkisstjórn. Ég trúi því hins vegar ekki að Sjálfstæðisflokknum verði einum þakkað fyrir þann mikla árangur og framfarir sem orðið hafa á undanförnum árum. Það er ekki í takt við það að hlutfall þeirra sem vilja Framsóknarflokkinn áfram í ríkisstjórn hefur farið vaxandi. Við ætlum því að bretta upp ermarnar og láta heldur betur til okkar taka á lokasprettinum.



Steingrímur J. Sigfússon (V)

### Snúum við blaðinu

Ánægjulegt er að sjá að núverandi ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks virðist vera fallin samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum og stefnir því í spennandi lokaslag. Breytingar eru í farvatninu og maður finnur að meðal kjósenda ríkir mikil eftirvænting um að spilin verði stokkuð upp á laugardaginn. Fólk veit hvar það hefur Vinstri græn og ganga kjósendur að því vísu að besta leiðin til að snúa við blaðinu og setja náttúru, velferð og jafnrétti í forgang er að styðja okkur með atkvæði sínu.



Ómar Ragnarsson (I)

### Dýrmætustu atkvæðin

Skoðanakannanir hafa sýnt að þegar Íslandshreyfingin fær yfir fimm prósenta fylgi fær hún þrjá þingmenn kjörna og stóriðjustefnan fellur. Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, hefur bent á þetta. Þrefalt fleiri menn spretta upp hjá Íslandshreyfingunni við tveggja prósentustiga fylgisaukningu en hjá stóru flokkunum. Þetta eru dýrmætustu atkvæðin í kosningunum. Íslandshreyfingin er hægra megin á miðju og könnun í gær sýnir að stærsti hluti fylgis hennar kemur frá Sjálfstæðisflokknum, enda hafa 38 prósent sjálfstæðismanna verið ósátt við stóriðjustefnuna samkvæmt nýlegri könnun.



Geir H. Haarde (D)

### Góð staða barnafólks

Mér fannst sérstaklega ánægjulegt að sjá fréttir um niðurstöður alþjóðlegrar skýrslu Save the Children samtakanna þar sem fram kom að Ísland væri ásamt Noregi og Svíþjóð það land sem byði upp á bestu aðstæðurnar fyrir mæður til að ala upp börn sín. Hverri þjóð er mikilvægt að búa börnum hagstæð skilyrði til að alast upp og það höfum við gert hér, m.a. með því að hækka barnabætur á þessu kjörtímabili og ekki síst með stofnun Fæðingarorlofssjóðs á sínum tíma. Við viljum halda áfram á þessari braut og tryggja að aðstæður barnafólks verði í fremstu röð.



Formaður menntaráðs segir fyrrverandi formann hafa nýtt sér aðgang að netföngum:

# Óviðeigandi kosningaáróður

**STJÓRNMÁL** Óánægju gætir meðal kennara og skólastjórnenda í Reykjavík sem fengu sendan tölvupóst frá fyrrverandi formanni menntaráðs Reykjavíkur, Stefáni Jóni Hafstein, sem hann sagði ætlað að kynna fréttasíðu sína og „leggja lið í kosningabaráttunni“.

Stefán Jón, sem er í leyfi sem borgarfulltrúi Samfylkingarinnar til að sinna starfi fyrir Þróunarsamvinnustofnun Íslands í Namibíu, sagði meðal annars í tölvupóstinum kannanir sýna að Samfylkingin væri eina forystuaflið utan ríkisstjórnar og að ríkisstjórnin héngi á bláþræði.

Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og núverandi formaður menntaráðs, segir nokkuð ljóst að Stefán Jón hafi nýtt sér aðgang að netföngum starfsmanna Reykjavíkurborgar.

„Það er ljóst að Stefán Jón hefur sent kennurum og skólastjórnendum póst sem í er kosningaáróður. Þetta hefur ekki mælst vel fyrir hjá stórum hópi og mönnum finnst almennt mjög óviðeigandi að senda póst með þessum hætti og dreifa þannig kosningaáróðri. Ég myndi ekki senda kennurunum slíkan póst.“

Ekki náðist í Stefán Jón við vinnslu fréttarinnar. **- sdg**



**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON**



**FYRRVERANDI FORMAÐUR MENNTARÁÐS** Júlíus Vífill Ingvarsson telur Stefán Jón Hafstein hafa nýtt sér aðgang að netföngum starfsmanna Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# VELFERÐ, SANNGIRNI OG ATVINNUÖRYGGI



Guðjón A. Kristjánsson
Norðvesturkjördæmi



Kolbrún Stefánsdóttir
Suðvesturkjördæmi



Jón Magnússon
Reykjavík Suður



Sigurjón Þórðarson
Norðausturkjördæmi



Magnús Þór Hafsteinsson
Reykjavík Norður



Grétar Mar Jónsson
Suðurkjördæmi

## Frjálslyndi flokkurinn mun berjast gegn kvótakerfinu og þar með leiguforréttindum og fénýtingu veiðiheimilda.

- Núverandi kvótakerfi sóar verðmætum með brottkasti.
- Leiguliðar kvótagreifanna eru arðrændir á hverjum degi.
- Kvótaleiga og sala einstaklinga á fiskveiðiauðlindinni er siðlaus.

## Frjálslyndi flokkurinn vill sanngjarnt samfélag og að öllum sé tryggður réttur til að vera sjálfstæðir einstaklingar.

- Aldraðir og öryrkjar geti haft 1.000.000 kr. í tekjur án bótaskerðingar.
- Tekjutenging við maka verði afnumin.
- Lífeyrisgreiðslur beri 10% skatt líkt og fjármagnstekjur.

Beitum skynsamlegu aðhaldi í innflutningi á vinnuafli, verjum launakjör fólksins í landinu.

## Frjálslyndi flokkurinn vill halda landinu í byggð. Stórátak í samgöngumálum styrkir byggðirnar og eykur umferðaröryggi.

- Flýtum Sundabraut.
- Tvöföldum Suðurlandsveg.
- Tvöföldum Vesturlandsveg.
- Jarðgöng í stað erfiðra fjallvega.
- Reykjavíkurflugvöll áfram í Vatnsmýrinni.

**Kjóstu F!**
*forysta fyrir íslenska þjóð*

XF
Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is Skeifan 7 | Reykjavík | sími 553 6061

# Kosning utan kjörfundar

- Utankjörfundarskrifstofa Framsóknarflokksins að Hverfisgötu 33 er opin frá kl. 9–22 alla virka daga og frá kl. 12–20 um helgar.
- Kosning fer fram hjá sýslumönnum um land allt og hjá sendiráðum og ræðismönnum erlendis. Utankjörfundarkosning í Reykjavík fer fram í Laugardalshöll alla daga 10-22.
- Framsóknarfólk! Látið okkur vita um stuðningsmenn sem ekki verða heima á kjördag, þá sem búa annars staðar en getið er um á kjörskrá og vini og ættingja sem búsettir eru erlendis.
- Nánari upplýsingar um kosningu utan kjörfundar er að finna á framsokn.is undir viðkomandi kjördæmi. Ef óskað er frekari upplýsinga er hægt að hafa samband við aðalskrifstofu Framsóknarflokksins í síma: 540-4300 eða á netfangið einar@framsokn.is
- Nánari upplýsingar um hvar kjósa má erlendis er að finna á vefslóðinni: www.utanrikisraduneyti.is/sendi-og-raedisskrifstofur

framsokn.is B 2007


Fimm nýir leiðsöguhundar fyrir blinda keyptir og þjálfaðir í Noregi:

# Erró er með gigt í öxlum

**HEILBRIGÐISMÁL** Von er á fimm leiðsöguhundum fyrir blinda til landsins á fyrri hluta næsta árs. Hundarnir eru keyptir í Noregi þar sem þeir, og væntanlegir notendur, hljóta þjálfun.

Kaup og þjálfun kosta 25 milljónir króna og leggur heilbrigðisráðuneytið sautján milljónir til verkefnisins en Blindrafélagið átta. Samningur þess efnis var undirritaður í gær.

Friðgeir Jóhannesson hefur í átta ár notið hjálpar leiðsöguhundsins Erró og segir hana ómetanlega. Erró á skammt eftir ólifað þar sem hann er haldinn gigt í öxlum og fær Friðgeir því einn nýju norsku hundanna, enda getur hann ekki hugsað sér að vera án hunds.

Við undirritun samningsins í gær rifjaði Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra, sem sjálf á hundana Kórak og Tinnu, upp fræga mynd sem tekin var af Erró fyrir nokkrum árum. Var hann með hausinn undir pilsi Ingibjargar Pálmadóttur, þáverandi heilbrigðisráðherra. Siv klæddist buxum í gær. **- bþs**



**Á GÓÐRI STUNDU** Friðgeir Jóhannesson, Erró og Siv Friðleifsdóttir, sem mætti í buxum við undirritunina vegna fyrri prakkarastrika hundsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**KAMPAKÁTIR** Þeir voru glaðhlakkalegir við embættistökuna í Stormont-kastala í Belfast í gær, þeir Ian Paisley og Martin McGuinness. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Samstjórn tekin við á Norður-Írlandi

**Hinn 81 árs gamli mótmælendaprestur Ian Paisley tók í gær við forystu í nýrri heimastjórn Norður-Írlands, þar sem hann og samherjar deila völdum með fyrrum fjendum sínum í Sinn Fein, sem var pólitískur armur Írska lýðveldishersins.**

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Ian Paisley, leiðtogi sambandssinna sem varði áratugum af ævi sinni í baráttu gegn samvinnu við kaþólska minnihlutann á Norður-Írlandi, var í gær kjörinn til að fara fyrir nýrri heimastjórn og deila þar völdum með fyrrverandi fjendum sínum í Sinn Fein, flokki lýðveldissinna.

Paisley, sem er leiðtogi Lýðræðisflokks sambandssinna, DUP, og Martin McGuinness, sem lengi var einn helsti forsprakki Írska lýðveldishersins, voru kjörnir mótatkvæðalaust til að fara fyrir tólf manna samstjórn hinna fyrrum fénda. Markar það mikil tímamót í sögu Norður-Írlands, eftir áratugalangt borgarastríð og pólitíska pattstöðu. Um 3.700 manns liggja í valnum eftir borgarastríðið.

Paisley, sem er 81 árs að aldri, sór eið þar sem hann meðal annars hét því að eiga samstarf við kaþólska og ríkisstjórn Írlands, en hvoru tveggja hefði hinn róttæki mótmælendaprestur lengi lýst sem uppgjöf og svikum.

Þá sór McGuinness, næstæðsti maður Sinn Fein, eið sem næstráðandi í heimastjórninni. McGuinness þurfti í eiðstaf sínum einnig að heita stuðningi við norður-írsku lögregluna og dómskerfi Bretlands, en hvort tveggja kom í áratugi ekki til greina fyrir Sinn Fein.

Í kjölfarið sóru hinir ráðherrarnir tíu sína eiða, en ráðherrastólum er ráðstafað í samræmi við þingstyrk flokkanna. DUP-flokkur Paisleys fékk fimm, Sinn Fein fjóra, flokkur hófsamra sambandssinna í UUP tvo og hófsamir kaþólskir í Jafnaðar- og verkamannaflokknum einn.

Þá héldu þeir hver á eftir öðrum ræður á tröppum Stormont-kastala, aðseturs norður-írska þingsins, Paisley, McGuinness og forsætisráðherrar Bretlands og Írlands, Tony Blair og Bertie Ahern.

Blair, sem fastlega er búist við að muni síðar í vikunni tilkynna um afsögn sína úr embætti, sagði að Írland hefði mátt þola „aldir markaðar af átökum, harðræði og hatri“. Hann sagði að samstjórnin í Belfast byði upp á tækifæri til að „losna loksins úr þessum fjötrum sögunnar“.

**audunn@frettabladid.is**

Neytendasamtökin gagnrýna N1 fyrir að birta ekki eldsneytisverðið á vefnum:

# Lélegri þjónusta við neytendur

**NEYTENDUR** Það kemur sér illa fyrir neytendur að N1 birti ekki upplýsingar um eldsneytisverð á vef sínum, að mati Þuríðar Hjartardóttur, framkvæmdastjóra Neytendasamtakana.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur stjórn N1, sem varð til við sameiningu Bílanausts, Olíufélagsins og fleiri fyrirtækja, ákveðið að birta ekki eldsneytisverð á vef sínum. Öll önnur fyrirtæki sem selja eldsneyti birta sínar verðskrár á netinu, og raunar gerði Olíufélagið það líka fram að sameiningunni.

„Þetta er lélegri þjónusta, það er einfalt mál. Þetta takmarkar þær leiðir sem neytendur geta notað til að afla sér upplýsinga,“ segir Þuríður.

„Það ætti að vera mjög einfalt fyrir fyrirtæki eins og N1 að birta nýja gjaldskrá á heimasíðunni. Ég skil ekki af hverju þeir gera það ekki, nema þeir vilji að neytendur þurfi að hafa fyrir því að bera saman verðið,“ segir Þuríður.

Hún segir netið sífellt verða vinsælli leið til að afla upplýsinga, og margir beri saman verð áður en þeir kaupi eldsneyti. Ef N1 kjósi að birta ekki verðið á vef sínum geti fyrirtækið verið að missa af viðskiptum við þann hóp. **- bj**




**BENSÍNSTÖÐ** Neytendur sem vilja kanna verð á bensínstöðvum N1 þurfa að gera sér ferð fram hjá hverri og einni þar sem upplýsingar um verð eru ekki birtar á vef félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


NÝJUNG Í BANKAVIÐSKIPTUM
GLITNIR
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8131

kópavogsdagar 5.–11. maí 2007

Meðal dagskráratriða í dag, 9. maí:
- **Bókasafn Kópavogs** kl. 10–20. Sýning á óskráðum ljósmyndum af börnum og ungmennum í Kópavogi í eigu Héraðsskjalasafnsins.
- **Gerðarsafn** kl. 11–17. Sýning á myndum eftir Barböru og Magnús Á Árnason og glergluggum Gerðar Helgadóttur.
- **Leikskólinn Álfaheiði** kl. 13. Lífsmennt – kynning á námsefninu.
- **Salurinn** kl. 18. Voruppskera Tónlistarskóla Kópavogs.
- Myndlistarsýningar • leiksýningar • kvikmyndasýning.

**Kynnið ykkur dagskrána nánar á kopavogur.is**

PIPAR • SÍA • 70808-A

Ef eitt álfyrirtæki getur eignast öll álver landsins **hvenær eignast það orkufyrirtækin?**

**Seljum ekki landið.**



Margrét Sverrisdóttir íslenskufræðingur og borgarfulltrúi FYRSTA SÆTI RVK NORÐUR

ÍSLANDSHREYFINGIN lifandi land

www.islandshreyfingin.is

Samfylkingin

# Allir geta lært!

**Samfylkingin vill fjárfesta í menntun á öllum skólastigum. Rannsóknir OECD sýna að eitt viðbótarár í menntun hækkar varanlega landsframleiðslu um þrjú til sex prósent á hvern íbúa að meðaltali.**

**Þetta eykur tekjur íslenska þjóðarbúsins um 40 milljarða króna á ári.**

## Við boðum kröftuga menntasókn um land allt, meðal annars:

1. **Efla verk- og listnám, styrkja námsráðgjöf og fjölga styttri námsleiðum. Með þessu má auka verulega hlutfall þeirra nemenda sem ljúka námi.**
2. **Breyta 30% námslána LÍN í styrk að námi loknu, gera hlutanám lánshæft og greiða námslán mánaðarlega til að spara námsmönnum vaxtakostnað.**
3. **Tryggja framhaldsskólanemum ókeypis námsbækur.**
4. **Hætta samræmdum prófum í núverandi mynd. Reglulegt námsmat komi í staðinn.**
5. **Bæta greiningu og aðstoð við nemendur með leshömlun og aðra námserfiðleika.**
6. **Gjaldfrjálsa menntun frá leikskóla til háskóla.**
7. **Efla framhaldsskóla og samstarfsnet háskóla á landsbyggðinni sem tryggir jöfn tækifæri til náms og styður atvinnuuppbyggingu á hverjum stað.**
8. **Fjölga námstækifærum fyrir þau 40% landsmanna á vinnumarkaði sem ekki hafa framhaldsmenntun.**
9. **Efla íslenskukennslu fyrir innflytjendur svo þeir og börn þeirra njóti sömu tækifæra og aðrir.**
10. **Auka sveigjanleika í skólakerfinu svo hver nemandi finni námsleið við sitt hæfi.**

## Kjósum betri framtíð!

xS

**Kynntu þér stefnuna í heild á www.xs.is**





**KVENHERMENNSKA** Ísraelskur kvenhermaður í fullum herklæðum bíður heræfinga í grennd við Jerúsalem. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný umhverfisvæn símaskrá er komin út og prentuð í 230 þúsund eintökum:

# Margir reiða sig á símaskrána

**FJARSKIPTI** Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Já, afhenti Magnúsi Jóhannessyni, formanni Skógræktarfélags Íslands, fyrsta eintakið af Símaskránni 2007 í gær. Símaskráin er í fyrsta sinn með norræna umhverfismerkinu Svaninum. „Við erum mjög ánægð með nýju símaskrána og stolt af því að fá þennan gæðastimpil. Svanurinn er þekktasta umhverfismerkið á Norðurlöndunum og þýðir að við uppfyllum strangar kröfur um gæði og takmörkuð áhrif á umhverfið með útgáfunni,“ segir Sigríður Margrét og bætir við að í ár hafi verið prentuð 230 þúsund eintök, eins og í fyrra. Samkvæmt könnun sem Já lét gera hjá Capacent Gallup um notkun á Símaskránni nota um níutíu prósent Íslendinga skrána. „Við sjáum þá þróun hérna heima og á hinum Norðurlöndunum að þrátt fyrir betri þjónustu hjá upplýsingasímanum 118 og á heimasíðu okkar reiðir mjög stór hópur sig ennþá á Símaskrána,“ segir Sigríður Margrét og bætir við að fyrir um tíu árum hafi menn spáð því að útgáfa símaskrár myndi líða undir lok vegna tilkomu netsins en reyndin sé önnur. - lbb



**AFHENDINGIN** Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Já, afhendir Magnúsi Jóhannessyni, formanni Skógræktarfélags Íslands, Símaskrána 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Meintir stríðsglæpamenn:

# Önnur handtaka í Noregi

**NOREGUR, AP Fertugur norskur ríkisborgari, sem upprunalega er frá Bosníu-Herzegovínu, var í gær handtekinn grunaður um stríðsglæpi í heimalandi sínu á árinu 1992. Norska lögreglan greindi frá þessu.**

**Þetta er önnur handtakan á meintum stríðsglæpamanni í Noregi á hálfum mánuði.**

**Sá sem handtekinn var í gær kom til Noregs ásamt fjölskyldu sinni árið 1993 og hlaut ríkisborgararétt árið 2001. Hann er grunaður um að hafa átt aðild að stríðsglæpum gegn Bosníu-Serbum á tímabilinu maí til september 1992.** - aa

Stjórnarskráin um forseta:

# Handhafar fara með forsetavald

**STJÓRNMÁL** Geti forseti ekki gegnt störfum vegna sjúkleika fer forsætisráðherra og forsetar Alþingis og Hæstaréttar með forsetavald. Rísi ágreiningur milli þeirra ræður meirihluti.

Vegna læknisrannsókna sem Ólafur Ragnar Grímsson undirgekkst í gær og fyrradag hafa vaknað spurningar um hver veiti umboð til stjórnarmyndunar að loknum kosningum – sé forseti ekki fær um það.

Ekki er fjallað um stjórnarmyndun í stjórnarskránni en ríkisstjórn Íslands er mynduð í krafti þingræðisreglunnar og verður því að njóta stuðnings eða hlutleysis meirihluta þingsins.

Forseti getur – og hefur – falið formönnum flokka að gera tilraun til stjórnarmyndunar, jafnan eftir samtöl við aðra formenn. - bþs

Ósætti komið upp um gerð heimildarmyndar um Bobby Fischer og Sæma rokk:

# Notkun á efni sögð óheimil

**KVIKMYNDIR** Bobby Fischer er ósáttur við handrit og uppbyggingu heimildarmyndar um hann sjálfan og Sæmund Pálsson, Sæma rokk. Friðrik Guðmundsson kvikmyndagerðarmaður hefur óskað eftir fundi til að fá skýringar á yfirlýsingu stuðningshóps Fischers.

Stuðningshópurinn sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem vakin er athygli á ósætti Fischers við þá sem standa að heimildarmyndinni. Þar segir að handrit og uppbygging myndarinnar séu í ósamræmi við það sem rætt hafi verið um í upphafi, og brögð séu í tafli. Því væri það í óþökk Fischers ef innlendir eða erlendir aðilar styddu fjárhagslega við gerð myndarinnar eða tækju hana til sýninga.

Fram kemur í yfirlýsingu hópsins að Fischer hafi aldrei undirritað samning eða leyfi fyrir umræddri heimildarmynd og því sé öll notkun á efni sem tekið hafi verið upp og snerti hans persónu óheimil án hans samþykkis.

„Ég hef ekki verið með nein brögð í tafli heldur hef unnið þetta á einlægum og heiðarlegum nótum,“ segir Friðrik Guðmundsson, sem unnið hefur að heimildarmyndinni frá árinu 2005.

Hann segir að handritið að myndinni sé aðeins til í höfðinu á sér, og því hafi Fischer ekki séð handritið sem hann segist þó ósáttur við. Friðrik óskaði í gær eftir fundi með formanni stjórnar stuðningshópsins til að fá skýringar á því sem fram kemur í tilkynningu hópsins. - bj



**BRÖGÐ Í TAFLI** Bobby Fischer segist ósáttur við handrit og uppbyggingu myndarinnar. Aðstandandi myndarinnar þvertekur fyrir að brögð hafi verið í tafli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Marel hagnast í byrjun árs:

# Velta félagsins tvöfaldaðist

**VIÐSKIPTI** Marel Food Systems hagnaðist um eina milljón evra, tæpar 87 milljónir króna, á fyrsta ársfjórðungi. Félagið hefur tekið stakkaskiptum á undanförnu ári í kjölfar kaupa á AEW Delford og Scanvægt og gengur samlögun félaganna eftir áætlun.

Þannig jókst velta Marels um 123 prósent á milli ára og var 72,2 milljónir evra, um 6,3 milljarðar króna. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) var um 3,2 milljónir evra (278 milljónir), eða um 4,5 prósent af sölu. Töluverður kostnaður féll vegna fjárfestinga Marels í fyrrgreindum félögum en stjórnendur reikna með að einsskiptiskostnaður verði lægri en áður var talið.

Fyrirfram höfðu greiningardeildir reiknað með tapi félagsins á fjórðungnum, upp á eina milljón evra að meðaltali. - eþa






**VOTTUÐ VIRÐING** Frá athöfninni við styttuna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stríðsloka minnst í Eistlandi:

# Blóm við bronshermanninn

**EISTLAND, AP Ráðherrar í ríkisstjórn Eistlands lögðu í gær, í tilefni af 62 ára afmæli stríðsloka í Evrópu, blómsveiga við „bronshermanninn“ svonefnda, umdeilda styttu af sovéskum hermanni sem flutt var frá torgi í miðborg Tallinn inn í hermannagrafreit í borginni.**

**Stjórnin batt vonir við að athöfnin gæti markað upphafið að sáttum milli Eista og rússneskumælandi minnihlutans í landinu, tíu dögum eftir að til óeirða kom vegna flutnings styttunnar.**

**Rússar álíta flutninginn móðgun við minningu hermannanna sem sigruðu heri Hitlers, en Eistar álíta styttuna frekar tákn um hálfrar aldar sovéskt hernám og ok Moskvuvaldsins.** - aa

## LÖGREGLAN

### Brotist inn í Bónus

Brotist var inn í Bónus í Árbæ aðfaranótt þriðjudags. Þjófurinn hugðist stela peningakassa, tóbaki og DVD-myndum en vegfarandi sem átti leið framhjá varð hans var, hringdi í öryggisvörð og hefti för þjófsins þar til lögreglan kom á staðinn og handtók hann.

# Símaskráin 2007

## er komin út...




Myndverk úr hönnunarsamkeppni um forsíðu Símaskrárinnar 2007 eftir *Róbert Einarsson.*

- Símaskránni verður dreift í verslunum Símans og Vodafone, afgreiðslustöðum Flytjanda um land allt og á bensínstöðvum út júní.
- Símaskránni fylgir stækkunargler í plastvasa.
- Símaskráin er nú í fyrsta sinn með norræna umhverfismerkinu Svaninum. Þeir einir fá að nota merkið sem uppfylla strangar kröfur um gæði og takmörkun umhverfisáhrifa.

UMHVERFISMERKI
241 004
PRENTVERK

já
– er svarið




Borgarskjalasafn Reykjavíkur leitar að skjölum vistheimila ríkisins og einkaaðila:

# Tugir leita upplýsinga um sig

**FÓLK** Borgarskjalasafni Reykjavíkur hafa borist fyrirspurnir frá milli 30 og 40 manns sem óska upplýsinga um dvöl sína á opinberum vistheimilum.

Tekist hefur að svara flestum sem dvöldu á vistheimilum á vegum Barnaverndanefndar Reykjavíkur en öðrum er ósvarað þar sem engin eru skjölin.

„Við höfum skjöl Barnaverndarnefndar en ekki heimilanna sjálfra,“ segir Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður sem í vikunni sendi skjalavörðum og bókasafnsfræðingum erindi um hvort þeir viti hvar skjöl um vistheimili væru að finna. Nefnir



SVANHILDUR BOGADÓTTIR

hún Breiðavík, Kumbaravog, Elliðahvamm, Steinahlíð, Bjarg, Skóga undir Eyjafjöllum, Laugarás í Biskupstungum, Löngumýri og Fitjar í Skagafirði og Keldur á Rangárvölllum.

Svanhildur segir skjölin ekki á Þjóðskjalasafninu og veltir fyrir sér hvort þeim hafi verið eytt. Þó kunni eitthvað að leynast í heimahúsum enda sum vistheimilanna starfrækt af félagasamtökum. Hafi fólk upplýsingar um skjöl biður hún það um að hafa samband við sig á Borgarskjalasafninu.

„Við fáum fyrirspurnir frá fólki sem var í vistun jafnvel um árabil og því finnst skrítið að ekki finnist um það stafkrókur,“ segir Svanhildur.

Mikil vinna hefur farið í verkið hjá Borgarskjalasafni og segir Svanhildur það taka allt frá nokkrum klukkustundum upp í marga daga að leita upplýsinga svo að svara megi fólki. - bþs

# Rætt um framseljanlegar veiðiheimildir

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur hleypt af stað umræðu meðal hagsmunaaðila í sjávarútvegi í aðildarríkjunum um leiðir til að bæta fiskveiðistjórnunarkerfi þeirra, með sérstöku tilliti til kerfa með framseljanlegum veiðiheimildum.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur hleypt af stað umræðu með þátttöku hagsmunaaðila í sjávarútvegi í aðildarríkjunum um það hvernig mögulegt sé að betrumbæta fiskveiðistjórnun í sambandinu. Er þar sérstaklega litið til þess að rannsaka kosti og galla kerfa með framseljanlegum veiðiheimildum, með það í huga að slík kerfi verði tekin upp sem víðast.

Þórólfur Matthíasson, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands, sem var meðhöfundur að norsk-íslenskri skýrslu um endurskoðaða sjávarútvegsstefnu ESB sem út kom árið 2003, segir að „ef það er til alvarlegrar umræðu innan Evrópusambandsins að taka upp framseljanlega kvóta í sjávarútveginum þá er það eitthvað sem myndi gjörbreyta upphafsstöðu Íslands í aðildarviðræðum“.

Val á fiskveiðistjórnunarkerfi er á valdi hvers aðildarríkis fyrir sig. En framkvæmdastjórnin vill víðtæka umræðu um það hvernig veiðiheimildum er úthlutað, hvort sem þar er um kvóta- eða sóknarstýringu að ræða, í því skyni að komast nær niðurstöðu um það hvaða kerfi skilar bestum árangri.

Framkvæmdastjórnin leggur mat á hin ýmsu kerfi í skjali sem hún lagði fram í lok febrúar, með tilliti til þess hversu vel þau gagnast til að uppfylla markmið sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar. Skjalinu er ætlað að þjóna sem grundvöllur fyrir umræðuna. Hún á að standa yfir allt þetta ár og framkvæmdastjórnin hyggst taka málið aftur upp í byrjun næsta árs.

„Ég vil tryggja að þessi skýrsla leiði til víðtækrar umræðu um það hvernig fiskveiðiréttindi hafa þróast innan sambandsins og það hlutverk sem þau geta gegnt við að koma á sjálfbærum fiskveiðum,“ sagði Joe Borg, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórninni. „Þessi umræða mun hjálpa til við að varpa ljósi á valkostina sem aðildarríkjunum standa til boða til að betrumbæta fiskveiðistjórnunarkerfi sín. Þannig er þetta mikilvægur þáttur í viðleitni okkar til að bæta fiskveiðistjórnun sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar,“ sagði Borg.

Markmiðið er að með umræðunni um kerfi með framseljanlegum veiðiheimildum séu kannaðar leiðir til að auka á gegnsæi slíkra kerfa, auka lagalegt öryggi og ná fram hagræðingu, sem einnig felur í sér að lágmarka kostnað fyrir samfélagið í heild.

Því á umræðan einnig að beinast að neikvæðum hliðum slíkra kerfa, svo sem að veiðiheimildir safnist á fárra hendur á kostnað smærri útgerðarstaða, og hvernig hægt er að mæta þeim.

audunn@frettabladid.is



**VILJA BÆTA FISKVEIÐISTJÓRNUN** Tilgangurinn er að nálgast markmiðið um sjálfbærar fiskveiðar í lögsögu ESB. NORDICPHOTOS/AFP

## JÁKVÆTT AÐ BÆTA FISKVEIÐSTJÓRNUN

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir það vera mjög jákvætt ef ESB nær að bæta fiskveiðistjórnun með heildstæðum hætti. „Það myndi hjálpa okkur ef orðspor sjávarútvegs í heild myndi batna. Það má taka sem dæmi að þegar verið er að hvetja fólk til að kaupa ekki þorsk er það að stórum hluta vegna ástandsins á þorskstofninum í Norðursjó. Við verðum fyrir tjóni þess vegna.“

Friðrik segir að ESB reyni með reglulegu millibili að endurskoða sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna en það hafi jafnan skilað litlum árangri.

Björn Ingi Hrafnsson, formaður fjölskyldunefndar ríkisstjórnarinnar:

# Hlakka til að funda með Björk

**STJÓRNMÁL** „Ég hlakka til að funda með Björk,“ segir Björn Ingi Hrafnsson, formaður fjölskyldunefndar ríkisstjórnarinnar. Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi hefur skrifað honum opið bréf, þar sem hún segir að þrettán mánuðir séu frá síðasta fundi nefndarinnar. Óski hún eftir fundi, enda ekki seinna vænna þar sem örfáir dagar séu til kosninga.

„Fjölskyldunefnd er vettvangur innan ríkisstjórnarinnar, sem hefur fjallað um mörg mál sem hafa orðið að veruleika á kjörtímabilinu, meðan nefndin var að störfum,“ segir Björn Ingi, sem



BJÖRN INGI HRAFNSSON

kveður nefndina ekki endilega hafa verið setta á laggirnar til að koma með beinar tillögur sjálf. „Sem dæmi um framgang mála má nefna ættleiðingarstyrki. Þá höfum við rætt mikið um tólf mánaða fæðingarorlof, sem mér sýnist vera komin breið samstaða um að verði að veruleika á næstunni. Við höfum rætt um gjaldfrelsi í leikskólum, samþættingu skóla, frítíma og vinnudags og nú er Reykjavíkurborg að fara af stað með fjórutíu þúsund króna frístundakort fyrir börn á aldrinum sex til átján ára.“

Björn Ingi kveður nefndina hafa staðið að rannsóknum, ásamt fleirum, að hag og velferð fjölskyldunnar.

„Sjálfsagt má deila um hvort fundirnir séu nógu margir eða ekki, en aðalatriðið er að það er alltaf verið að vinna að því að gera Ísland fjölskylduvænna samfélag.“ - jss

www.lyfja.is

# ESTĒE LAUDER

# Gjöfin þín í Lyfju

## Dagana 9. – 16. maí

### ef þú kaupir Estée Lauder vörur fyrir 4.200 eða meira færðu:*

- Advanced Night Repair – viðgerðardropa, 10 daga skammt
- Advanced Night Repair – augnkre, 7 daga skammt
- Pure Color varalit – fulla stærð
- Tender Blush – mjúkan og góðan kinnalit
- Magnascopic mascara – 10 daga skammt af maskara sem þykkir augnhárin 300%
- Fallega snyrtitösku

Verðgildi gjafarinnar er kr. 9.500

*Meðan birgðir endast





## Við mælum með:

- ESTĒE LAUDER Projectionist
- High Definition Volume Mascara
- Leikræn tilþrif á hverju einasta augnhári

Nú getur þú lengt augnhárin, gert skarpari skil og skapað geislandi augnumgerð. Volumairel-formúlan þéttir án þess að þyngja og skerpir umgerðina. Og „ProDefinition brush" sér til þess að hvert einasta augnhár fær fyllstu athygli þína. Og annarra. Á hverjum degi.

Fæst í 4 litum.

Ath. Gjöfin fæst aðeins í Lyfju Lágmúla, Lyfju Smáratorgi og Lyfju Laugavegi

LYFJA

- Lifið heil

## SVONA SAFNAR ÞÚ GLITNISPUNKTUM

- Kreditkortanotkun
- Gullvild og Platínum
- Bílalán hjá Glitni Fjármögnun
- Viðbótarlífeyrissparnaður
- Eignastýring
- Einkabankaþjónusta
- Tryggingar hjá Sjóvá

og margt fleira

## SVONA NOTAR ÞÚ GLITNISPUNKTANA

- Útborgun í peningum
- Ferðalög
- Innborgun á sparnað
- Góðgerðamál

og margt fleira

# NÝJUNG Í BANKAVIÐSKIPTUM

Vildarklúbbur Glitnis er nýtt tryggðarkerfi fyrir viðskiptavini Glitnis. Meðlimir í Gullvild og Platínum geta skráð sig í klúbbinn og safnað verðmætum Glitnispunktum fyrir það eitt að vera í viðskiptum.

**Vildarklúbbur Glitnis margborgar sig ... punktur!**

# VILDARKLÚBBUR GLITNIS

SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

Þeir sem skrá sig fyrir 17. júní fá 10.000 Glitnispunkta strax!

GLITNIR

**Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útbúi eða hjá Þjónustuveri í síma 440 4000.**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8131





Orkusetur setur upp reiknivél sem reiknar orkusparnað vegna hjólreiða:

# Sláandi tölur um mengun

**HJÓLREIÐAR** Sigurður Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs, hefur útbúið reiknivél sem reiknar út hve mikið sparast hjóli maður í vinnuna. Með því að fylla inn réttar upplýsingar fást tölur um orkusparnað, peningasparnað og hitaeiningabruna.

„Ég hef sett ýmsar reiknivélar í loftið í gegnum tíðina og langaði að leggja mitt af mörkum í verkefninu Hjólað í vinnuna,“ segir Sigurður. Reiknivélina má nálgast á heimasíðu Orkuseturs. Þar setur maður inn upplýsingar um hversu langt er hjólað og hversu margar ferðirnar eru. Þá er einnig tekið fram hvers konar bifreið er skilin eftir heima. Reiknivélin tekur að auki tillit til bensínverðs sem og líkamsþyngdar hjólreiðamannsins svo hægt sé að reikna út hversu mörgum hitaeiningum er brennt.

„Ég hef lengi verið talsmaður þess að menn brenni líkamsfitu í stað jarðefnaeldsneytis,“ segir Sigurður og bætir því við að mörgum þyki sláandi að sjá tölurnar um útblásturinn sem sparast með því að hjóla.

Maður sem hjólar fimm kílómetra til vinnu, fimm daga vikunnar (10 km á dag) og skilur eftir heima beinskipta bifreið af tegundinni Toyota Yaris með 1497 cc slagrými sparar 3,5 lítra af bensíni og þar með um 400 krónur. Færi hann á bílnum myndi hann losa 8,2 kíló af koltvíoxíði. Sé maðurinn 80 kg á þyngd má hann einnig búast við því að brenna um 1.692 hitaeiningum. **- þo**



**UMHVERFISVÆNT** Það er umhverfisvænt og heilsusamlegt að brenna líkamsfitu í stað jarðefnaeldsneyta. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Sjö öryrkjar vinna frumkvöðlaverkefni

**Sjö öryrkjar sem reynslu hafa af því að vera með geðsjúkdóm starfa nú að ákveðnu frumkvöðlaverkefni. Það byggir á þjónustusamningi AE starfsendurhæfingar og félagsmálaráðuneytisins. Öryrkjarnir eru allir í 25 prósent starfi.**

**FÉLAGSMÁL** Sjö öryrkjar, sem allir hafa reynslu af því að vera með geðsjúkdóm, starfa nú að sérstöku nýsköpunarverkefni á vegum AE starfsendurhæfingar og félagsmálaráðuneytisins. Um 25 prósenta starf er að ræða. Verkefnið byggir á þjónustusamningi ráðuneytisins og AE starfsendurhæfingar, sem rekur Hlutverkasetur í samvinnu við samtökin Hugarafl.

„Um er að ræða gæðaþróunarverkefni sem kallað er Notandi spyr Notanda, eða NsN,“ segir Kristjana Milla Snorradóttir iðjuþjálfi, sem starfar hjá Hlutverkasetrinu. „Að því starfa tveir iðjuþjálfar og umræddir sjö einstaklingar sem hafa reynslu af því að vera með geðsjúkdóm. Þessir sjö einstaklingar eru öryrkjar en eru ráðnir hjá Hlutverkasetrinu í 25 prósenta starf hver. Miðað er við það starfshlutfall því bæði er vinnuúthald þessara einstaklinga minna, eftir langa fjarveru frá vinnumarkaði, og svo er þetta viðmiðið sem þeir geta unnið án þess að til tekjuskerðingar á vegum ríkisins komi.“

Kristjana Milla segir Hlutverkasetrið vera fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem hafi það að markmiði að ráða til sín fólk sem misst hafi hlutverk og sé á örorku.

„Markmið okkar er að skapa einstaklingum sem misst hafa starfshlutverk tækifæri til þess að skapa sér hlutverk og auka lífsgæði. Það gefur lífinu gildi og tilgang, eins og glögglega hefur komið fram hjá starfsfólki okkar, að vakna á morgnana og sinna verkefni sem hefur markmið, upphaf og endi. Þessi hópur er að skila einhverju mikilvægu af sér.“

Kristjana Milla segir enn fremur að um nýsköpunarverkefni og frumkvöðlastarf á Íslandi sé að ræða, sem unnið sé eftir valdeflingu og á jafningjagrunni.

„Við teljum að við séum að gefa einstaklingum á örorkubótum aukið val, tækifæri til þátttöku og möguleika til að vaxa,“ bætir hún við. „Verkefnin sem sköpum tengjast starfsfólki okkar beint, þar sem það fær að nýta eigin styrkleika og reynslu með því að leita í þann mikla þekkingarbrunn sem einstaklingarnir luma á. Með þátttökunni eflast þau í starfshlutverkinu og við fjölgum þátttakendum á atvinnumarkaðinum.

Félagsmálaráðuneytið hefur með gerð samningsins tekið stórt og merkilegt skref í þá átt að gefa öryrkjum tækifæri og fjölga þeim á atvinnumarkaði, sem til lengri tíma litið eykur lífsgæði og sparar ríkinu fjármuni.“

**jss@frettabladid.is**



**BIÐIN Á ENDA** Hlutverkasetrið er fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem hefur það að markmiði að ráða til sín fólk sem misst hefur hlutverk og er á örorku. Myndin er sviðsett.


## Eldri borgarar 60+

### Byrjendur

30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.



Kennsla hefst 16. maí og lýkur 11. júní. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16.
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

### Framhald I

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 15. maí og lýkur 7. júní. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16.
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

Átak í Kína gegn sóðaskap:

## Sektir fyrir hráka og rusl

**KÍNA AP** Ósiðir á almannafæri eru yfirvöldum í Kína mikið áhyggjuefni nú í aðdraganda Ólympíuleikanna í Peking. Stjórnvöld hafa tekið upp á því að sekta borgarbúa fyrir að hrækja á almannafæri og voru fimmtíu manns sektaðir í síðustu viku.

Markmiðið með sektunum er að bæta ímynd landsins og siða landsmenn til. Fulltrúar borgarinnar heimsóttu helstu ferðamannastaði borgarinnar og deildu út meira en tíu þúsund ruslapokum. Einnig hafa leigubílstjórar og starfsmenn hótela og gististaða fengið kennslu í ensku og mannasiðum. - lbb



**ÖRYGGI OFAR VOPNAHLÉI** Rohitha Bogollagama, utanríkisráðherra Srí Lanka.

Árás gerð á Tamíltígra:

## Nýir vopnahléssamningar?

**SRI LANKA, AP** Stjórnarher Srí Lanka gerði á mánudag loftárás á eina bækistöð Tamíltígra og viðurkenndi í kjölfarið að semja þyrfti upp á nýtt um vopnahlé milli stríðandi fylkinga í landinu. Vopnahléð hefði reglulega verið brotið á báða bóga og öryggi þjóðarinnar væri mikilvægara en vopnahlé.

Vopnahléinu var komið á fyrir milligöngu norskra erindreka árið 2002. Síðan hafa árásir verið tíðar en samt segjast stríðandi aðilar hafa virt vopnahléið og einungis gripið til árása til að svara öðrum árásum.

Um tugur íslenskra friðargæsluliða er enn að störfum í eftirlitssveitunum með vopnahléinu. - sh

Dæmdur í 45 daga fangelsi:

## Reif í hár konu og sneri niður

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið, fyrir líkamsárás.

Maðurinn reif í hár konu á skemmtistað, sneri hana niður í gólfið og tók hana hálstaki. Konan tognaði á hálsi og fékk vægan heilahristing. Maðurinn játaði brot sitt fyrir dómi Hann hafði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Með vísan til þess þótti dómnum rétt að skilorðsbinda refsinguna til tveggja ára.- jss

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

BARÁTTUHÁTÍÐ VINSTRI GRÆNNA

GRENSÁSVEGI 16A
Í KVÖLD 9. MAÍ KLUKKAN 20.30

Ögmundur Jónasson, Katrín Jakobsdóttir og
Kolbrún Halldórsdóttir flytja baráttuæður

Villi Naglbítur syngur
Hljómsveitin Bardukha slær á létta strengi
Birgitta Jónsdóttir les ljóð við undirleik Hjörleifs Valssonar
Fjöldasöngur
Ásta Arnardóttir sýnir ljósmyndir úr náttúru Íslands

KRAFTUR, HUGSJÓN OG BARÁTTUGLEÐI
Allir velkomnir!

FYLGSTU MEÐ GLITNIS PUNKTUNUM SAFNAST UPP Í NETBANKA GLITNIS
GLITNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8131

## „ORÐRÉTT“

### Maðurinn sem Framsókn hafnaði

**„Við höfðum strax samband við Hjálmar [Árnason] vegna þess að reynsla hans á eftir að skipta sköpum í þessu starfi.“**

ÁRNI SIGFÚSSON, FORMAÐUR STJÓRNAR STARFSGREINATENGDS FAGSKÓLA Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI.

**Fréttablaðið 8. maí**

### Eins og í borgarstjórn?

**„Framsóknarflokkurinn fer ekki í ríkisstjórn, hvorki til hægri né vinstri, ef fylgið fer ekki hækkandi. Við munum einfaldlega taka mið af dómi kjósenda.“**

JÓN SIGURÐSSON FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS

**Fréttablaðið 8. maí**

tilveran *nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR FYRRVERANDI RÁÐHERRA

# Spáir Eika og Framsókn góðu gengi



„Úti er tíu stigi hiti og sólskin,“ segir Ingibjörg Pálmadóttir, framkvæmdastjóri Velferðarsjóðs barna og fyrrverandi ráðherra, spurð hvað sé að frétta. Ingibjörg gæti hugsað sér nokkrar gráður í viðbót á hitamælinn og aðeins fleiri prósent í fylgi Framsóknarflokksins en skoðanakannanir gefa til kynna. „Því er ekki að neita að ég vildi að félögum mínum í Framsókn gengi aðeins betur,“ segir hún. „Það er öðruvísi að fylgjast með frá hliðarlínunni, en ég vildi að þeim gengi betur að koma boltanum í markið. En þetta er auðvitað eins og lífið sjálft, upp og niður.“

Hjá Velferðarsjóði barna er í nógu að snúast að sögn Ingibjargar, til dæmis að borga út sumargjafir til barna. „Við erum að dreifa tólf milljónum til barna, sem njóta þess á ýmsan hátt, til dæmis í sumardvalir og íþróttanámskeið. Það er afskaplega gefandi að taka þátt í svona starfi.“

Ingibjörg hefur hugsað sér að fylgjast bæði með Eurovision og kosningavökunni á laugardagskvöld. Spurð hvorum hún spái meiri velgengni, Eiríki Hauksyni eða Framsóknarflokknum, segist hún standa með þeim báðum. „Ég held að þeim eigi báðum eftir að ganga vel. Mér finnst lagið hans Eiríks dálítið gott,“ segir Ingibjörg en þorir ekki að segja til um hvort Eiki sé framsóknarmaður.

## ÓPERA Á ÍTALÍU:
### STERKAR HEFÐIR



Samkvæmt ítalskri hefð hrópa óperugestir bravo, brava, bravi eða brave, allt eftir fjölda og kynferði þeirra söngvara sem verið er að fagna hverju sinni. Þeir hrópa BRAVO þegar þeir fagna karlsöngvara. Síðan er hrópað BRAVA þegar söngkonu er fagnað og þegar fagna á karli og konu, tveimur körlum eða kór þykir BRAVI viðeigandi upphrópun. Þegar konurnar eru tvær eða fleiri er hins vegar hrópað BRAVE.

## SJÓNARHÓLL
### MEGRUNARLAUSI DAGURINN

### Þörf áminning

Megrunarlausi dagurinn 6. maí er alþjóðlegur baráttudagur gegn megrun, átröskun og fordómum í garð feitra.



BRYNJA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR

„Ég get ekki sagt að ég hafi haldið upp á Megrunarlausa daginn þar sem ég var ekki í megrun þann dag frekar en aðra daga. Lífið er allt of stutt til þess að eyða tímanum í að glápa á vigtina og drekka duftsjeika í þeirri von að léttast um einhver kíló,“ segir Brynja Björk Garðarsdóttir, blaðamaður hjá Mannlífi. „Auðvitað er mikilvægt að stunda holla lífshætti og ég geri það enda þykir mér vænt um líkama minn og vil hugsa vel um hann. En megrun er óhollusta, bæði fyrir líkama og sál. Mér finnst þessi dagur þrælsniðugur og góð áminning til allra um að stressa sig ekki á því hvað við erum þung. Það er margt mikilvægara í lífinu en að passa í minnstu stærðirnar. Megrunarlausi dagurinn minnir okkur líka á þann fjölda fólks sem berst við átröskun á hverjum degi. Það er ágætt að benda á það að þessi hræðilegi sjúkdómur á oft upptök sín í megrunarkúrum og þrýstingi frá samfélaginu um að falla að einhverri staðalímynd.“

vísir

# Gaurar með ADHD í Vatnaskógi

**í ágúst munu sumarbúðir KFUM í Vatnaskógi vinna spennandi verkefni í samvinnu við ADHD samtökin og velferðarsjóð barna. Verkefnið nefnist Gauraflokkur og er sumarbúðaflokkur sérstaklega sniðinn fyrir 10 til 12 ára drengi með ADHD.**

„Okkur fannst vanta einhvers konar tómstundaúrræði fyrir þessa krakka og langaði að bjóða þeim upp á dvöl í Vatnaskógi sem væri sérstaklega sniðin að þeirra þörfum,“ segir Bóas Valdórsson, sálfræðingur á BUGL, en hann er einn forsvarsmanna verkefnisins.



**BÓAS VALDÓRSSON** Bóas segir að umhverfið í Vatnaskógi henti drengjum með ofvirkni og skyldar raskanir vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gert er ráð fyrir að tekið verði á móti um 70 drengjum í vikunni eftir verslunarmannahelgina og fá þeir að njóta lífsins í Vatnaskógi í sex daga. Meðan á dvölinni stendur verður unnið markvisst með vandamál drengjanna í gegnum leik og starf. Hreyfing og útivera verða í fyrirrúmi en ramminn verður skýr og föst regla á hlutunum, sem hentar drengjum með ADHD vel.

„Við höfum í samvinnu við ADHD samtökin unnið að því að móta starfið,“ segir Bóas og bætir því við að allt krefjist þetta aukins mannafla. „Í þessum hópi verða talsvert færri drengir en við eigum að venjast í Vatnaskógi en á móti kemur að starfsmennirnir verða helmingi fleiri. Þetta starfsfólk sækir sérstakt námskeið áður en hópurinn kemur og verður vel undirbúið. Við fengum styrk frá Velferðarsjóði barna, sem gerir okkur kleift að ráða aukinn mannafla án þess að kostnaðurinn rjúki upp,“ segir Bóas en dvöl í Gauraflokknum mun ekki kosta meira en hefðbundin dvöl í Vatnaskógi.

Að sögn Bóasar hafa viðbrögð við Gauraflokknum verið góð enda veit hann ekki til þess að áður hafi verið boðið upp á sérstakar sumarbúðir fyrir drengi með ofvirkni og skyldar raskanir.

Skráning er hafin og allar nánari upplýsingar um sumarbúðirnar má nálgast á vefslóðinni: www.kfum.is/gauraflokkur.

thorgunnur@frettabladid.is



**ALLS EKKI HREINIR** Það er margt hægt að gera í Vatnaskógi og alls ekki gerð krafa um að strákarnir séu alltaf hreinir og fínir.



**ÓVART Í BAÐ** Það getur verið svolítið kalt að tapa í koddaslagnum, en hressandi í góðu veðri að skella sér í snöggt bað.




FineFlow 4150
Alhliða flotefni.
Þykktarsvið: 5-30 mm
25 kg Kr. 1.658,-



ABS 4630
Frábært frostþolið Durolit útiflot
með mikla yfirborðshörku
25 kg Kr. 3.390,-



Deka Hrað
hraðharðnandi
viðgerðarblanda
25 kg Kr. 2.110,-



Grov Beton
Gróf múrblanda fyrir allar viðgerðir
og niðursteypu á pallastaurum
25 kg Kr. 999,-



Deka Fiber
firnasterkur
trefjastyrktur múr
25 kg Kr. 1.675,-


Deka Akryl
alhliða akrylgrunnur
1 líter Kr. 653,-

Opið mán. - fös. kl. 8-18
laugardaga 9-17

Hágæða múrvörur og flot fyrir allar aðstæður

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!




Njóttu þess að vera í Vörðunni

## Svona erum við

> Fjöldi nemenda í Flugskóla Íslands




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** STJÓRNMÁL Á NORÐUR-ÍRLANDI

# *Tímamót í stjórnmálasögu Norður-Írlands*

Tímamót urðu í stjórnmálasögu Norður-Írlands í gær þegar andstæðar fylkingar sambandssinna og lýðveldssinna, sem lengi hafa eldað grátt silfur, mynduðu heimastjórn á Norður-Írlandi. Sambandssinnar, sem eru mestmegnis mótmælendur, vilja að Norður-Írland verði áfram hluti af Bretlandi en lýðveldissinnar, sem eru mestmegnis kaþólikkar, vilja að Norður-Írland sameinist Írlandi.

**Hver er uppruni deilunnar?**
Allt frá 13. öld voru uppreisnir tíðar á Írlandi gegn breskri yfirstjórn á eyjunni. Andstaðan náði hámarki með páskabyltingunni árið 1916 sem leiddi til borgarastyrjaldar og í kjölfarið mynduðu 26 sýslur á Írlandi eigið ríki meðan sex sýslur í norðurhluta eyjunnar tilheyrðu áfram Bretlandi. Kaþólikkar voru í minnihluta í norðursýslunum og sættu mismunun af hendi meirihluta mótmælenda varðandi störf og húsnæði meðal annars.

**Hvenær hófust átök kaþólikka og mótmælenda?**
Árið 1969 brutust út ofbeldisfull átök á milli kaþólikka og mótmælenda út frá kröfugöngum kaþólikka fyrir auknum borgaralegum réttindum. Bretland sendi hermenn til að stilla til friðar en þeim lenti fljótlega saman við Írska lýðveldisherinn, sem barðist gegn yfirráðum Bretlands. Herskáir hópar sambandssinna blönduðu sér einnig í átökin. Þegar ástand tók að versna var þing Norður-Írlands leyst upp og bein stjórnun frá Bretlandi tekin upp.



**Hvenær varð friður í sjónmáli?**
Snemma á tíunda áratugnum fóru fram viðræður milli stjórnmálaflokka á Norður-Írlandi og breskra og írskra stjórnvalda. Árið 1998 var friðarsamkomulagið sem kennt er við föstudaginn langa undirritað. Í því er kveðið á um framkvæmdavald á Norður-Írlandi þar sem ráðuneytum verði skipt eftir flokksstyrk og að þing verði kosið. Framsal valdstjórnunar frá Bretlandi hefur þó verið dregið til baka nokkrum sinnum síðan.

**SPURT & SVARAÐ**
**ELDSNEYTISVERÐ Á NETINU**

## *Upplýsingum haldið frá neytendum*



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON**
Framkvæmdastjóri

Fyrirtækið N1 tók nýverið þá ákvörðun að birta ekki upplýsingar um verð á eldsneyti á vef sínum. Öll önnur olíufélög birta slíkar upplýsingar á sínum heimasíðum, og það gerði Olíufélagið líka fyrir sameininguna.

**Af hverju gerir Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) athugasemd við þessa ákvörðun N1?**
Netnotkun er það almenn að neytendur nota gjarnan þessa leið til að afla sér upplýsinga um verð þjónustu og gæði. Svo er það hin hliðin, við búum í samfélagi þar sem upplýsingagjöf og opin samskipti eru alltaf að aukast og batna. Þessi ákvörðun N1 er afturför.

**Telur þú að neytendur fari á netið áður en þeir kaupa bensín?**
Það er töluvert um það að fólk geri það. Þá eru neytendur líka meðvitaðir um verðið. Það er verið að halda upplýsingum frá fólki, sem er mikil afturför í nútíma upplýsingasamfélagi.

# Gríðarlegur munur á verðmati

**Fimmtíu prósenta hlutur Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun var um áramót seldur til ríkisins á þrjátíu milljarða króna. Fimmtán prósenta hlutur ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja verður líklega seldur á 7,6 milljarða til fjárfestingarfélagsins Geysir Green Energy. Er þessi munur eðlilegur?**

Fyrir rúmlega fjórum mánuðum seldu Reykjavíkurborg og Akureyrarbær fimmtíu prósenta hlut í Landsvirkjun fyrir þrjátíu milljarða króna. Fyrir nokkrum vikum átti fjárfestingarfélagið Geysir Green Energy hæsta tilboð í fimmtán prósenta hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, upp á 7,6 milljarða króna. Reykjanesbær á forkaupsrétt á réttinum en bærinn ætlar ekki að nýta sér hann, að sögn Árna Sigfússonar bæjarstjóra. „Við erum ánægð með aðkomu Geysis að Hitaveitunni og fögnum henni,“ sagði Árni.

Þessi viðskipti gefa tilefni til þess að skoða hvort hugsanlegt sé að verðmatið sem lá til grundvallar er helmingshluti í Landsvirkjun var seldur hafi verið óeðlilega lágt.



**VIRKJANAFRAMKVÆMDIR VIÐ KÁRAHNJÚKA** Sérfræðiþekking sem byggst hefur upp hröðum skrefum hefur samfara rannsóknum og virkjanaframkvæmdum á undanförnum árum, er að mati sérfræðinga gríðarlega eftirsótt hjá fjárfestum. Hátt verð sem fékkst fyrir fimmtán prósenta hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja gefur sterka vísbendingu um hvernig menn meta framtíðarmöguleika íslenskra orkufyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Ólíku saman að jafna**
Grundvallarmunur er á viðskiptunum með hlutinn í Landsvirkjun annars vegar og í Hitaveitu Suðurnesja hins vegar. Hluturinn í Landsvirkjun var seldur frá sveitarfélögum til ríkisins og helst því áfram í eigu opinbers aðila. Heildarverðmæti Landsvirkjunar, samkvæmt matinu sem lá til grundvallar þegar ákveðið var að selja hlutinn, var rúmlega sextíu milljarðar. Eigið fé Landsvirkjunar var 61,1 milljarður um áramót en eigið fé Hitaveitunar á sama tíma um fimmtán milljarðar.

Sé mið tekið af söluverði hlutar ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja er heildarverðmæti fyrirtækisins tæplega 51 milljarður. Greiðsluverðið fyrir hlutinn nemur um 3,4 krónum á hverja krónu eigin fjár en í tilfelli viðskipta með hlutinn í Landsvirkjun greiddi ríkið rétt tæplega eina krónu fyrir hverja krónu eigin fjár.

**MIKILVÆG ATRIÐI TENGD VIÐSKIPTUNUM**

■ Eigendur í Hitaveitu Suðurnesja eru Reykjanesbær með 40 prósent hlut, Hafnarfjarðarbær 15,4 prósent, Grindavíkurbær átta prósent, Vestmannaeyjabær 6,9 prósent, Sandgerðisbær 5,3 prósent, Garður 4,6 prósent, Vogar 2,7 prósent, Árborg 1,4 prósent og Kópavogsbær með 0,2 prósent. Geysir Green Energy tekur síðan yfir 15,2 prósenta hlut ríkisins innnan skamms.

■ Íslenska ríkið er að eigandi Landsvirkjunar að fullu. Málefni fyrirtækisins eru nú undir fjármálaráðuneytinu en voru áður undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Enginn stjórnmálaflokkanna sem er í framboði hefur lýst yfir vilja til þess að einkavæða Landsvirkjun.

Þetta þýðir að meira en þrefalt hærra verð var greitt fyrir hverja krónu eigin fjár í Hitaveitu Suðurnesja en í Landsvirkjun. Í viðskiptalífinu nefnist mat af þessu tagi innra verð.

**Gríðarleg eftirspurn**
Tilboð Geysis í hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja gefur vísbendingu um gríðarlega eftirspurn einkafyrirtækja eftir því að komast að orkuiðnaðinum. „Öll skilyrði eru ákjósanleg, akkúrat núna, fyrir því að einkavæða orkufyrirtækin enda gríðarleg eftirspurn eftir þekkingunni úti í hinum stóra heimi,“ sagði Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, í ræðu á viðskiptaþingi fyrir nokkru. Líklegt má telja að viðhorfið sem Sigurjón gerði grein fyrir endurspegli mikla ágirnd einkafyrirtækjanna eftir því að komast í auknum mæli að orkuiðnaðinum, sem nær alfarið er á höndum fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga.

Fjárfestar horfa meðal annars til þess að geta nýtt sífellt verðmætari sérfræðiþekkingu, sem hefur byggst hratt upp hér á landi samhliða rannsóknum og virkjanaframkvæmdum, til þess að herja á erlenda markaði. Mikil eftirspurn er á erlendum mörkuðum eftir þekkingu af því tagi sem hér hefur byggst upp og hefur Geysir meðal annars hug á því að skoða stöðuna erlendis.

**Umdeilt verðmat**
Þessi gríðarlega eftirspurn viðskiptalífsins beinir spjótum að því hvort þekking Landsvirkjunar og virkjanaréttindi hafi hugsanlega verið vanmetin í matinu sem mið var tekið af er hluturinn var seldur til ríksins. Borgarstjóri og bæjarstjóri Akureyrar hafa neitað því alfarið, en fulltrúar minnihlutans í borgarstjórn og bæjarstjórn Akureyrarbæjar töldu of lágt verð hafa verið greitt fyrir hlutinn.

Fyrir liggur að Landsvirkjun er margfalt stærra fyrirtæki en Hitaveita Suðurnesja. Bæði fyrirtækin standa í miklum virkjanaframkvæmdum; Landsvirkjun á Kárahnjúkum í stærstu framkvæmd Íslandssögunnar og Hitaveitan í Reykjanesvirkjun sem einnig er stór virkjanaframkvæmd.

Verðmæti fyrirtækjanna liggja því að miklu leyti í framkvæmdum sem eiga eftir að skila miklum tekjum í framtíðinni.

**Pólitík og viðskipti**
Pólitísk sátt náðist um söluna til Landsvirkjunar að lokum á milli stjórnvalda, borgarstjórnar og bæjarstjórnar Akureyrar. Grundvallarmunur viðskiptanna með hlutinn í Landsvirkjun og Hitaveituna snýr að því að pólitík ræður för í tileflli Landsvirkjunar en ekki í tilfelli Hitaveitunnar. Þar ræður hæsta boð því hvað ríkið fær í sinn hlut.

Þessi grundvallarmunur leiðir það meðal annars í ljós, að mati fjölda sérfræðinga sem rætt var við er þessi fréttaskýring var unnin, að ekki hafi verið nægilega horft til framtíðarmöguleika Landsvirkjunar í verðmatinu sem lá til grundvallar, þar sem eftirspurnin eftir sérfræðiþekkingu og virkjanaréttindum, sem fyrirtæki á marakaði horfa til, hefur ekki áhrif á matið til hækkunar. Í tilfelli Hitaveitunnar telja sérfræðingar hátt verð hafa komið á óvart, en það sýni öðru fremur spennuna sem sé einkennandi eftir því að komast inn á orkumarkaðinn.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

Kaupþing | Lýsing

ICELANDAIR GROUP

**Icelandair Group hf., kt. 631205-1780, hefur gefið út lýsingu vegna skráningar víxla að fjárhæð ISK 6.240.000.000 sem Kauphöll Íslands hefur samþykkt fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins og gert aðgengilega almenningi frá og með 9. maí 2007.**

Eftirfarandi víxlaflokkur hefur verið gefinn út:

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 6.240.000.000 var gefinn út þann 31. janúar sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands IAIR 08 0131 og verða þeir skráðir í Kauphöll Íslands þann 9. maí 2007. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 31. janúar 2008.

Lýsingu er hægt að nálgast hjá útgefanda Icelandair Group hf., Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík og á vefsetri útgefanda Icelandair Group hf. www.icelandairgroup.is. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 9. maí 2007

KAUPÞING

NISSAN 4x4



# FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!

NÚ BJÓÐUM VIÐ NOKKRA **NISSAN X-TRAIL SPORT** Á FRÁBÆRU VERÐI MEÐ VEGLEGUM AUKAPAKKA!

## KOMDU OG REYNSLUAKTU!

Verð aðeins **2.990.000 kr.**

**Innifalið í verði:** Bakkvörn, dráttarbeisli og stigbretti

***Ríkulegur staðalbúnaður:*** *17" álfelgur, 4x4, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.*

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453

ENNEMM / SÍA / NM27625

KOSNINGAR 2007 STJÓRNARSAMTARF



## Ríkisstjórnir á lýðveldistímanum

**1944 - 1944** Utanþingsstjórn Björns Þórðarsonar.

**1944 - 1947** Nýsköpunarstjórn Alþýðuflokks, Sjálfstæðisflokks og Sósíalistaflokks.

**1947 - 1949** Stefanía, stjórn Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

**1949 - 1950** Ólafía II, minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokks.

**1950 - 1956** Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur.

**1956 - 1958** Vinstristjórn Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks.

**1958 - 1959** Emilía, minnihlutastjórn Alþýðuflokks.

**1959 - 1971** Viðreisnarstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks.

**1971 - 1974** Vinstristjórn Alþýðubandalags, Framsóknarflokks og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna.

**1974 - 1978** Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur.

**1978 - 1979** Vinstristjórn Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks.

**1979 - 1980** Alþýðuflokkurinn myndar minnihlutastjórn.

**1980 - 1983** Alþýðubandalag, Framsóknarflokkur og nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokks.

**1983 - 1987** Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur.

**1987 - 1988** Alþýðuflokkur, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur.

**1988 - 1989** Vinstristjórn Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Framsóknarflokks.

**1989 - 1991** Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Framsóknarflokkur og Borgaraflokkur.

**1991 - 1995** Viðeyjarstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks.

**1995 - 2007** Einkavæðingarstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

# Margt líkt í stefnum flokkana

Mögulegt ríkisstjórnarsamstarf að kosningum loknum er eitthvað sem flestir kjósendur velta fyrir sér, þó allir flokkar gangi óbundnir til kosninga á laugardaginn. *Brjánn Jónasson* bað varaformenn þeirra sex flokka sem bjóða fram á landsvísu að nefna einn stjórnmálaflokk sem er með að minnsta kosti fimm málefni í sinni stefnuskrá sem eru lík stefnu flokka varaformannanna.



Guðni Ágústsson (B)

### Velur Samfylkinguna

**Skattleysismörk** Líkt og Framsókn vill Samfylkingin leiðrétta skattleysismörk, við viljum hækkun í 100.000 kr. á næsta ári en þau nefna ekki tölur.

**Stimpilgjöld** Flokkarnir vilja báðir afnema stimpilgjöld af lánum vegna húsnæðiskaupa. Þar erum við sammála um að létta af skatti sem leggst þungt á ungt fólk.

**VSK af lyfjum** Flokksþing okkar ályktaði í vetur að lækka skuli virðisaukaskatt af lyfjum í 7 prósent en hann er nú 24,5 prósent. Nú sé ég að þetta atriði er líka að finna í stefnuskrá Samfylkingarinnar.

**Auðlindagjald** Samfylking vill undirbúa samræmda gjaldtöku af auðlindum. Við viljum auðlindasjóð. Í hann renni gjald fyrir afnot af fiski, vatnsafli, jarðhita og mengunarkvóta. Þarna er nokkur samhljómur.

**Frítekjumark** Samfylking vill hækka frítekjumark vegna tekna aldraðra í 100 þúsund krónur á mánuði. Við erum með hliðstætt markmið um hækkun frítekjumarks atvinnutekna og frítekjumark á tekjur úr lífeyrissjóðum.



Þorgerður K. Gunnarsd. (D)

### Skilar auðu

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, sá sér ekki fært að svara spurningu Fréttablaðsins.

Í yfirlýsingu frá henni segir: „Það má finna margt gott í stefnuskrám allra flokka og í mörgum stórum málum erum við sammála um markmiðin þótt menn greini á um hvaða leiðir séu skynsamlegastar. Við viljum flest hagvöxt og atvinnuppbyggingu, gott velferðar-, mennta- og heilbrigðiskerfi og við viljum standa vörð um umhverfi okkar og náttúru.“



Magnús Þór Hafsteinss. (F)

### Velur Samfylkinguna

**Heilbrigðismál** Frjálslynd vilja eins og Samfylking að aðgengi að heilbrigðiskerfinu sé tryggt óháð efnahag. Við viljum bæta tannvernd barna, efla heilsugæsluna og auka vægi útboða og þjónustusamninga í heilbrigðisþjónustunni.

**Málefni aldraðra** Flokkarnir vilja báðir gera átak í fjölgun hjúkrunarrýma, útrýma biðlistum og koma á nægu framboði sérbýla. Við viljum lækka skatta á lífeyristekum í 10% og hækka frítekjumark.

**Efnahagsmál** Við viljum eins og Samfylkingin að ákvarðanir um orkufrekan iðnað og virkjanir verði teknar með tilliti til umhverfissjónarmiða og efnahagsaðstæna.

**Skattamál** Við viljum eins og Samfylkingin leiðrétta skattleysismörk með því að hækka þau og afnema stimpilgjöld.

**Byggða- og samgöngumál** Flokkarnir vilja gera stórátak í samgöngumálum með styttingu vegalengda, jarðgöngum og bættu öryggi í umferðarmálum. Við viljum að ríkið gæti hófs í þjóðlendumálum og virði þinglýsta eignarsamninga.



Margrét Sverrisdóttir (I)

### Velur Samfylkinguna

**Umhverfismál** Íslandshreyfingin leggur megináherslu á frestun stóriðju á næsta kjörtímabili og Samfylkingin er með mjög náttúruvæna stefnu sem kallast „Fagra Ísland“. En fram til þessa hefur Samfylkingin því miður ekki verið sjálfri sér samkvæm.

**Hagstætt umhverfi fyrirtækja** Íslandshreyfingin leggur sérstaka áherslu á að fyrirtækjum sé búið hagstætt skattaumhverfi. Það auki tekjur ríkissjóðs og þar með megi efla velferð. Samfylkingin virðist hafa svipaðar áherslur.

**Menntamál** Báðir flokkar leggja ríka áherslu á mikilvægi menntunar og vilja tryggja jafnan aðgang óháð efnahag.

**Velferðarmál** Áherslur flokkanna eru mjög líkar í velferðarmálum, þar sem báðir flokkar telja það forgangsatriði að bæta hag aldraðra og öryrkja.

**Heilbrigðismál** Stefna flokkanna fer saman að því leyti að báðir flokkar eru reiðubúnir til að nýta markaðslausnir þar sem því verður við komið, svo fremi að jafn aðgangur landsmanna sé tryggður, óháð efnahag.



Ágúst Ólafur Ágústsson (S)

### Velur Vinstri-græn

**Velferðarmál** Bæði Samfylkingin og VG vilja endurreisa velferðarkerfið. Við sættum okkur ekki við biðlistapólitík ríkisstjórnarinnar né fátækt á meðal barna og eldri borgara.

**Menntamál** Flokkarnir vilja báðir auka fjárfestingu í menntakerfinu og auka fjölbreytileika náms.

**Umhverfismál** Hvorki Samfylkingin né VG styðja stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Þessir flokkar vilja auka rannsóknir og skjóta fjölbreytilegum stoðum undir atvinnulífið þar sem náttúran er vernduð en hausinn virkjaður.

**Jafnréttismálum** Bæði Samfylkingin og VG vilja berjast gegn kynbundnum launamun. Þegar Ingibjörg Sólrún var borgarstjóri tókst að minnka kynbundinn launamun um helming. Nú þarf að taka til hendinni hjá ríkinu. Við viljum einnig að kaup á vændi verði gerð refsiverð.

**Auðlindamál** Bæði Samfylkingin og VG vilja tryggja eignarhald þjóðarinnar á þjóðarauðlindum í stjórnarskrá, ólíkt Sjálfstæðisflokknum sem hefur barist gegn málinu.



Katrín Jakobsdóttir (V)

### Velur Samfylkinguna

**Málefni aldraða og öryrkja** Vinstri-græn og Samfylkingin stóðu saman að raunhæfum tillögum í vetur um úrbætur fyrir aldraða og öryrkja, m.a. með því að hækka lífeyrisgreiðslur og bæta þjónustuna.

**Tannheilsa barna** Samfylkingin er sammála okkur í því að gera tannlækningar barna ódýrari og efla forvarnir, en hefur þó raunar ekki viljað fylgja tillögum Lýðheilsustöðvar í sumum málum, t.d. hvað varðar verð á gosdrykkjum.

**Ríkisútvarpið** Við erum sammála um að Ríkisútvarpið eigi áfram að vera almannaútvarp í þjóðareigu, og stóðum saman gegn því að gera það að opinberu hlutafélagi.

**Afnema launaleynd** Samfylkingin hefur tekið undir það baráttumál okkar að afnema launaleynd sem bendir til að viðhaldi kynbundnum launamun.

**Lenging fæðingarorlofs** Vinstri-græn og Samfylkingin vilja bæði lengja fæðingarorlof í eitt ár.

# Stundum farið í róður þó fleyið sé lekt

Ekki gengur alltaf átakalaust að mynda starfhæfa ríkisstjórn. Fréttablaðið leitaði til Guðna Th. Jóhannessonar, sagnfræðings við Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, sem rifjaði upp það sem hann telur vera þrjár erfiðustu stjórnarkreppurnar á lýðveldistímanum.



GUÐNI TH. JÓHANNESSON

### Nóvember 1949

Í byrjun nóvember fór ríkisstjórn Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks frá völdum. „Þetta var ekki sérlega löng stjórnarkreppa, en það sem gerir hana merkilega er að Sveinn Björnsson forseti var staðráðinn í að mynda utanþingsstjórn ef stjórnmálamennirnir kæmu sér ekki saman um stjórnarsamstarf innan mjög skamms tíma,“ segir Guðni.

Ólafur Thors, formaður Sjálfstæðisflokksins, reiddist Sveini mjög og spurði hann: „Heldur þú að það sé hlutverk þitt sem forseta að koma í veg fyrir að hér á landi sé þingræði og þingræðisstjórnir?“

Svo fór að tólf dögum eftir að stjórnin baðst lausnar myndaði Ólafur minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokks, sem sat í nokkra mánuði. Þessi átök sýna hve virkur Sveinn var í stjórnarmyndun, og vildi láta til sín taka í þeim efnum.

### Júní 1978

Kosningarnar 1978 voru miklar hamfarakosningar og fylgi flokkanna breyttist mjög mikið. Framsókn og Sjálfstæðisflokkur töpuðu fylgi en Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag juku fylgi sitt. Í kjölfarið baðst ríkisstjórn sjálfstæðis- og framsóknarmanna lausnar og stjórnarmyndunartilraunir hófust.

Erfiðlega gekk að mynda stjórn, og á þeim 66 dögum sem stjórnarkreppan varði reyndu allir fjórir formenn flokkanna að mynda stjórn. Það tókst í fjórðu tilraun þegar Ólafur Jóhannesson myndaði þriggja flokka stjórn Framsóknarflokks, Alþýðubandalags og Alþýðuflokks.

„Þetta var stjórn sem riðaði til falls frá fyrsta degi,“ segir Guðni. Hann vitnar í fræga vísu sem Páll Pétursson, fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins, orti: „Við förum í róður þótt fleyið sé lekt, og framundan leiðindastarf. Nú gerum við allt sem er ómögulegt, en ekkert af hinu sem þarf.“

### Desember 1979

Línur skýrðust lítt í kosningum í desember 1979, og aftur þurftu allir fjórir formennirnir að fá tækifæri til að reyna að mynda stjórn. Nú bar svo við að það tókst ekki, og allt stefndi í utanþingsstjórn. Þá lét Gunnar Thoroddsen, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, til sín taka og myndaði stjórn með nokkrum félögum sínum úr Sjálfstæðisflokknum ásamt Alþýðubandalagi og Framsóknarflokki.

„Þarna liðu aftur 66 dagar frá því minnihlutastjórn Alþýðuflokksins baðst lausnar í desember 1979 þar til stjórn Gunnars tók við,“ segir Guðni. Hann segir að Kristján Eldjárn forseti hafi orðið afar feginn þegar stjórnarkreppan leystist, því hann hafi haft afar lítinn hug á því að skipa utanþingsstjórn, eins og allt stefndi í.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Varasamar æfingar með réttarkerfi landsins:

## Að smíða kylfu fyrir mótherjana

JÓN KALDAL SKRIFAR

Að standa í verulega umdeildum embættisfærslum á lokaspretti kosningabaráttu er nokkuð sem maður myndi ætla að ráðherrar vildu forðast í lengstu lög.

Heilbrigð skynsemi segir manni að slíkum verkefnum sé best að ljúka annað hvort vel fyrir kjördag, eða ef sá kostur er ekki fyrir hendi að fela hreinlega næsta manni í ráðherrastóli að leysa úr málunum.

Þessu viðhorfi er þó aldeilis ekki að heilsa hjá Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra. Í síðustu viku fyrir kjördag hefur hann valið að stilla málum svo upp að ekki er aðeins uppnám vegna mögulegrar ráðherraskipunar í embætti aðstoðarríkislögreglustjóra, heldur einnig vegna skipunar í embætti ríkissaksóknara.

Í Fréttablaðinu í dag segir Sigurður Líndal, fyrrverandi lagaprófessor, að auglýsing dómsmálaráðuneytisins eftir umsóknum um embætti aðstoðarríkislögreglustjóra hafi ekki uppfyllt lagaskilyrði. Þá gerir Steinar Adolfsson, formaður Landssambands lögreglumanna, alvarlegar athugasemdir við hvernig ráðuneytið hefur staðið að málinu.

Í tilfelli embættis ríkissaksóknara er svo komið að að minnsta kosti einn umsækjandi um embættið hefur dregið umsókn sína til baka þar sem hann hefur rökstuddan grun um að starfið hafi fyrir fram verið ætlað einum umsækjenda og hann því aldrei átt möguleika á að hreppa það.

Hvað ræður för dómsmálaráðherra er erfitt að segja til um. En hvort sem það er forherðing eftir langa setu við völd, einfaldur dómgreindarskortur eða æðruleysi og sannfæring um að ekkert sé rangt við þennan málatilbúnað er víst að flokkssystkini ráðherrans í Sjálfstæðisflokknum kunna honum litlar þakkir fyrir þetta innlegg í kosningabaráttuna.

Hvernig svo sem er í pottinn búið hefur Björn með þessum embættisrekstri smíðað pólitískum andstæðingum sínum óvenju þunga kylfu sem þeir geta notað til að láta höggin dynja á honum og flokki hans næstu mikilvægu daga.

Það er þó fyrst og fremst vandamál Björns og flokksfélaga, sem fólk getur harmað eða glaðst yfir eftir því hvar hjarta þess slær. Hitt er mun verra að með embættisfærslum sínum er Björn að sá óþarfa efasemdum um hlutleysi réttarkerfis landsins. Í því samhengi skiptir engu máli hvort kosningar eru fram undan eða ekki.

Undarlega mikið pukur virðist hafa verið viðhaft við birtingu auglýsingar um starf aðstoðarríkislögreglustjóra, enda barst aðeins ein umsókn. Þegar við bætast efasemdir um að auglýsingin standist lög hlýtur dómsmálaráðuneytið að auglýsa embættið á nýjan leik laust til umsóknar.

Öllu snúnari staða er uppi með embætti ríkissaksóknara. Í því tilfelli hafa umsækjendur týnt tölunni vegna vissu um að umsóknarferlið sé sviðsetning. Dómsmálaráðherra er vandi á höndum að leysa úr þeirri stöðu. Í því samhengi er brýnt að hann hafi í huga að ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvaldsins og æskilegt er að því starfi gegni óumdeildur einstaklingur sem fullt traust er borið til.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allir vinna

Allir stjórnmálaflokkar geta lýst yfir sigri á sunnudag, eða svo segir Arna Schram, fyrrverandi þingfréttamaður, á bloggi sínu. Sjálfstæðisflokkur getur lýst yfir sigri með því að vera stærsti flokkurinn, Samfylking og Framsókn geta unnið varnarsigur þegar kemur í ljós að niðurstöður kosninga verða betri en kannanir gáfu til kynna á einhverjum tímapunkti. Vinstri græn lýsa yfir sigri, því flokkurinn bætir við sig mest allra flokka. Það getur Frjálslyndi flokkurinn sagst koma vel út miðað við að hafa klofnað fyrr á árinu og að fylgi Margrétar hafi nú greinilega ekki verið eins mikið og hún hélt. Þá getur Íslandshreyfingin lýst yfir sigri með því að segja að flokknum hafi tekist svo vel að vekja máls á góðum málefnum, þrátt fyrir lítið fylgi. Þá er bara að sjá hvort spádómar Örnu fyrir sunnudag rætist, en töluverðar líkur eru á því.



### Frelsum París!

Hvað svo sem erfingi Hilton-hótelkeðjunnar tekur sér fyrir hendur vekur hún athygli, og þá ekki síst að hún hafi verið dæmd til að sitja í fangelsi í 45 daga fyrir brot á umferðarlögum. Áhugi á þessu vekur meira að segja athygli hér heima, en áhugamenn Parísar eru nú að láta prenta boli sem á stendur „Free Paris Hilton“. Baráttufundir fyrir utan fangelsið eru þó ekki á dagskrá enn sem komið er.

### Vinur, því dregurðu mig hingað?

Fasteignasalar reyna nú að selja steinhús eitt niðri við sjó. Þeir gátu ekki stillt sig um að nefna í auglýsingunni að það hefði verið hannað fyrir Jóhannes S. Kjarval og gefið honum af íslensku þjóðinni. Þeir vilja víst 120 til 200 milljónir fyrir slotið. Í auglýsingunum er húsið kallað Kjarvalshús. Snyrtilegra hefði þó verið að blanda Kjarval alls ekkert í málið. Húsið er jú frægast fyrir að vera húsið sem Kjarval hafnaði.



svanborg@frettabladid.is
klemens@frettabladid.is

# Tækifærið er núna

Góð menntun er undirstaða fjölbreyttrar atvinnu og öflugs samfélags. Íslendingar eiga enn mörg verkefni óunnin í menntun landsmanna. Þar skiptir miklu að hugmyndir okkar Vinstri–grænna um fjölbreytni og menntun verði hafðar að leiðarljósi. En hvaða tækifæri eru framundan í íslenskum menntamálum?



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Í DAG | Menntamál

Mörg mikilvæg verkefni eru framundan á leikskólastigi. Það er brýnt að mennta fleiri leikskólakennara og tryggja bætt kjör allra þeirra sem starfa í leikskólunum, óháð menntun. Þá teljum við forgangsverkefni að koma á gjaldfrjálsum leikskóla og tryggja þannig jöfn tækifæri allra barna til að ganga í leikskóla.

Í leikskólum landsins er unnið gott og fjölbreytt starf þar sem hver leikskóli leitast við að rækta sína sérstöðu. Grunnskólar landsins geta svo sannarlega nýtt sér aukið faglegt frelsi en hingað til hefur starf þeirra verið nokkuð fastbundið. Þess vegna viljum við Vinstri–græn leggja niður samræmd próf í núverandi mynd. Í staðinn væri hægt að taka upp stöðluð próf að hætti Finna sem ekki hafa jafn stýrandi áhrif á skólastarfið. Miklu skiptir ennfremur að meta skólastarf út frá breiðum grunni, ekki aðeins út frá árangri í kjarnafögum heldur einnig út frá félagslegu umhverfi, framboði á listnámi, árangri í verklegum greinum og fleiru.

Í framhaldsskólum landsins er veittur mikilvægur grunnur fyrir lífið og frekara nám. Mikilvægt er að íslenskir framhaldsskólar haldi áfram að veita nemendum sínum breiða menntun þannig að þeir fái innihaldsríka kennslu í móðurmáli sínu, raungreinum og nokkrum tungumálum. Þá er lykilatriði að hver framhaldsskóli fái að varðveita eða móta sér sérstöðu í námsframboði. Af þeim sökum höfnum við Vinstri–græn öllum hugmyndum um að skerða nám til stúdentsprófs. Það má ekki gengisfella þá menntun sem hefur verið veitt á þessu stigi.

Hins vegar er vitaskuld einnig mikilvægt að nemendur eigi fleiri kosta völ en hefðbundið bóknám að loknu grunnskólanámi. Það er lykilatriði að efla verknám, sem því miður var skorið niður á síðasta ári í fjárlögum. Til þess þarf bæði hugarfarsbreytingu og pólitískan vilja enda er verknám dýrara en hefðbundið bóknám. Þá höfum við tekið undir þær hugmyndir sem settar hafa verið fram um að breikka innihald stúdentsprófs þannig að fólk geti tekið stúdentspróf hvort sem er af verknámsbraut, listnámsbraut eða bóknámsbraut. Það merkir ekki að allir skólar þurfi að sinna öllum verkefnum en fjölbreyttari valkostir gætu leitt til þess að fleiri lykju stúdentsprófi og færri hyrfu frá námi. Það er þekkt staðreynd að hér á landi hverfur um þriðjungur frá námi í framhaldsskóla, sem er fullkomlega óviðunandi hlutfall.

Það er lykilatriði að allir eigi rétt á háskólanámi, ófatlaðir sem og þeir sem glíma við fötlun. Fjölmennt hefur staðið sig vel sem símenntunarmiðstöð fyrir fatlað fólk sem er yfir tvítugu en þar er enn aðeins boðið upp á stök námskeið, ekki fullt nám. Við Vinstri–græn leggjum hart áherslu á að breikka háskólastigið og lagt til að tekið verði upp verknám á háskólastigi. Þetta mun verða til þess að efla verknám á öllum skólastigum og auka rannsóknir og þróun í verklegum greinum.

Enn fremur skiptir miklu að móta heildstæða stefnu um hefðbundið akademískt háskólanám. Þar hefur nemendum fjölgað mjög í ákveðnum fögum en önnur fög, s.s. tilteknar greinar hugvísinda, raunvísinda og félagsvísinda, hafa setið eftir. Á þessum sviðum er rannsóknavirkni mikil og því slæmt ef þau verða hornreka innan háskólasamfélagsins. Miklu skiptir að endurskoða þær reglur sem hið opinbera fylgir við úthlutun fjármuna til háskólanna enda ljóst að greinar eru þar taldar misverðmætar og það hefur stýrt nokkuð framboði á námsfögum.

Að lokum skiptir miklu að rannsóknarfjármagn til háskóla verði tryggt. Nýr samningur við Háskóla Íslands er ánægjuefni og ljóst að við Vinstri–græn viljum að Háskóli Íslands eflist og marki sér sérstöðu í alþjóðlegu samhengi. Hins vegar skiptir miklu að skoða stöðu allra skóla á háskólastigi út frá rannsóknum og nýsköpun. Samhliða því þarf að efla samkeppnissjóðina og auka hlutfallslegan þátt þeirra í rannsóknafjármögnun. Úthlutunarreglur þeirra þarf að skoða með það að leiðarljósi að vísindamenn séu ekki um of bundnir stofnunum. Við viljum að sjálfstæðir vísindamenn verði mikilvægur hópur í íslensku vísindalífi.

Við eigum tækifæri til að hleypa að nýrri hugsun í menntamálum hinn 12. maí næstkomandi. Tækifæri til að hugsa menntun Íslendinga út frá grunnhugmyndinni um fjölbreytni og jöfnuð á öllum skólastigum. Nýtum þetta tækifæri og sköpum nýja tíma í íslenskri menntun.

*Höfundur er varaformaður Vinstri–grænna.*

# Allt í forgang alls staðar

UMRÆÐAN

Kosningar



EINAR K. GUÐFINNSSON

Eitt vinsælasta hugtak stjórnmálabaráttunnar síðustu dægrin er forgangsröðun; ný forgangsröðun, tiltekin mál í algjöran forgang, af því að þau þola enga bið. Ég hef hlustað á endalausar ræður stjórnarandstöðunnar um þessi mál undanfarnar vikur og greinarnar í blöðunum og orðræðan í útvarps- og sjónvarpsþáttum er hlaðin þessu hugtaki.

Hugtakið er í rauninni skýrt. Að setja mál í forgang þýðir einfaldlega að unnið sé að því af meiri krafti en einhverju öðru. Gæði lífsins eru takmörkuð. Skattfé er ekki endalaust, því eru takmörk sett hvað hægt er að kosta úr sameiginlegum sjóðum almennings. Þegar eitt mál er því sett í forgang hefur það áhrif á framvindu annars.

Þessi síðari þáttur málsins er vitaskuld óskemmtilegri en hinn fyrri. Það er leiðinlegra að segja kjósendum sínum að hægja þurfi á einhverju af því að flýta beri öðru. Þá er til eitt heillaráð og það er þetta: Að segja bara að allt eigi að hafa forgang, alltaf, alls staðar og fyrir alla. Þetta er einmitt stefna stjórnarandstöðunnar og hún hefur komið skýrt fram.

En þetta er engin stefnumótun. Þetta er stefnuleysi. Þegar menn leggja af stað í svona pólitíska skógarför munu þeir villast; af því einfaldlega að þeir vita ekki hvert eigi að halda. Það er eins og segir í frægu kvæði Indriða G. Þorsteinssonar: Vegir liggja til allra átta/ enginn ræður för. Það var sannarlega vel ort og á einstaklega vel við þegar við förum yfir málflutning stjórnarandstöðunnar.

Í Norðvesturkjördæmi segja okkur frambjóðendur stjórnarandstöðunnar að þeir vilji vegi á Vestfjörðum í forgang, aflétta gjaldi í Hvalfjarðargöng, breikka þjóðveg 1, auka fjármagn í tengivegi. Allt eru þetta forgangsmál. Svo vilja þeir líka setja málefni aldraðra í forgang, einnig málefni barna og ungmenna, skólamálin, leikskólamálin, jöfnunaraðgerðir í byggðamálum. En ekki hækka skatta og líka gæta aðhalds í ríkisfjármálum.

Þetta er stefnuleysi, ekki forgangsröðun. Þetta er ekki pólitík heldur hentistefna. Þetta er ekki trúverðugt, heldur ótrúverðugt. Á þetta er ekki hægt að reiða sig og verður því hafnað 12. maí næst komandi.

*Höfundur er sjávarútvegsráðherra.*

### Bifreiðaskoðunarstöðvar

eru víða á landsbyggðinni. Skoðunarmenn fara reglulega í ferðir út á land þar sem ekki eru skoðunarstöðvar. Á vef Frumherja er að finna yfirlit yfir skoðunarstöðvar um land allt. Síðasti stafur í númeri bílsins segir til um skoðunarmánuð bílsins. www.frumherji.is



### Alþjóðlegt ökuskírteini

er gott að hafa þegar lagt er í hann út í heim. Ný íslensk ökuskírteini eru tekin gild á öllum Norðurlöndunum og í Vestur-Evrópu. Gömlu skírteinin eru hins vegar ekki tekin gild alls staðar í Vestur-Evrópu. Í flestum öðrum löndum ber að framvísa alþjóðlegu ökuskírteini, auk eigin gildu ökuskírteini. Alþjóðlegt ökuskírteini gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Hægt er að nálgast skírteinið hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB. Skírteinið kostar 700 krónur fyrir félagsmenn en 1.000 krónur fyrir aðra. www.fib.is

### Samgönguráðuneytið

hefur gefið út kynningarbæklinginn Samgönguáætlun 2007-2010. Í bæklingnum er að finna upplýsingar um fjögurra ára samgönguáætlun. Meðal annars er sýnt á kortum hvar á landinu og hvar á höfuðborgarsvæðinu unnið verður að helstu verkefnum. Einnig eru tilgreind nokkur helstu verkefni síðustu ára.




HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM



Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum

Jafnvægisstillingar

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

PRENTSNIÐ




Dansarar Íslenska dansflokksins sjást hér á æfingu í Sjanghæ, þar sem troðfullt var út úr húsi. Skipuleggjendur flokksins voru hissa yfir viðtökunum þar sem borgarbúar eru taldir íhaldssamir hvað listir varðar.

# Sló í gegn í Kína

***Íslenski dansflokkurinn snýr aftur heim eftir vel heppnaða sýningarferð í Kína.***

Uppselt var á allar sýningar Íslenska dansflokksins í borgunum Sjanghæ, Guangzhou og Peking í Kína, en ferðalaginu lauk um helgina. Svo mikil var aðsóknin að sums staðar þurfti að bæta við sætum og selja sérstök sæti með takmörkuðu útsýni á afsláttarverði. Það kom ekki í veg fyrir að fólk stæði í biðröðum fram yfir hlé í von um að berja íslensku listamennina augum.

„Viðtökurnar fór fram úr björtustu vonum,“ segir Guðmundur Elías Knudsen, dansari í Íslenska dansflokknum. „Þetta er líka ánægjulegt þar sem þetta er í fyrsta sinn sem flokkurinn fer til Kína. Það hefur reyndar lengi staðið til að sýna í Kína, en tækifærið gafst fyrst eftir að Ása Richardsdóttir fór þangað í fyrra til að mynda tengsl.“

Dansarar og starfsfólk dansflokksins vakti mikla athygli á meðan á dvölinni stóð. Fyrir kom að beðið var um eiginhandaráritanir og ekki var laust við að dönsurunum liði svolítið eins og rokkstjörnum. Guðmundur segir erfitt að lýsa reynslunni af Kína í nokkrum orðum og segir ekkert eitt hafa staðið upp úr í ferðinni. „Þarna er svo margt áhugavert að sjá. Mannmergðin er náttúrlega ótrúleg og sömuleiðis fátæktin en íbúarnir eru engu að síður mjög lífsglaðir. Ég vil bara hvetja sem flesta til að heimsækja þessa þjóð.“

Eftir gott gengi Íslenska dansflokksins í Kína hafa listahátíðir í Macau, SiDance í Seúl í Suður-Kóreu og Hong Kong, sem er talin sú stærsta í Suður-Asíu, sýnt áhuga á að fá hann til að sýna. Dansflokkurinn virðist því hafa náð tilætluðu markmiði með Kínaferðinni, sem er að komast inn á Asíumarkaðinn.

*roald@frettabladid.is*





Hver er staðan?

Silfur Egils • Fréttir • Pólitískt blogg • Viðtöl • Beinar útsendingar • Kannanir og fleira

www.visir.is/kosningar

Kosningavefurinn er í samstarfi við kosningasjónvarp Stöðvar 2

VISIR.IS
Fyrstur með fréttirnar



Náðu forskoti með okkur í sumar!

“Ég sexfaldaði lestrarhraða minn á 3 vikum! Frábært!”
Guðjón Bergmann, 34 ára rithöfundur, f yrirlesari og jógakennari.

“Ykkur að þakka mun ég rúlla upp samræmdu prófunum.”
Jökull Torfason, 15 ára nemi.

“Þetta mun nýtast mér alla ævi.”
Jóhanna Helga, 15 ára grunnskólanemi.

“Snilldarnámskeið..kom skemmtilega á óvart hversu miklum hraða ég náði.”
Guðbjörg Jónsdóttir, 40 ára Framhaldsskólakennari.

“...á eftir að spara mér hellings tíma af námsbókalestri.”
Ragna Björk Ólafsdóttir, 17 ára nemi og golfari.

“Loksins sé ég fram á það að geta klárað lesbækur fyrir próf”
Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.

Skráning á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans er hafin á **www.h.is** og í síma **586-9400**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**Ferðalög** eru framundan. Gott er að fara yfir dekkin áður en lagt er í hann. Fyrir langt ferðalag er ekki óeðlilegt að miða við 2-3 mm munsturdýpt til að mæta hjólbarðasliti.



**Þýskar álkerrur** fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.



N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

ekill ehf

**Ökunám í fjarnámi !!!!**

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið.
Fleiri námskeið eru væntanleg á næstu mánuðum
Ö2 námskeið / Aukin ökuréttindi / Fyrir lesblinda ofl.

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**

**Meirapróf**

Lærðu í nútímanum



ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

**Næsta námskeið byrjar 9. mai**

REYNSLUAKSTUR



Ford S-Max er framúrstefnulegur að mörgu leyti og kemst fullkomlega upp með það. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Frábær fjölskyldubíll

***Þótt það sé eins og að segja að eitthvað sé heitt/kalt er Ford S-Max sjö manna fjölskyldubíll frábær í akstri.***

Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug er þú heyrir orðið fjölskyldubíll? Án efa ekki geimskutluskjaldbaka, en það er það sem mér datt í hug fyrst er ég sá Ford S-Max. Hér kveður við nýjan tón í hinum erfiða og oft á tíðum tilbreytingasnauða fjölskyldubílaflokki.

S-Max er flottur bíll og í raun einn fallegasti fjölskyldubíllinn á markaðnum. Þrátt fyrir að ýmislegt sé pínu hallærislegt, eins og gerviloftgötin á hliðunum, þá gengur allt upp. Svolítið eins og Jean Reno. Hann ætti ekki að vera myndarlegur en er það samt. Innan í bílnum er bjart og rúmgott, mælaborðið stórglæsilegt og handbremsan æðisleg. Að láta sér detta þetta í hug og líka framkvæma það. Vel gert, Ford.

Fjöðrunin í bílnum er frábær. Hún er mjúk en samt sem áður svarar bíllinn mjög vel og 145 hestöflin úr bensínvélinni skiluðu honum vel áfram.



Mælaborð S-Max er frábærlega heppnað og sjáið þessa handbremsu.

Rétt eins og í öllum góðum hlutum er alltaf eitthvað sem pirrar. Það er alltaf ein Soffia Coppola í Guðföðurnum. Framdekkin skiluðu stundum óþarflega miklu af veginum í stýrið. Í augum margra er það nákvæmlega það sem á að gerast en í bíl sem er jafn mjúkur og þægilegur og S-Max ætti að fara aðra leið.

Ford S-Max er frábær bíll. Hann er sjö manna með fullt af plássi, þægilegum sætum, vel útlítandi og það sem meira er: það er gaman að keyra hann. Hann fær mann til að hlakka til að keyra krakkana á fótboltaæfingu, í skólann og jafnvel til tengdó... kannski ekki tengdó en þið vitið hvert ég er að fara. Svo fékk hann líka fimm stjörnur í EuroNCAP.

Og er hægt að biðja um meira en skínandi, örugga og ánægjulega geimskutluskjaldböku?

*tryggvi@frettabladid.is*

**FORD S-MAX TREND**

**Vél:** 2,0 lítra bensín
145 hö / 190 Nm
**Þyngd:** 1.522 kg
**Meðaleyðsla:** 8,1 l/100 km
**Verð prufubíls:** 3.290.000 kr.
**Verð frá:** 3.190.000 kr.

**Plús**
Akstureiginleikar
Útlit
**Mínus**
Óþarflega miklu af veginum skilað í stýrið

**KERRUR**
FRÁ AÐEINS 29.990 KR.
ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF KERRUM!
FYRIR:
HEIMILIÐ
FYRIRTÆKIÐ
ÁHUGAMÁLIN



FRÍR FLUTNINGUR TIL REYKJAVÍKUR
(EINU SINNI Í VIKU).
DEKKJAHÖLLIN
DRAUPNISGÖTU 5, AKUREYRI S. 462 3002
ÞVERKLETTUM 1, EGILSSTÖÐUM S. 471 2002



Krúsurum hefur vaxið fiskur um hrygg síðan klúbburinn var stofnaður fyrir rúmlega ári. Nú eru meðlimir 200. Bíllinn á myndinni er Chervolet Impala árgerð 1959. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Krúsað inn í sumarið

***Króm, bón, og skínandi tryllitæki eru aðalsmerki Krúsara. Þeir eiga það til að taka rúntinn ef sólin skín.***

Bílaáhugi Íslendinga eykst stöðugt og dýrum fornbílum fjölgar sífellt. Einn griðastaður þeirra sem aka slíkum bílum er félagshúsnæði Krúsara á Bíldshöfða 18.

Sumarið er tími fornbílanna og nú rúlla þeir hver á fætur öðrum upp á bryggju frá fjarlægum slóðum.

Hvern fimmtudag kl. 20.00 eru nýir bílar til sýnis hjá Krúsurunum og með hækkandi sól verða þeir bæði fleiri og flottari. Ef vel viðrar er rúnturinn tekinn.

Klúbburinn er opinn öllum, það eina sem þarf er að mæta og njóta.

*-tg*



PIPAR • SÍA • 70623
Sendum frítt um land allt!
Felgustærðir: 15", 16" og 17"
Úrval jeppadekkja upp í 38"
JEPPADEKK.is

# Píparar

Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu
Upplýsingar í síma 840 1616.

**Kraftafl ehf**

# SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem
eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# ATVINNUTÆKIFÆRI

**Til sölu fyrirtæki í innflutningi, heildsölu og smásölu.**
**Góð álagning. Falleg, hrífandi og auðseljanleg vara.**
**Verð ca. 12 m.**
**Svar merkt: „Uppgrip" sendist á netfangið: galle@isl.is**

NESEIGNIR
Sími 535 0200
www.neseignir.is



Gunnar Valdimarsson
lögg. fasteignasali
og viðsk.fræðingur
gsm: 895 7838
gunnar@neseignir.is

Kári Kort
gsm: 892 2506
kari@neseignir.is

Kristinn Kjartansson
gsm: 820 0762
kristinn@neseignir.is

Pétur Kristinsson
fjármálaráðgjöf
gsm: 893 9048
pk@isl.is

FASTEIGNASALA | ÁNANAUSTUM V/ SÓLVALLAGÖTU 84

## SÖLUMAÐUR ÓSKAST

**Neseignir óska eftir að ráða duglegan sölumann karl eða konu.**

**Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**

**Allar nánari upplýsingar gefur Kristinn R. Kjartansson sölustjóri.**

**Fullum trúnaði heitið.**

Frum

**Gunnar Valdimarsson**, lögg. fasteignasali

# Til sölu

## Jaðarkaup ehf. á Tálknafirði



**Rekstur matvöruverslunarinnar Jaðarkaupa ehf. á Tálknafirði er til sölu. Jaðarkaup eru umboðsaðili fyrir N1 á Tálknafirði.**

Upplýsingar hjá Ólafi í síma 892-9288
og Gestrúnu í síma 863-2505



# Gröfumaður á hjólavél

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars óskar eftir vönum manni á nýlega hjólagröfu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Nánari uppl. gefur Jón Hákon í síma 693-7319.

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

GRINDAVÍK

## Grunnskólinn í Grindavík

# Lausar kennarastöður

Við leitum að áhugasömum kennurum til eftirfarandi starfa næsta skólaár.

- umsjónarkennara á yngsta- og miðstigi
- myndmenntakennara í hlutastarf
- heimilisfræðikennara í hlutastarf
- dönskennara í hlutastarf
- textílkennara í fullt starf
- tónmenntakennara hlutastarf

Grindavík er blómlegt sveitarfélag með um 2700 íbúa í aðeins 45 km. fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Nemendur eru um 500 í 1.-10. bekk. Í skólanum er unnið framsækið starfa af áhugasömu starfsfólki. Unnið er að innleiðingu uppbyggingarstefnunnar - uppeldi til ábyggðar. Frekari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu hans http://skolinn.grindavik.is

Upplýsingar veita skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í símum 420-1150, 660-7319 og 660-7320 netfang ginda@grindavik.is. Umsóknarfrestur er til 15. maí.

Skólastjóri

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# FUNDARBOÐ

**Boðað er til fundar með hagsmunaaðilum við Sléttuveg og nágrenni.**

Tillaga að deiliskipulagi neðan Sléttuvegar er nú í auglýsingu. Auglýsingatíminn er 6 vikur og á þeim tíma gefst íbúum tækifæri á að koma með athugasemdir.

Engin byggð er á svæðinu í dag en það hefur verið nýtt af Skógræktarfélagi Reykjavíkur á síðustu áratugum og er talsverður trjágróður á landinu. Leitast verður við að nýta hann sem best fyrir fyrirhugað íbúðasvæði.

Skipulagsstjórinn í Reykjavík og hverfisráð Háaleitis hafa ákveðið að halda sérstakan kynningarfund vegna fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu með íbúum í nágrenninu.

**Fundarstaður:** **Álftamýrarskóli.**
**Fundartími:** **Þriðjudagur 15 maí 2007 kl. 17:00**
**Fundarefni:** **Kynning á deiliskipulagi svæðis neðan Sléttuvegar.**

Með kveðju,

Margrét Leifsdóttir arkitekt FAÍ
Skipulags-og byggingarsvið
Skipulagsfulltrúi
Borgartúni 3
sími 563 2600
netfang margret.leifsdottir@rvk.is

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

# Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju deiliskipulagi og breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

## Sléttuvegur

Tillaga að deiliskipulagi fyrir svæði neðan Sléttuvegar, nánar tiltekið á reit 1.79-. Reiturinn afmarkast af Sléttuvegi, Háaleitisbraut, Fossvogsvegi og Kringumýrarbraut.
Engin byggð er á svæðinu í dag en það hefur verið nýtt af Skógræktarfélagi Reykjavíkur á síðustu áratugum og er talsverður trjágróður á landinu. Leitast verður við að nýta hann sem best fyrir fyrirhugað íbúðasvæði. Í tillögunni er gert ráð fyrir blandaðri íbúðabyggð. Á efri hluta svæðisins er gert ráð fyrir hjúkrunarheimili, íbúðum fyrir Hrafnistu, þjónustumiðstöð með innisundlaug, íbúðum fyrir Samtök aldraðra og nemendaíbúðum. Um miðbik svæðisins eru tvö fjölbýlishús á 3 hæðum og á neðri hlutanum eru sérbýli. Nánar tiltekið eru raðhús á tveimur hæðum neðst (tvær raðir) og ein röð af þriggja hæða tvíbýlishúsum. Þessi nýja byggð verður þétt borgarbyggð með grænu yfirbragði og góðum tengingum við almenn útivistarsvæði. Gert er ráð fyrir að meirihluti bílastæða verði neðanjarðar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Spöngin

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Spöngina vegna byggingu þjónustuhúss og þjónustuíbúða.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að á svæðinu verði ein lóð með tvíþættri uppbyggingu, annars vegar þjónustuhús með aðkomu frá Spönginni, tvær hæðir og kjallari og hins vegar allt að 112 þjónustuíbúðum fyrir aldraða, allt að fjórum hæðum, með aðkomu frá Fróðengi. Þjónustuhús er fyrir margvíslega almenna þjónustu sem og menningartengda þjónustu fyrir íbúa í hverfinu. Reiknað er með að hluti af starfsemi í þjónustuhúsi verði í þágu íbúa þjónustuíbúða. Sérskilmálar eru útskýrðir á uppdrætti.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Fossaleynir 1

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossaleyni 1, Egilshöll, opnu svæði á norðanverðri lóð. Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að nýr göngustígur verður lagður norðan við gerfigrasvöll, vallarsvæði verði girt af, hlið verði sett á almennan göngustíg milli Egilshallar og valla til tímabundinna lokana, svæði fyrir frjálsar íþróttir verður fellt út og áhorfendastúkur settar við velli. Einnig er stærð og staðsetning fimm hliðarvalla breytt auk þess sem tveir þeirra verða einnig gerðir fyrir tennis.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 9. maí 2007 til og með 20. júní 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar.
Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is,*** til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 20. júní 2007.
Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 4. maí 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

# Verksmiðjuvæðing: 150 árum of seint

**UMRÆÐAN**
Stóriðja

Sumir telja að nú sé rétti tíminn fyrir Iðnbyltingu á Íslandi. Rúmlega 150 ár eru síðan iðnbylgingin hófst út í heimi. Meðal helstu tækni sem dreif áfram uppfinningar og framfarir þess tíma voru gufuafl, vefstólar, járnbrautalestir og færibandavinna.

Þetta eru ekki lengur nýjungar og Iðnbyltingin gerir engan ríkan lengur. Neikvæð áhrif verksmiðjuvæðingar eru mengun, atvinnutengd dauðsföll, veikindi, atvinnuleysi, skammlífi, og volæði. Það er misskilningur að ætla sér að verksmiðjuvæða án slíkra afleiðinga. Í dag eru helstu vaxtamöguleikarnir í atvinnuveginum og tengdir upplýsingum og tölvutækni. Ef við viljum horfa fram á við verðum við að setja hátækni í fyrirrúm. Ekki skal ég segja hvort það sé skammsýni eða einstaklega óheppileg blanda af óskhyggju og fortíðarrómantík, en svo virðist sem sumir Íslendingar telji það góða hugmynd að við komum upp umhverfi hér á landi sem líkir eftir skítugasta tímabili iðnbyltingarinnar, hráefnavinnslu og tilheyrandi mengun, og færa Íslandsklukkuna þannig


KRISTINN R. ÞÓRISSON

meira en 100 ár aftur í tíman. Þessir aðilar vilja ekki iðnað sem byggir á hönnun eða hugviti; upplýsingatækni eða framleiðslu afþreyingarefnis – atvinnugreinar sem eru ört vaxandi í öllum nágranalöndunum. O, nei – þeir vilja frekar iðnað sem er á hraðri útleið í hinum vestræna heimi; iðnað sem krefst svo mikillar raforku að virkja þarf allar helstu náttúruperlur landsins; iðnað sem skapar minna en einu prósenti af vinnufæru fólki landsins atvinnu.

Verksmiðjuvætt Ísland setur okkur ekki aðeins í samkeppni við vanþróaðri heimsálfur, sem jafnvel til skamms tíma litið er vonlaus barátta, heldur brýtur það þvert á þá hugmyndaauðgi landsmanna sem hefur sýnt sig á fjölmörgum sviðum, t.d. fjármála, stoðtækni og fiskvinnslutækni. Ef stutt væri betur við rannsóknir og þróun, til dæmis með tíföldun fjárlaga í samkeppnissjóði, yrði það stórfengleg sjón: Ísland myndi festa sig í sessi sem hugmyndaríkt og framsýnt land sem tekur virkan þátt í að móta framtíð hins vestræna heims í tækni, menntun og listum. Við ættum möguleika á að komast í fremstu röð á sviðum sem eiga augljóslega eftir að móta hátæknisamfélög framtíðarinnar.

Nú er upplýsingaöld. Við eigum að skoða þá ótal möguleika sem skapandi tækni framtíðarinnar býður upp á. Það er 100 árum of seint að ætla að taka þátt í Iðnbyltingunni – hundrað ára gamlar iðnbyltingarhugmyndir knýja okkur til að einblína í baksýnisspegilinn. Það vita allir að þeir sem stara á hann lenda í árekstri, sérstaklega ef hratt er farið. Til að taka þátt í framtíðinni þurfum við að búa vel um fyrir hátæknifyrirtæki, laða besta fólkið að erlendis frá og setja okkur markmið í nýsköpun sem taka mið af því hvert heimurinn er að þróast. Svo einfalt er það.

*Höfundur er dósent og fyrrverandi verksmiðjustarfsmaður.*

# Kjóstu fyrirmynd

**UMRÆÐAN**
Kosningar

Nú er í fyrsta sinn í sögunni tækifæri fyrir Íslendinga að fá konu sem forsætisráðherra. Hingað til hafa karlar einokað þessa æðstu valdastöðu í lýðræðissamfélagi okkar.


ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR

Þessi kona er Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. Hún er afburða stjórnmálamaður bæði í framgöngu og málflutningi. Hún er jafnaðarmaður að hugsjón og lætur sig varða velferð og réttlæti í samfélaginu.

Það er í valdi kjósenda nú að gera kosningarnar í vor sögulegar og gera konu, – reynda konu, fyrrverandi borgarstjóra í Reykjavík – að fyrsta forsætisráðherra Íslands. Konu sem hefur látið verkin tala þegar hún var í aðstöðu til að breyta.

Til þess að stuðla að þeim sögulegu tíðindum verður Samfylkingin að koma sterk út í kosningunum á laugardaginn, 12. maí.

Hugsið ykkur hversu mikilvægt það er í jafnréttis- og kvennabaráttunni að ungt fólk fái slíka fyrirmynd, konu sem forsætisráðherra – frekar en að í forsætisráðuneytið setjist einn karlinn enn að loknum kosningum.

Kona í forsætisráðuneytinu hefði sambærileg áhrif og þegar Vigdís Finnbogadóttir var forseti. Það hafði ótrúlega mikil áhrif á stöðu kvenna og viðhorf landsmanna til þess að konur standi jafnfætis körlum í forystuhlutverkum.

*Höfundur er alþingismaður og frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi suður.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

VORÚTSALA
LCD SJÓNVÖRP
Í MIKLU ÚRVALI MEÐ ALLT AÐ
100.000
KRÓNA AFSLÆTTI
GRUNDIG UNITED enox. THOMSON PHILIPS Dantax JVC
ÚTVÖRP
FERÐATÆKI
MINNISKORT
HEYRNARTÓL
FERÐATÖLVUR
MP3 SPILARAR
HLJÓMTÆKI
IPOD HÁTALARAR
STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR
BÍLTÆKI OG FLEIRA
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is





# Farið sjálfviljug heim!

**UMRÆÐAN**
Valdsvið lögreglunnar



HAUKUR MÁR HELGASON

1. Einstaklingar í að minnsta einum af þremur hópum Rúmena ætluðu að vinna hér svart.
2. Hóparnir gátu þó augljóslega ekki framfleytt sér.
3. Enda eru þeir betlarar.
4. Og sváfu í almenningsgörðum.
5. Þá hafa „svona hópar“ oft verið undanfarar glæpagengja í nágrannalöndunum.
6. Lögregla í nágrannalöndunum segir raunar að „svona hópar“ séu oft beinlínis sendir af glæpagengjum.
7. Verslunareigendur höfðu kvartað yfir ónæði af fólkinu og tónlist þess.

Þetta eru þær skýringar sem lögregla gefur í fjölmiðlum á þeirri ákvörðun að gefa 21 karli, konu og barni flugmiða „heim“. Öll þáðu þau flugmiðann og fóru „sjálfviljug“, að meðtöldum þeim sem höfðu lent á landinu daginn áður. Lögreglu þótti brýnt að árétta þetta: þau fóru sjálfviljug en var ekki „vísað úr landi“ – en um leið er skýrt tekið fram að lagaheimildir til brottvísunar hafi þó verið til staðar.

Í samtölum við fjölmiðla virðist fulltrúum lögreglu hins vegar hafa láðst að nefna þessar lagaheimildir. Nú er ljóst að tekjur Rúmenanna af „böski“ – því að spila tónlist á almannafæri gegn frjálsum framlögum vegfarenda, sem er annað en að betla – hefðu aldrei orðið himinháar. Raunar trúlega ekki farið yfir skattleysismörk. Á mælistiku fjármálahverfisins þar sem lögreglan er nú til húsa heitir það kannski ekki framfærsla – en þó er varla hvort tveggja skæður vandi í senn, að tekjur Rúmenanna séu lágar og að þær séu svartar. Afsakið, að tekjur þeirra yrðu lágar og svartar, því hér var um ætlaðan ásetning að ræða, en ekki unninn glæp.

Ummæli um reynslu annarra af „svona hópum“ vildu fulltrúar lögreglu sjálfsagt aldrei hafa misst út úr sér. Eða hvort á lögreglan við fátæklinga almennt, þegar hún vísar til „svona hópa“, eða sígauna sérstaklega?

Þá standa eftir þeir tveir liðir úr skýringum lögreglu í fjölmiðlum, að fólkið hafi sofið í almenningsgörðum og valdið verslunareigendum ónæði. Ég þekki ekki lög um almenningsgarða, hér getur þó verið að lögregla vísi til hugmynda um almenna reglu, sem ekki ber að raska. Ef sýnt þótti að hver ein og einasta manneskja úr hópunum þremur hefði brotið lög svo kallaði á afskipti lögreglu (enda stafaði ógn af svefni fólksins), hví var þá ekki lögð fram kæra? Hví voru þau ekki færð í fangaklefa eða í allra versta falli vísað úr landi?

*Til er orð yfir ríki þar sem lögregluyfirvöldum líðst að skipa fólki fram og aftur, helst einmitt „sjálfviljugu“, eftir geðþótta, til að framfylgja óljósum, jafnvel óskrifuðum reglum og vilja yfirvalds.*

Sé hin raunverulega ástæða þess að ríkissjóður greiddi fyrir flugmiða fólksins „heim“ það ónæði sem verslunareigendur urðu fyrir, vil ég minnast á ónæðið sem verslunareigendur í landinu hafa valdið mér. Mér finnst ég engan frið fá fyrir ásælni þeirra í peninga mína. Verði slík ábending til þess að lögreglan sendi alla verslunareigendur sjálfviljuga burt úr landinu má líklega segja að hér sé í gildi einhvers konar almenn regla. Slík regla, að senda burt héðan alla sem einhverjum öðrum finnst ónæði af, væri hreint dásamlega fráleit en hún væri þó almenn regla. Það væri ekki hægt að saka opið lýðræðisríki sem stærir sig af toppsæti á listum yfir frjálsustu samfélög heims, um að handvelja einstaklinga inn og út úr landinu eftir geðþótta embættismanna og annarra handhafa ríkisvalds.

Til er orð yfir ríki þar sem lögregluyfirvöldum líðst að skipa fólki fram og aftur, helst einmitt „sjálfviljugu“, eftir geðþótta, til að framfylgja óljósum, jafnvel óskrifuðum reglum og vilja yfirvalds. Þar er lagarammi oft nógu víður til að yfirvöld geta í hverju fótmáli ákveðið að aðhafast eða aðhafast ekki, og beita sem viðmiði óljósum, jafnvel óskrifuðum reglum, sem aldrei þarf að nefna upphátt. Á 20. öld komu slík ríki ýmsum minnihlutahópum í glöggan skilning um þeirra eigin vilja til að vera annars staðar. Orðið yfir slík ríki felur í sér of forkastanlega lýsingu á stjórnarfari til að nefna það í samhengi við Ísland á fallegum vordegi, rétt fyrir kosningar. Ef skýr, almenn regla er að baki hreppaflutningunum, regla sem lögreglunni láðist einfaldlega að nefna – fullnægjandi, siðleg og knýjandi lagastoð þess að sannfæra 20 tónlistarmenn og eitt barn um að fara sjálfviljug úr landi með hljóðfærin sín – regla sem er ekki skömm að nefna á nafn og greinir tilfelli þeirra með afgerandi hætti frá þeim, til dæmis, sem fá á tíu dögum ríkisborgararétt „þegar skortur á íslensku ríkisfangi er þeim til trafala“ – verður mér létt. Þá er enn skarpur greinarmunur á opnum, frjálsum lýðræðisríkjum sem taka alþjóðaskuldbindingar og mannréttindi alvarlega, og öðrum. Þá hvílir ekki þessi skuggi yfir vorinu. Þá hvílir ekki þessi skuggi yfir 12. maí, þessi grunur um skelfilega, skelfilega hræsni, þegar við horfum á Eurovision, opnum Listahátíð og göngum til kosninga.

*Höfundur er heimspekingur.*

# Deildarstjóra Miðgarðs svarað

**UMRÆÐAN**
Geðheilbrigðismál



ÓLAFUR Ó. GUÐMUNDSSON

Helgi Viborg, sálfræðingur og deildarstjóri hjá Reykjavíkurborg, sér ástæðu til að viðra skoðanir sínar á stöðu geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga í Fréttablaðinu 6. maí sl. Tilefnið virðist svör mín við spurningum blaðamanns þessa blaðs sem birtust 23. apríl, um að gera megi ráð fyrir að árlega þurfi 5% barna á sérhæfðri þverfaglegri geðheilbrigðisþjónustu að halda og að slík þjónusta sé í eðli sínu forvarnarstarf. Nauðsynlegt er að upplýsa lesendur um staðreyndir en ég sé ekki ástæðu til að elta ólar við persónulegar skoðanir Helga.

Rannsóknir á útbreiðslu geðraskana hjá börnum hér á landi eru fáar en mikilvægar. Þannig kom fram í merkri rannsókn Sigurjóns Björnssonar sálfræðings á 1.100 fimm til fimmtán ára börnum um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar að 18,8% þeirra áttu við alvarlegar sálrænar truflanir að stríða. Rannsókn Helgu Hannesdóttur barnageðlæknis frá árinu 2002 sýndi að útbreiðsla geðrænna einkenna hjá börnum og unglingum hér á landi var svipuð og í Hollandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Loks má nefna nýlega niðurstöðu rannsóknar Barnarannsókna á hópi 317 fimm ára barna sem sýnir um 10% algengi geðraskana í þeim hópi.

Frumgreining á vanda barna með hamlandi frávik í hegðun eða líðan ásamt viðeigandi inngripum þarf að fara fram í nærumhverfi þeirra og á vegum þess sveitarfélags sem foreldrarnir greiða sitt útsvar. Það ræðst síðan ekki síður af þeirri faglegu þjónustu sem í boði er en alvarleika vandans hversu stór hluti þessara barna fær sérhæfðari þjónustu en hin 79 sveitarfélög landsins og heilsugæslan er fær um að veita. Má hér nefna biðlista einkarekinnar sérfræðiþjónustu fagaðila, Miðstöðvar heilsuverndar barna og stofnana ríkisins, sérstaklega LSH.

Að miða þörf fyrir úrræði við prósentutölur er ein en að ýmsu leyti gölluð leið. Norsk heilbrigðisyfirvöld fóru þá leið í lok síðustu aldar að miða við að 2% barna gætu fengið þverfaglega barnageðlæknisfræðilega þjónustu á ári hverju en hækkuðu síðan viðmiðið í 5%. Frá aldamótum hafa árlega komið til meðferðar á BUGL um fjögur hundruð ný tilfelli barna á aldrinum 5 til 17 ára. Þó flest þessara barna fái úrlausn síns vanda í göngudeildarþjónustu á fáum mánuðum þarf hluti þessa hóps á eftirfylgd deildarinnar að halda til margra ára og einstaka allt upp í tvítugt. Ef heilsugæslan og þjónusta sveitarfélaganna, auk einkareknu sérfræðiþjónustunnar væri öflugri í að taka við málum frá BUGL til eftirfylgdar yrði auðveldara fyrir deildina að taka við nýjum málum og minnka biðlista. Ekki er enn hægt með áreiðanlegum hætti að mæla hversu stóru hlutfalli BUGL sinnir árlega í heild en áætla má hlutfall nýrra mála um 0,6–0,8 % af heildarfjölda barna. Hvort þetta hlutfall á að vera eitt, tvö eða fimm prósent þarf að taka mið af því sem við vitum um útbreiðslu og alvarleika geðraskana barna og þörfinni fyrir þverfaglegum greiningar- og meðferðarúrræðum.

Ekki veit ég hvernig þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í Miðgarði skilgreinir forvarnarvinnu en get upplýst að slík vinna er grundvallaratriði í barna- og unglingageðlækningum. Forvörnum er ekki eingöngu ætlað að draga úr nýgengi geðraskana heldur einnig að minnka afleiðingar þeirra til skemmri eða lengri tíma hjá þeim sem veikjast. Sýnt hefur verið fram á að á barnsaldri sérstaklega, geta tiltekin meðferðarúrræði, til dæmis lyfjameðferð við ofvirkni (ADHD), verið ábatasöm hvað varðar starfsfærni í námi, jafnaldratengsl og líðan barns og fjölskyldu þess, auk þess að draga úr áhættu á misnotkun vímuefna og afbrotum. Rannsóknir hafa líka sýnt að sum úrræði geta verið gagnslaus eða jafnvel skaðleg og má í því samhengi nefna stofnanavistanir barna sem ekki lúta ströngu faglegu eftirliti. Það er því lykilatriði að geta greint á milli gagnsemi, gagnsleysis og skaðsemi þeirra úrræða sem börnum með geðraskanir kann að bjóðast en til þess þarf faglega þekkingu.

Vegna fullyrðinga deildarstjórans um lyfjanotkun barna bendi ég á skýrslu sem Anders Milton og David Eberhard unnu fyrir heilbrigðisráðuneytið á síðasta ári og birt er á vef þess og fjallar meðal annars um notkun lyfja við ADHD hjá börnum hér á landi. Þar segir að lyfjameðferð við ADHD hjá börnum hér á landi sé í samræmi við alþjóðlega faglega þekkingu. Ef deildarstjórinn hefur áhyggjur af ofnotkun lyfja við geðröskunum skjólstæðinga sinna ætti hann að leita með þær áhyggjur til landlæknis sem hefur eftirlit með störfum lækna.

Að lokum, í ljósi þekkingar Helga Viborg á starfsemi BUGL, er honum og samstarfsfólki hans í þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í Miðgarði hér með boðið til kynningar á faglegu starfi deildarinnar við fyrsta hentugleika.

*Höfundur er yfirlæknir Barna- og unglingageðdeildar LSH (BUGL).*



Frosnar EUROSHOPPER kjúklingabringur
EUROSHOPPER kjúklingabringur
1298 KR.
kílóverð
EKKERT BRUÐL
Úrbeinað lambalæri kílóverð nú:
1698 KR.
EKKERT BRUÐL
bonus.is
Komdu í Bónus!
Íslenskur beinlaus lax
Góður á grillið!
Beinlausir laxabitar kílóverð nú:
845 KR.
frá Norðanfiski
BÓNUSFETI
159 KR.
250g
KF SALAT
98 KR.
350g
Bónus býður betur!
Semper barnamatur ALLAR TEGUNDIR!
30% afsláttur við kassann
4 örbylgjupitsur
298 KR.
CHICAGO TOWN
4 pepperonípitsur í kassa!
TRÖLLAPOKI
98 KR.
200g
www.bonus.is
Allur Semper barnamatur á tilboði!



LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


## MERKISATBURÐIR

1671 Hinn írski Thomas Blood reynir að stela krúnudjásnunum úr Tower of London. Hann er gómaður en náðaður af konungi vegna bíræfninnar.

1855 Prentfrelsi er lögleitt á Íslandi að tilskipun konungs.

1926 Richard Byrd og Floyd Bennett fljúga fyrstir manna yfir norðurpólinn.

1955 Vestur-Þýskaland fær inngöngu í NATO.

1974 Rithöfundar sameinast í einu stéttarfélagi, Rithöfundasambandi Íslands.

1978 Sundurskotið lík Aldos Moro, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, finnst í skotti bíls í Róm.

**SKOSKI RITHÖFUNDURINN J. M. BARRIE (1860-1937) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Ekkert er í rauninni vinna, nema þú vildir heldur vera að gera eitthvað annað."*

***Margir eru þakklátir J.M. Barrie fyrir að hafa haldið sig við vinnuna, en ævintýrið um Pétur Pan er hluti af ævistarfi hans.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

BUFFALO BILL

**ÞETTA GERÐIST:** 9. MAÍ 1887

## *Buffalo Bill í Englandi*



Hin vinsæla bandaríska Buffalo Bill-sýning um villta vestrið var í fyrsta sinn sett upp á sviði í Evrópu á þessum degi árið 1887. Fyrirmynd Buffalo Bills, maður að nafni William Frederick Cody, hafði 15 árum áður orðið landsþekktur í Bandaríkjunum þegar hann var gerður að hetju í bókum Edwards Judson, en Cody var vísundaveiðimaður. Það var jafnframt Judson sem sannfærði Cody um að taka þátt í sýningum byggðum á bókunum. Viktoría Englandsdrottning var meðal gesta þegar fyrsta sýningin í Evrópu var sett upp í Earls Court í London. Sýningin vakti mikla lukku og varð síðar heimsþekkt. Hún var sett upp um alla Evrópu og meira að segja sýnd í Mongólíu. Cody vann við sýninguna næstu 30 árin. Eftir að fyrirtækið fór á hausinn hélt hann áfram að koma fram í öðrum svipuðum sýningum þar til tveimur mánuðum fyrir dauða sinn. Cody lést í janúar árið 1917. Hann var jarðaður á Lookout-fjalli, við jaðar Klettafjallanna, með útsýni yfir sléttunar. Þúsundir manna sækja leiði hans heim á hverju ári.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

RAFN ÞÓRISSON: NÝKRÝNDUR ÍSLANDSMEISTARI BARÞJÓNA

# Dreymir um að reka eigið hótel

Rafn Þórisson fagnaði sigri á Íslandsmóti barþjóna sem haldið var á Hótel Nordica síðastliðið sunnudagskvöld. Alls kepptu þrettán barþjónar en Rafn stóð uppi sem sigurvegari með drykknum Toppi sem samanstendur af gini, ferskjulíkjör, þurru Martini og ástaraldinssírópi. Rafn var leystur út með glæsilegum vinningum en hann verður einnig fulltrúi okkar Íslendinga á heimsmeistaramóti barþjóna sem haldið verður í Taívan í nóvember.

Rafn var á fullu við að búa sig undir sveinspróf í framreiðslu þegar Fréttablaðið náði tali af honum og var að fara yfir sígildu drykkina. „Það er nú reyndar ekki mikið pantað af þeim um þessar mundir en það væri hálf glatað að vera Íslandsmeistari og geta ekki blandað Bloody Mary ef um það væri beðið," segir Rafn en þetta var í fyrsta skipti sem hann tekur þátt í þessu móti. „Ég fékk góða hjálp og góða kennslu," svarar Íslandsmeistarinn þegar hann er inntur eftir því hver sé lykillinn að titlinum.

Rafn byrjaði snemma að blanda drykki ofan í þyrsta gesti Eddu-hótelanna og fór í kjölfarið að læra til þjóns. Hann vinnur samfara náminu á Hótel Nordica en segir hugann stefna í hótelrekstur. „Það var eiginlega það sem rak mig út í þetta í fyrstu, draumurinn um að reka mitt eigið hótel," segir Rafn og víst er að þessi titill skemmir ekki fyrir. „Þetta er bara fyrsta skrefið af mörgum," bætir hann við.

Og þótt Rafn starfi á fínu hóteli þá kemur það fyrir um hverja helgi að honum berst óvenjuleg bón. „Ég var einu sinni beðinn um einn einfaldan Angustora bitter en það er ráðlagt að nota einn dropa af því í drykkina. Ég vísaði bóninni bara á bug enda hefði magi viðkomandi bara farið á hvolf."

**freygrigja@frettabladid.is**



**RAFN ÞÓRISSON** Fagnaði sigri í fyrstu atrennu á Íslandsmóti barþjóna síðastliðinn sunnudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SIGURDRYKKURINN TOPPUR**

**3 cl af Beefeater gini**

1,5 cl af Cremé de Peach líkjör
1,5 cl Dry Martini
Ástaraldinssíróp (skvetta)
Létt hrist með klökum, skreytt með ferskjum og ástaraldinssírópi.




Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990




†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hörður Sævaldsson,**

tannlæknir, Sefgörðum 10, Seltjarnarnesi,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju, þriðjudaginn 15. maí kl. 13.00.

**Ragnheiður Marteinsdóttir**
**Helga Harðardóttir** — **Sturla Jónsson**
**Hildur Harðardóttir** — **Óskar Einarsson**
**Friðrika Þóra Harðardóttir** — **Friðbjörn Sigurðsson**
**Hjördís Edda Harðardóttir** — **Arnór Halldórsson**
**Ragnheiður Harðar Harðardóttir** — **Lýður Þorgeirsson**
**Sævaldur Hörður Harðarson** — **Dagný Lind Jakobsdóttir**
**Hörður Harðarson**
**Sigríður Marta Harðardóttir,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar ástkæri,*

**Hallur Kristjánsson**

dýralæknir, Fogedvænget 74, 8722 Danmörku,

varð bráðkvaddur sunnudaginn 6. maí. Jarðsett verður frá kirkjunni í Hedensted föstudaginn 11. maí kl.13.00.

**Birgitta Bonde** — **Sara Hallsdóttir Bonde**
**Inger Hallsdóttir** — **Kristján Baldvinsson**
**Lizzie Bonde**
**Halldóra Kristjánsdóttir, Baldvin Þ. Kristjánsson, Kristján Ingi Kristjánsson, Elías Kristjánsson og fjölskyldur.**



†

*Útför móður okkar,*

**Guðrúnar Jónasdóttur**

frá Öxney, (Guðrúnar í Galtarey),

verður gerð frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 11. maí kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Þroskahjálp.

**Hreinn Jóhannsson**
**Sigríður Jóhannsdóttir**
**Brynja Jóhannsdóttir**
**og fjölskyldur okkar.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn Árnason**

skógarbóndi og fyrrverandi bæjarverkfræðingur í Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Neskirkju föstudaginn 11. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, Reikningur: Landsbankinn 0140-26-24402, kt. 600269-4109.

**Kristín Björnsdóttir** — **Friðrik Már Baldursson**
**Árni B. Björnsson** — **Halldóra Bragadóttir**
**Sigríður Björnsdóttir** — **Valur Ragnarsson**
**Björn Ágúst Björnsson** — **Kristín Lúðvíksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar ástkæra móðir, dóttir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Bryndís Svavarsdóttir**

fv. bankastarfsmaður, Efstalandi 6, Reykjavík,

sem lést aðfaranótt laugardagsins 28. apríl, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni föstudaginn 11. maí kl. 13.00.

**María Björk Óskarsdóttir** — **Þór Sigurgeirsson**
**Haukur Óskarsson** — **Hulda Bjarnadóttir**
**María Steingrímsdóttir**
**systkini, barnabörn og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Valdimar Lárusson,**

Fv. aðstoðarvarðstjóri, Kópavogsbraut 1b,

lést að morgni 1. maí á heilbrigðisstofnunni á Hvammstanga. Hann verður jarðsunginn fimmtudaginn 10. maí kl. 13.00 frá Kópavogskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á SPES barnahjálpina, bankareikningur 1151-26-2200 kt. 471100-2930.

**Kristrún Jónsdóttir**
**Sigrún Valdimarsdóttir** — **Víglundur Gunnþórsson**
**Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir** — **Haraldur B. Þorkelsson**
**Vilmar Þór Víglundsson** — **Anna Nordberg**
**Kristinn Rúnar Víglundsson.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hrefna Víkingsdóttir**

frá Hrísey, Skarðshlíð 9a,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 5. maí. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 11. maí kl. 14.

**Sigurbjörn Ögmundsson**
**Sigurjón Sigurbjörnsson** — **Jónína Kr. Ólafsdóttir**
**Sveinbjörn Sigurbjörnsson** — **Helena Hilmarsdóttir**
**Ingunn Sigurbjörnsdóttir** — **Geir Óskarsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

# Bílar hafa ekki áhrif á umhverfið

Við hjá Brimborg lítum svo á að bílar hafi ekki áhrif á umhverfið – heldur fólkið sem nýtir þá, á þá, ekur þeim, þjónustar þá, selur þá, framleiðir þá. Öll berum við ábyrgð á þeim lífsgæðum sem við viljum hafa á morgun og stefnt er að í dag. Við hjá Brimborg trúum því að við sjálf, í samvinnu við aðra, finnum réttu leiðina að þeim lífsgæðum sem gildi okkar vísa á. Hvort sem þau eru kölluð verðgildi eða manngildi. Við viljum vera í hópi þeirra bestu. Við viljum gæði. Við viljum ný tákn um lífsgæði.

Við hjá Brimborg fundum leið sem við viljum keyra í gegn. Við fundum leið til að sameinast. Við fundum leið sem hjálpar okkur að fara sömu leið. Við fundum þá leið að staðla vinnubrögð okkar og þannig sameina okkur sem liðsheild. Við erum sigurviss.

Við viljum gæðastjórnun. Við höfum unnið að því í marga mánuði og kostað til þess miklum fjármunum að standast kröfur um vottun alþjóðlega gæðastaðalsins ISO 9001: 2000 – fyrst íslenskra bílaumboða. Og bráðum fáum við einnig umhverfisvottun samkvæmt staðlinum ISO 14001. Við sameinumst enn frekar í leið okkar að bættum lífsgæðum. Við hjá Brimborg höfum einnig óskað eftir úttekt og vottun á jafnlaunastefnu okkar í samræmi við tillögur samráðshóps félagsmálaráðherra um launajafnrétti.

Við erum öruggur staður að vera á. Brimborg fylgir vistvænni stefnu í víðasta skilningi þess orðs um það að vera hvort tveggja – öruggur vinnustaður og öruggur kaupstaður – fyrir fólk sem hefur það að leiðarljósi að bæta stöðugt hag sinn og möguleika í hringiðu lífsins með aukin lífsgæði og vellíðan að markmiði.
Vistin hjá Brimborg er væn fyrir starfsfólk, viðskiptavini, birgja og annað áhugasamt fólk um væn gildi, hvort sem þau eru verðgildi eða manngildi.

Núna vitum við hvar við erum. Núna vitum við hvert við viljum fara.
Vonandi áttum við okkur einnig á því hvenær við erum komin þangað.
Við erum sigurviss.

*Gleðilegt sumar,*
*starfsfólk Brimborgar*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA Talnablinda, tólf stig.

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** MUN FYLGJAST MEÐ EUROVISION Á LAUGARDAG



Kosningavertíðin er ekki í uppáhaldi hjá mér. Ég hef alla tíð fengið köfnunartilfinningu, ef ekki útbrot, þegar pólitíkusarnir byrja að karpa. Og ég man að minnsta kosti ekki eftir stjórnmálaumræðum sem hafa ekki endað í karpi svona í svipinn. Það myndi henta mér mun betur að fá stefnuskrár flokkanna sendar heim í þægilegum bæklingum sem ég gæti borið saman yfir kaffibolla og súkkulaði. Í seinni tíð hef ég þar að auki fengið snert af talnablindu sem veldur því að skoðanakannanirnar sem einkenna þetta tímabil ofar öllu öðru valda mér eiginlega bara hugarangri og hausverk. Prósentur, fjárhagsáætlanir og vísitölur flokkast í sama hólf.

Ég var aldrei sérstaklega hrifin af stærðfræði þegar ég sat á grunnskólabekk hérna í denn. Ég var ekkert óskaplega léleg í henni, ég var bara ein af þeim stóra hópi fólks sem skildi ekki alveg hvernig algebra á að gagnast manni í daglegu lífi. Svo ekki sé nú minnst á lógaritma, heildun, diffrun og allan þennan aragrúa af hugtökum sem ég hef ekki lengur hugmynd um hvað þýðir.

Ég er óðum að reka mig á að stærðfræðikennararnir höfðu rétt fyrir sér. Maður þarf að nota stærðfræði í lífinu, til dæmis á kosningavertíð. Að mínu viti er líka ekki til neitt gott uppflettirit í námsgreininni, ekki eins og wikipedia sem bætir upp fyrir alla sögutímana sem ég skrópaði í á augabragði. Mig sárvantar slíkt rit, og fyrst að það skortir lýsi ég eftir „Stærðfræði fyrir fávita“ í takt við útlensku „for idiots“ bækurnar sem til eru um nánast hvaða efni sem er. Eða hreinlega „Pólitík fyrir fávita,“ hún myndi ekki heldur koma sér illa.

Ég er svartsýnni en svo að ég haldi að þær bækur verði til fyrir laugardaginn. Þess vegna verður væntanlega kveikt á Eurovision í mínu sjónvarpi. Tólf, tíu og átta stig er hæfilega flókinn reikningur fyrir mig.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




NASA
PÁLL ÓSKAR KYNNIR
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 12. MAÍ 2007
EUROVISION PARTY
ENN OG AFTUR TRYGGIR
DJ PÁLL ÓSKAR ÞJÓÐINNI
STANSLAUST STUÐ OG SPILAR
BESTU EUROVISION LÖG
ALLRA TÍMA, ALLA NÓTTINA
FRAM KOMA:
PÁLL ÓSKAR
SILVÍA NÓTT
SELMA BJÖRNS
FRIÐRIK ÓMAR
HELGA MÖLLER
PÁLMI GUNNARSSON
...OG FLEIRI GÓÐAR ÍSLENSKAR
STJÖRNUR ÚR EUROVISION-
SÖGU ÍSLANDS.
SAMA HVERNIG ALLT FER, KOSNINGAR EÐA EUROVISION,
ÞÁ VERÐUR MESTA STUÐIÐ Á NASA.
FRÁ KL. 23.00 – 5.30
MIÐAVERÐ KR. 2000.-
FORSALA Á NASA V. AUSTURVÖLL FÖSTUDAGINN 11. MAÍ KL. 13-17
S. 511-1313 / WWW.NASA.IS
ICELANDAIR
NASA.IS

**! Kl. 20.30**

*Söngtónleikar með yfirskriftinni „Ljóðalög Jóns Hlöðvers“ verða haldnir í Ketilhúsinu á Akureyri. Eins og nafnið gefur til kynna verða á söng-skránni eingöngu lög eftir Akureyringinn Jón Hlöðver Áskelsson. Flytjendur á tónleikunum eru: Margrét Bóasdóttir sópran og Daníel Þorsteinsson á píanó ásamt kammerkórnum Hymnodia undir stjórn Eyþórs Inga Jónssonar.*



# menning

menning@frettabladid.is

## >Ekki missa af…

**spænskri kvikmyndahátíð** í **Háskólanum í Reykjavík.** Hátíðin hefst á morgun og stendur fram á laugardag en aðgangur er algjörlega ókeypis.

**Frá einum til óendanleika**, samsýningu fimm norrænna textíllistamannanna í **Listasafni ASÍ.** Listamennirnir vinna með ólík efni og tjáningarmáta; þeirra **Önnu Þóru Karlsdóttur** og **Guðrúnar Gunnarsdóttur** frá Íslandi, **Marianne Mannsåker** frá Noregi og **Agneta Hobin** og **Kristiina Wiherheim.**








SYSTURNAR EFTIR TEMMU BELL.

# Ein dóttirin og foreldrar hennar

**Föstudaginn 10. maí kl. 17 verður opnuð í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, sýning á málverkum listakonunnar Temmu Bell.**

Temma Bell hefur gert málverkið að sínum miðli og hefur unnið að list sinni í meira en þrjá áratugi. Myndefni hennar er fyrst og fremst landslagið beggja vegna Atlantsála, hið íslenska annars vegar og uppsveitir New York-ríkis hins vegar þar sem hún býr með fjölskyldu sinni. Dæturnar fjórar, dýrin á búgarði fjölskyldunnar og hversdagslífið verður henni gjarnan að yrkisefni. Allt þetta dregur hún sterkum dráttum í málverkum sínum og hefur skapað sér sjálfstæðan og afar áhugaverðan stíl í list sinni.

Í hugum Íslendinga hefur nafn listmálarans Temmu Bell sterka tengingu við nafn móður hennar, Louisu Matthíasdóttur, sem er einn merkasti listmálari sem þjóðin hefur átt, og einnig við nafn föður hennar, bandaríska listamannsins Leland Bell. Verk þeirra þriggja voru á sýningunni „Af listmálarafjölskyldu“ sem sett var upp í Hafnarborg sumarið 2000, aðeins nokkrum mánuðum eftir lát Louisu. Á þeirri sýningu voru verk Louisu og Lelands í forgrunni. Á sýningunni sem nú er efnt til í Hafnarborg eru það verk Temmu sem athyglinni er beint að.

Líf Temmu hefur frá unga aldri verið mótað af myndlistinni. Hún var virkur þátttakandi í listsköpun foreldranna og þeirri umræðu um listir sem fram fór á æskuheimilinu. Síðar fór hún sjálf í listnám og sýnir reglulega í New York og víðar. Ung kom hún líka til Íslands í fylgd með móður sinni og hefur alla tíð átt sér athvarf hér og dvalið í lengri og skemmri tíma til að mála og rækta samband við vini og fjölskyldu. Líkt og Louisa móðir hennar hefur Temma tengt löndin tvö, Ísland og Bandaríkin, bæði í lífi sínu og list.

Sýningin er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl 11 til 17 og fimmtudaga er opið til kl. 21. Síðasti sýningardagur er sunnudagurinn 24. júní.



ÍSLENSK-BANDARÍSKA LISTAKONAN TEMMA BELL Í HAFNARBORG.




# NÝJAR BÆKUR

Út er komin bókin Sögustríð: greinar og frásagnir um hugmyndafræði eftir dr. Sigurð Gylfa Magnússon sagnfræðing. Í bókinni er að finna sjónarhorn höfundar á þróun og stöðu háskólasamfélaga hér á landi og erlendis. Bókin er að hluta til fræðileg sjálfsævisaga Sigurðar Gylfa þar sem hann rekur margvísleg átök hins akademíska heims á undangengnum fimmtán árum. Að auki er að finna tvær greinar eftir tvo bandaríska sagnfræðinga, dr. Peter N. Stears og dr. Harve J. Graff, um fræðilegar hugmyndir höfundarins og stöðu félagssögunnar í heiminum í dag. Eitt aðalviðfangsefni bókarinnar er samræðuhugtakið, hvernig samræðu er stjórnað innan og utan háskólasamfélagsins og hvaða öfl takast þar á um völd og áhrif. Hugtök á borð við „vald", „kynjun", „pólitík" og „akademía" koma einnig við sögu auk ættarbanda, stofnanavæðingar og tengsla hugmynda sem skipta máli fyrir framtíð hinna skapandi stétta. Bókin er gefin út af Miðstöð einsögurannsókna og ReykjavíkurAkademíunni á tíu ára afmæli hins síðarnefnda. Í bókinni er að finna yfirgripsmikinn gagnagrunn um sögustríðið, samantekt um þá umræðu sem átt hefur sér stað um hugmyndafræði hugvísinda frá árinu 2000 til ársloka 2006.




Forlagið JPV gefur út bókina Listin að stjórna eigin lífi. Bókin fjallar um sjálfstjórn í verki og byggist meðal annars á fjölbreyttri þekkingu á tilfinningagreind, þ.e. hæfileikanum til að bera kennsl á, skilja, bregðast við og stýra tilfinningum sínum með það fyrir augum að nýta þær til að skapa það líf sem maður vill lifa. Til að ná árangri í lífinu og geta stýrt sjálfum okkur og öðrum verðum við nefnilega að átta okkur á styrkleikum okkar og hvernig við nýtum þá sem best. En há greindarvísitala og tæknileg þekking er ekki nóg, við verðum að virkja tilfinningagreind okkar til að ná lengra, við verðum að hafa hjartað með í ráðum ekkert síður en heilann – en þá verða okkur líka allir vegir færir. Randi B. Noyes er sérhæfður stjórnendaþjálfari og eftirsóttur fyrirlesari. Hún hefur haldið fjölda námskeiða og fyrirlestra um árangurstengda sjálfstjórn þar sem tilfinningagreind er ein mikilvægasta stoðin og starfað náið með fjölda stórfyrirtækja.







# Nám samhliða starfi
## - styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

**Kynningarfundur verður haldinn í húsi Endurmenntunar 9. maí kl. 16:30**

**NÁM SAMHLIÐA STARFI**

Rekstrar- og viðskiptanám - **3 misseri, 27 ein.**
Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti - **3 misseri, 27 ein.**
Mannauðsstjórnun - **3 misseri, 18 ein.**
Þjónustustjórnun - **2 misseri, 18 ein.** Í samstarfi við viðskipta og hagfræðideild HÍ *nýtt*
Verkefnastjórnun, leiðtogaþjálfun - **2 misseri, 12 ein.**
Gæðastjórnun - **2 misseri, 12 ein.** Í samstarfi við verkfræðideild HÍ *nýtt*

Nýjar og spennandi námsbrautir í boði - kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja ná forskoti á vinnumarkaði.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is



Víkingur Kristjánsson
**17. sæti** Reykjavíkurkjördæmi suður
leikari
Reykjavík

Ásta Arnardóttir
**9. sæti** Reykjavíkurkjördæmi suður
leiðsögumaður og jógakennari
Reykjavík

Halldór Halldórsson
**19. sæti** Reykjavíkurkjördæmi norður
tónlistarmaður
Mosfellsbæ

Hildur Hákonardóttir
**17. sæti** Suðurkjördæmi
vefari
Selfossi

Guðmundur Hólmar Jónsson
**7. sæti** Norðvesturkjördæmi
tónlistarmaður
Syðsta-Ósi í Húnaþingi-Vestra

**ALLT ANNAÐ LÍF!** - með vinstri grænum

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir **Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.**
Sun. 13/5 kl. 20:00 **nokkur sæti laus. Allra síðasta sýning!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fös. 11/5 **nokkur sæti laus**, lau. 19/5 **nokkur sæti laus**, lau. 25/5. **Síðustu sýningar í vor! Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!**

**CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.**
Þri. 15/5, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5 **nokkur sæti laus.**

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.**
Sun. 13/5 **nokkur sæti laus**, fös. 18/5, fös. 25/5. Sýningum fer fækkandi **Umræður eftir sýninguna 13/5 með Viðari Þorsteinssyni heimspekingi og 18/5 með Ingólfi Ibraheem Shaheen.**

**Kassinn**

**HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.**
Sun. 13/5 **uppselt**, mið. 16/5, **örfá sæti laus** og fim. 17/5 **nokkur sæti laus**, fös. 18/5 **uppselt**, lau. 19/5 **uppselt**, sun. 20/5 **örfá sæti laus**, fim. 24/5 **uppselt**.

**LES KUNZ - Gestasýning frá Frakklandi á vegum Listahátíðar**
Fös. 11/5 kl. 17:00 **uppselt**, lau. 12/5 kl. 14:00 **uppselt.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA, Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur**
Lau. 12/5 kl. 11:00 **uppselt** og 12:15 **örfá sæti laus**, sun. 13/5 kl. 11:00 **uppselt** og 12:15 **örfá sæti laus**, lau. 19/5 kl. 11:00 og kl.12:15, sun. 20/5 kl. 11:00 og 12:15.

**Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is**
**Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.**
**Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!**

**Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is**
**Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!**


# Forvitin fluga á veggnum

Margverðlaunuð kvikmynd leikstjórans Florians Henckel von Donnersmarck, Líf annarra, gerist í sundruðu Þýskalandi árið 1984, austanmegin í Berlín hefur öryggislögreglan Stasi nef sitt í hvers manns koppi og vænisýkin er í hámarki. Stasi-liðinn Wiesler (Ulrich Mühe) er að undirlagi menningarráðherrans Brunos Hempf fenginn til að njósna um leikskáldið Dreymann (Sebastian Kock) og leikkonuna Christu-Mariu Sieland (Martina Gedeck) en peðið Wiesler veit þó ekki að það vakir helst fyrir ráðherranum að komast í brækur leikkonunnar.

Wiesler tekur starf sitt alvarlega og grunar Dreymann um græsku en þegar á líður fær hann sífellt meiri samúð með parinu, sem hann hlerar og njósnar um tímunum saman. Bakland sögunnar í eftirlitsþjóðfélagi Austur-Þýskalands er bæði skelfilegt og grátbroslegt og tekst Donnersmarck að skapa mjög trúverðuga mynd af andrúmslofti tortryggninnar, kerfisbundnum ofsóknum og þrúguðum listamönnum. Pólitíkin tekur aldrei yfir atburðarásina, sem fyrst og fremst snýst um fólk í annarlegum heimi, hugmyndir um traust, breyskleika og fórnfýsi. Leikskáldið Dreymann dansar á línu flokkshollustunnar þar til félagi hans, sem verið hefur á svörtum lista stjórnvalda, fremur sjálfsmorð og Dreymann skrifar grein í Der Spiegel sem síst er þóknanleg Kommúnistaflokknum. Á þeim tíma hafa hlutverk hans og Wieslers snúist við og Stasi-maðurinn er farinn að skrifa leikritið.

Hér helst allt í hendur við að skapa eftirminnilegt listaverk með áhrifamikinn boðskap. Leikaranir, þá sér í lagi Mühe, eru afbragð og handrit leikstjórans virkilega vel úr garði gert. Það eru ekki margar persónur í myndinni en jafnvel minnstu hlutverkin eru vel mótuð. Það var helst óbermisráðherrann sem var full ýktur – síétandi og sílspikaður fauti og holdtekning spillingar. Útlit myndarinnar og allt yfirbragð var heildstætt og sviðsetningarnar trúverðugar. Allt var mátulega temprað og litlaust til þess að miðla grámanum.

Þrátt fyrir allt er Líf annarra líka lúmskt fyndin mynd og nær leikstjórinn afbragðsvel að spila á jafnvægið milli hláturs og hroða – hér er ekki beitt ódýrum brögðum né yfirkeyrðri dramatík heldur mætti fremur kenna áherslurnar við þýska hófsemi. Líf annarra er afbragðs spennumynd og eftirminnileg sögustund sem allir ættu að sjá.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**



**KVIKMYNDIR**

**Das Leben des Anderen**

Leikstjóri og handritshöfundur: Florian Henckel von Donnersmarck / Aðalhlutverk: Ulrich Mühe, Martina Gedeck og Sebastian Koch.

★★★★

Verulega vel skrifuð, leikin og útreiknuð mynd um áhrifamikið efni.


## „ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 26/5 AUKASÝNING
Síðasta sýning

**HIPP HOPP GESTASÝNING**
Pokemon Crew: Gestasýning frá Frakklandi.
Í kvöld kl. 20
Miðaverð 2.000

**LADDI 6-TUGUR**
Fim 10/5 kl. 22:30 UPPS.
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14 UPPS.
Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20
Fim 21/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Fim 10/5 kl.20 UPPS. Fös 11/5 kl. 20 UPPS.
Lau 12/5 kl.14 Sun 13/5 kl. 20
Lau 19/5 kl.20 UPPS. Sun 20/5 kl. 20 UPPS.
Fös 25/5 kl. 20 UPPS. Lau 26/5 kl. 20 UPPS.
Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20
Sun 3/6 kl. 20 Fim 7/6 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 16/5 kl. 20 Síðasta sýning
Styrktarsýning fyrir Eddu Heiðrúnu Backman

**DAGUR VONAR**
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Fös 11/5 kl. 20
Sun 13/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20
Fim 31/5 kl. 20

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 13/5 kl. 13 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl.14 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl.15 AUKASÝNING
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

**EILÍF HAMINGJA**
Í kvöld kl. 20 AUKASÝNING
Síðasta sýning

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
10. maí kl. 20 Uppselt
11. maí kl. 20 Uppselt
12. maí kl. 14
13. maí kl. 20
19. maí kl. 20 Uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is





ÁBBABABB! eftir Dr. Gunna
13. maí sun kl. 14
20. maí kl. 14
*Síðustu sýningar*

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
11 maí fös 12 sýning kl 20
*Síðasta sýning*

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



**STILLUM HITANN HÓFLEGA**
Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið
www.stillumhitann.is



## Viðburðir Landnámsseturs í maí

**fö. 11. kl. 15**
- Mýramaðurinn - aukasýning laus sæti
**fö. 11. kl. 20** - Mr. Skallagrímsson laus sæti
**la 12. kl. 20** - KK og Einar laus sæti
**mi.16.kl. 16** - Mr. Skallagrímsson aukasýning - örfá sæti laus
**mi.16 kl. 20** - Mr.Skallagrímsson Uppselt
**fö. 18. kl. 20** - Mýramaðurinn
**lau.19. kl.20** - Mr.Skallagrímsson Uppselt
**sun. 20. kl. 20** - KK og Einar laus sæti
**fö. 25. kl. 20** - Mr. Skallagrímsson Uppselt
**lau 26. kl. 20** KK og Einar laus sæti
**má. 28. kl.20** Mýramaðurinn

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsíngar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600





Einar Már Guðmundsson
**20. sæti** Reykjavíkurkjördæmi norður
rithöfundur
Reykjavík

Arndís Soffía Sigurðardóttir
**8. sæti** Suðurkjördæmi
ferðaþjónustubóndi
Fljótshlíð

Einar Laxness
**21. sæti** Reykjavíkurkjördæmi suður
sagnfræðingur
Reykjavík

Lísa Kristjánsdóttir
**7. sæti** Reykjavíkurkjördæmi norður
aðstoðarleikstjóri
Reykjavík

Hlynur Hallsson
**18. sæti** Norðausturkjördæmi
myndlistarmaður
Akureyri

**ALLT ANNAÐ LÍF!** - með vinstri grænum



**VINSAMLEGAR OG VÍÐFÖRLAR** Skotturnar Skoppa og Skrítla skemmta börnum í Þjóðleikhúsinu.

# Snúa aftur

Vinkonurnar Skoppa og Skrítla hafa snúið aftur í Ævintýraland Þjóðleikhússins. Leikkonurnar Hrefna Hallgrímsdóttir og Linda Ásgeirsdóttir eru í hlutverkum Skoppu og Skrítlu en Hrefna gerir einnig handritið. Hallur Ingólfsson semur tónlistina og búninga og leikmynd gerir Katrín Þorvaldsdóttir. Leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson.

Sýningin um Skoppu og Skrítlu var frumsýnd í október á síðasta ári en þar er á ferðinni leikhúsupplifun með söng og dansi fyrir börn 9 mánaða og eldri. Sýningin er um fjörutíu mínútur að lengd. Áhorfendur eru virkjaðir með í söng og dansi og við að leysa ýmsar þrautir sem á vegi verða í framvindu leiksins. Skoppa og Skrítla nota tákn með tali svo að sem flest börn fái notið sýningarinnar.

Þær stöllur eru nýkomnar úr leikferð um Bandaríkin en ferð sú gekk vonum framar og hafa þær fengið boð um að snúa aftur til New York í haust.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

6 7 8 **9** 10 11 12

### Miðvikudagur

### TÓNLEIKAR

☐ 20.30 **Stórsveit Reykjavíkur** heldur tónleika í **Iðnó**. Stjórnandi og einleikari á trompet verður **Jesper Riis** frá Danmörku. Jesper Riis telst til fremstu trompetleikara Dana, einkum á sviði stórsveita, auk þess að vera mikilvirkur útsetjari og tónskáld.

☐ 21.00 Hljómsveitin **Dikta** heldur tónleika á **Dillon**, Laugavegi 30. Hljómsveitin **Ourlives** hitar upp. Aðgangur ókeypis.

☐ 22.00 Hljómsveitin **The Tiny Thorvaldsen Trio** leikur djass á **Thorvaldsen Bar** í Austurstræti.

### UPPÁKOMUR

☐ 20.00 **Átakskvöld** á skemmtistaðnum **Hressó** í Austurstræti í tilefni af hátíðinni **List án landamæra**. **Átak**, félag fólks með þroskahömlun, skipuleggur samveru- og menningarkvöldið en þar flytja félagsmenn ljóð og syngja.







fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Landbúnaðarráðherra klæðist kindinni

„Þetta er óskaplega skemmtilegt og íslenska sauðkindin er mikið módel,“ segir Guðni Ágústsson en Gunnlaugur Ingivaldur Grétarsson, annar eigandi bolabúðarinnar Ósóma, afhenti landbúnaðarráðherranum eitt stykki Kind-bol í gær. Eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrir skömmu notast ungir framsóknarmenn við íslensku sauðkindina í sinni auglýsingaherferð fyrir alþingiskosningarnar en þau Þórdís Claessen og Gulli í Ósóma hafa gert kindina nánast ódauðlega í reykvískri götutísku með kindarbolum sínum. Bauðst Þórdís í kjölfarið til þess að gefa landbúnaðarráðherranum alvöru kindarbol enda hefði það verið langþráður draumur hjá henni. Og nú hefur hann ræst.

„Mér þótti mjög vænt um þetta boð því mér þykir mjög vænt um íslensku sauðkindina,“ sagði Guðni en bolurinn sem hann fékk er grænn eins og litur Framsóknarflokksins. „Við getum étið kindina upp til agna og svo er ullariðnaðurinn í miklum blóma enda unga fólkið allt í ullarpeysum um þessar mundir,“ sagði hann. „Og það er eitt sem er svolítið merkilegt við íslensku kindina og það er að hún er í eðli sínu íslensk en líka ákaflega alþjóðleg. Og þannig nær hún til hjarta allra,“ bætir Guðni við. „Svo er íslenska kindin líka í tísku og ég vil tolla í henni.“

**- fgg**



**GUÐNI OG BOLURINN**
Gulli í Ósóma afhenti landbúnaðarráðherranum bolinn í hádeginu í gær.

## FÓLKIÐ Í HELSINKI

**ANDRIJANA JOVANOVSKA FRÁ MAKEDÓNÍU:**



**Hver heldur þú að vinni?** „Ég held að Úkraína vinni. Það lag er að minnsta kosti ótrúlega vinsælt hér í Finnlandi, Hvíta Rússland og Serbía eiga líka möguleika en ekki jafn mikla.“
**Hvernig líst þér á íslenska framlagið?** „Lagið er sæmilegt en Eiríkur er æðislegur. Hann hefur mjög mikla útgeislun og svo kom það mér skemmtilega á óvart hvað hann er indæll þegar ég náði að tala við hann.“

**JARMO SIIM FRÁ EISTLANDI:**



**Hver heldur þú að vinni?** „Úkraína, ég hreinlega elska þá, maður fær ekki nóg af því að horfa á þetta atriði og lagið er gott.
**Hvernig líst þér á íslenska framlagið?** „Eiríkur er mjög svalur gaur og lagið er kraftmikið. Ég vona að það komist upp úr undankeppninni.”

**ANNIKA BRUSHANE:**



**Hver heldur þú að vinni?** „Ég vona að Þýskaland eða Ísland vinni. Það eru mjög kraftmikil og flott lög.”
**Hvernig líst þér á íslenska framlagið?** „Ég elska Eirík. Hann er svo sterkur og kraftmikill. Svona alvöru maður. Ég held að Íslendingar eigi lang glæsilegasta söngvarann.”

**MARTTI IMMONEN FRÁ FINNLANDI:**



**Hver heldur þú að vinni?** „Úkraína er mjög flott. Fólk fílar hann, hana, það eða hvað sem þetta nú er sem syngur lagið. Arfur þjóðlagatónlistarinnar kemur mjög vel út í því. Það eru líkur á því að við séum aftur á leið til Úkraínu. Georgía er líka flott enda minnir það mjög á Björk.“
**Hvernig líst þér á íslenska framlagið?** „Elska það alveg hreint. Íslendingar senda alltaf mjög flott lög. Ég verð samt að fá að segja, “komdu aftur Silvía Nótt”.



**SLÆR Í GEGN** Eiríkur Hauksson hefur vakið mikla athygli í Finnlandi þar sem hann keppir í forkeppni Eurovision annað kvöld. Fjölmiðla- og áhugafólk um keppnina segir hann þann eina sem geisli af alvöru karlmennsku á sviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kynþokki Eiríks þykir ærandi

**Flestir spá Úkraínu sigri í Söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva í ár. Lagið þykir ekki það besta en dragdrottningin sem það syngur nær athygli allra. Flutningur Eiríks Haukssonar þykir hrífandi en það eru kyntöfrar hans sem helst eru til umræðu í tengslum við framlag Íslendinga.**

Kynþokki Eiríks Haukssonar er mikið til umræðu meðal fjölmiðla- og áhugafólks á Eurovision í Helsinki. „Það er alltof mikið af einhverjum píslum þarna, Íslendingurinn er sá eini sem geislar af alvöru karlmennsku á sviðinu. Slíkt hefur lengi vantað,“ varð Ninu Talmén, finnskri blaðakonu, að orði í samræðum blaðamanna og áhugamanna um keppendur í fjölmiðlahöll keppninnar. Undir þau orð tóku aðrir heilshugar og kinkuðu kolli til samþykkis. Ein kona lét sér það þó ekki nægja heldur æpti upp yfir sig á ensku með sænskum hreim. „Já, hann er svo ótrúlega sexí.“

### Silvía Nótt gaf tóninn

Þótt kynþokki Eiríks þyki ærandi er laginu frá Úkraínu mun oftar spáð sigri í keppninni. Ekkert annað lag virðist jafn sigurstranglegt og það. Flestir kunna lagið þeirra Dancing Lasha Tumbai og dilla sér eins og dragdrottningin í álklæðunum, Verka Serduchka.



**ÚKRAÍNA SIGURSTRANGLEG**
Dragdrottningin Verka Serduchka keppir fyrir Úkraínu í ár og þykir sigurstrangleg. Hún má þakka velgengni sína því að fólk er ýmsu vant eftir framgöngu Silvíu Nætur í keppninni í fyrra.

Meira að segja þeir sem þola ekki lagið spá því orðið sigri vegna þeirrar athygli sem það fær.

„Úkraína notar sér þá arfleifð sem þið Íslendingar skylduð eftir með Silvíu Nótt. Fólk þolir orðið meira sprell eftir að hún gerði allt vitlaust í Grikklandi,“ sagði Martti Immonen, einn fremsti Eurovision-spekingur Finna þegar hann var spurður álits á því hvaða lið væri sigurstranglegast. Hann kvaðst mjög ánægður með þær breytingar sem Silvía gerði en segir líklegt að ef jafn undarlegt lag og það úkraínska vinni nú, á eftir latex-skrímslunum í Lordi, eigi einhverjum eftir að finnast sem keppnin sé komin út í of mikla vitleysu.

### Gott ef Eiríkur vinnur

„Mér fannst Eiríkur frábær í Gleðibankanum en þá fékk hann ekki að njóta sín eins og hann er. Leðrið nú fer honum miklu betur, hann tekur sig rosalega vel út á sviðinu, eiginlega vona ég að hann vinni. Það væri gott fyrir keppnina að fá mann eins og hann í sigursætið,“ bætti Martti því næst við.

Það leikur enginn vafi á því að ekkert vantar upp á kyntöfra Eiríks í Helsinki. Spurningin er hvort þeir og lag hans Valentine-Lost dugi til þess að koma Íslendingum upp úr undankeppninni.

**karen@frettabladid.is**



EUROVISION

upphitun í ZIK ZAK

20%

af öllum vörum

til 12. maí



Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi

ZIK ZAK

TÍSKUHÚS




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 - 11 | B.I. 10 ÁRA |
| SPIDERMAN 3 SÝND Í LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 | |
| NEXT | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | B.I. 14 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 5.45 - 10.15 | B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 10.30 | B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 8 | B.I. 16 ÁRA |
| TMNT | kl. 4 - 6 | B.I. 7 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.30 - 8.30 - 11.20 | B.I. 10 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 8 - 10.15 | B.I. 16 ÁRA |
| INLAND EMPIRE | kl. 5.45 - 9 | B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 6 - 8 - 10 | B.I. 18 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 6 - 8 - 10.40 | B.I. 10 ÁRA |
| NEXT | kl. 6 - 9 - 11 | B.I. 14 ÁRA |

MIÐASALA Á midi.is

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Þrjú ár í lokaþátt Lost


**LOST** Þrjár þáttaraðir til viðbótar af Lost verða teknar upp.

Þrjár þáttaraðir til viðbótar af hinum vinsælu sjónvarpsþáttum Lost verða teknar upp. Eftir það ljúka þættirnir göngu sinni, árið 2010. Að sögn framleiðenda mun lokaþátturinn sem svo margir hafa beðið eftir koma fólki gjörsamlega í opna skjöldu.

„Vegna sérstöðu þáttanna vissum við að við yrðum að finna tímasetningu á lokaþáttinn til að geta haldið áfram af fullum krafti og til að gefa áhorfendum þann endi sem þeir eiga skilið,“ sagði forseti sjónvarpsstöðvarinnar ABC. Hver þáttaröð hefur að geyma sextán þætti þar sem haldið verður áfram að fylgjast með eftirlifendum flugslyss og ævintýrum þeirra á eyðieyju.

Á sínum tíma horfðu tuttugu milljónir Bandaríkjamanna á Lost í hverri viku en nú hefur áhorfið hrapað niður í tólf milljónir. Einnig hefur dregið töluvert úr áhorfinu í Bretlandi. Guðmundur Ingi Kristjánsson, innkaupastjóri erlends efnis hjá RÚV, segir að áhorfið hafi verið að aukast úti í heimi eftir töluverða lægð. „Þeir urðu að gera hlé í vetur og það tók svolítinn tíma að ná áhorfinu upp eftir það. Þeir hafa ekki náð sömu hæðum og í fyrra en það kvöld sem Lost er sýnt er þátturinn vinsælasta efnið á öllum sjónvarpsstöðvum,“ segir Guðmundur, en þriðja þáttaröðin er í gangi um þessar mundir.

Hann segir að Lost sé með um 20 til 30 prósenta áhorf hér á landi og sé næstvinsælasti erlendi þátturinn hjá RÚV, skammt á eftir Desperate Housewives. „Fólk virðist vera ánægt með þáttinn þótt hann höfði kannski meira til yngri hópanna,“ segir Guðmundur og telur litla sem enga þreytu vera komna í áhorfendur. „Ég heyri það frekar í eldri geiranum. Þeir sem byrjuðu að horfa segja að þetta sé orðin óttaleg vitleysa en það hefur ekki komið niður á áhorfinu.“





HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8- 10.30 | B.I. 16 ÁRA |
| NEXT | kl. 8 - 10.15 | B.I. 14 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 10.20 | B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN 2 FYRIR 1 | kl. 5.40 - 8 | B.I. 12 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ 2 FYRIR 1 | kl. 5.50 - 8 | B.I. 12 ÁRA |
| HOT FUZZ | kl. 5.40 - 10.10 | B.I. 16 ÁRA |

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919

Réttu tækin í þrifin
Háþrýstingur á bílinn, stéttina og húsið




Nilfisk-ALTO P160 1-15 B X-tra
Dæluþrýstingur: 160 bör.
Vatnsmagn: 650 l/klst.

Nilfisk-ALTO C120 2-6
Dæluþrýstingur: 120 bör.
Vatnsmagn: 520 l/klst.

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

Tilboðið gildir út maí 2007 eða meðan birgðir endast.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6234C




SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SPIDER MAN 3 | kl. 3:30 - 6 - 9 - 10:30 | B.i.10 | THE GOOD SHEPERD | kl.10:10 | B.i.12 |
| SPIDER MAN 3 VIP | kl. 6 - 9 | | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| BLADES OF GLORY | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | ROBINSON F... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | Leyfð |
| SHOOTER | kl. 8 | B.i.16 | WILD HOGS | kl. 8 | b.i 7 |
| BREACH | kl. 8:10 - 10:30 | B.i.12 | BECAUSE I SAID SO | kl. 6 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| NEXT | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 | |
| BLADES OF GLORY | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | B.i.12 | |
| THE MESSENGERS | kl. 8 | B.i.16 | |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| 300. | kl. 10 | B.i.16 | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 8 - 10 | B.i. 10 |
| BLADES OF GLORY | kl. 8 | Leyfð |

www.SAMbio.is

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BLADES OF GLORY | kl 8 - 10 | B.i.12 |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl 8 | Leyfð |
| BREACH | kl. 10 | B.i.12 |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan **Brittany Murphy** giftist handritshöfundinum **Simon Monjack** í laumi á dögunum, samkvæmt Us Weekly. Parinu tókst að halda brúðkaupinu algerlega leyndu frá ljósmyndurunum sem setja mark sitt oftar en ekki á brúðkaup Hollywood-stjarnanna. Í mars sást til parsins þar sem það skoðaði trúlofunarhringa hjá gullsmiði fræga fólksins, **David Yurman**, og síðastliðinn laugardag birtust þau svo með giftingarhringi í stíl. Brittany var trúlofuð tæknimanninum **Joe Macaluso** þar til í ágúst á síðasta ári.



Hjónaband **Madonnu** og **Guys Ritchie** er á hálum ís. Hjónin yrða varla hvort á annað og verja æ fleiri nóttum hvort í sínu svefnherbergi. „Þau hafa verið upp á kant í langan tíma og núna gera þau nánast ekkert saman,“ segir vinur parsins við News of the World. Ættleiðing Madonnu á **David Banda** frá Malaví gerði víst útslagið, en fjölmiðlasirkusinn í kringum ættleiðinguna var Ritchie mjög á móti skapi.



Dómari í Los Angeles hefur bannað **David Hasselhoff** að umgangast börn sín, eftir að upptaka af leikaranum þar sem hann er ofurölvi rataði á netið. Á upptökunni heyrist sextán ára dóttir Hasselhoffs, Taylor, grátbiðja föður sinn um að hætta að drekka. Dómarinn hefur því svipt fyrrverandi Baywatch-leikarannumgengnisrétti en hann má enn hafa samband við dætur sínar í gegnum síma. Hasselhoff á að mæta fyrir dóm 21. maí, en fyrst þarf fjölskyldan öll að sækja tíma hjá sálfræðingi. Úrskurður sálfræðingsins mun hafa mikla þýðingu við ákvörðun dómarans.



Sjónvarpsstjarnan **Ty Pennington**, sem er hvað þekktastur fyrir atorkumikla framgöngu sína í þáttunum Extreme Makeover: Home Edition, var handtekinn á laugardag vegna gruns um ölvunarakstur. Honum var sleppt tveimur tímum síðar, eftir að hafa borgað sem samsvarar ríflega 300.000 krónum í tryggingu, og gert að mæta fyrir rétt 4. júní.





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8131

GLITNIR

## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR VALSMÖNNUM 3. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2007

> LYKILMAÐURINN



**Atli Sveinn Þórarinsson** er áfram í leiðtogahlutverki í Valsvörninni og ber auk þess fyrirliðabandið í forföllum Sigurbjörns Hreiðarssonar. Atli hefur leikið mjög vel undanfarin tímabil og á mikinn þátt í að Valsmenn hafa bara fengið á sig 34 mörk undanfarin tvö sumur. Atli er stór og sterkur leikmaður sem gerir fá mistök og er skynsamur í öllum sínum aðgerðum. Samvinna Atla og Barry Smith gekk mjög vel í fyrra og Valsliðið tapaði ekki deildarleik eftir að þeir fóru að spila hlið við hlið.

# Þriðja árið hans Willums

Fréttablaðið heldur áfram að telja niður að Íslandsmótinu í knattspyrnu og við spáum Valsmönnum þriðja sætinu.

Í fyrra náðu Valsmenn að halda sæti sínum meðal þriggja bestu liðanna í fyrsta sinn síðan árið 1988 og voru í raun aðeins nokkrum sekúndum frá því að vinna KR í lokaleiknum og hreppa þar með 2. sætið annað árið í röð. Valsmenn hafa áfram verið duglegir á félagskiptamarkaðnum og breiddin í liðinu er meiri en í fyrra. Helgi Sigurðsson kom frá Fram og spilar sína fyrstu leiki í efstu deild á Íslandi í tíu ár og Valsmenn vonast til að eignast í honum langþráðan tíu marka mann. Enginn skoraði fleiri en sex mörk í Valsliðinu síðasta sumar. Liðið gerði átta jafntefli í síðustu tólf leikjum sínum í deildinni og vantaði þar tilfinnanlega leikmann til að gera út um leikina.

Willum Þór Þórsson hefur gert frábæra hluti með Valsmenn og komið Hlíðarendaliðinu í hóp bestu liða landsins eftir áratuga fjarveru. Þriðja árið er hins vegar runnið upp hjá Willum Þór og ef þjálfaraferill hans er skoðaður eru það ekki alltof góðar fréttir fyrir Valsmenn. Undir hans stjórn voru Þróttarar næstum því fallnir niður í C-deild á hans þriðja ári sumarið 1999 og KR-ingar enduðu í 6. sæti sumarið 2004 eftir að Willum Þór hafði gert þá að Íslandsmeisturum tvö ár á undan.

Þetta er stórt sumar fyrir Valsmenn, sem komast loksins heim á Hlíðarenda í haust eftir að hafa spilað á Laugardalsvellinum undanfarið. Heimavallarleysið háir Valsmönnum því sem fyrr en takist Willum að brjótast út úr álögum þriðja ársins hefur liðið alla burði til þess að berjast um titilinn líkt og undanfarin tvö ár.



> X - FAKTORINN

**Guðmundur Benediktsson** hefur verið aðalhönnuður Valssóknarinnar undanfarið og hefur gefið 19 stoðsendingar síðustu tvö sumur. Guðmundur er ekki að verða yngri og meiðslahrjáður ferill hefur tekið sinn toll. Haldi hann út og taki jafnvel upp á því að fara að nýta færin sín aftur fara Valsmenn langt.

| OKKAR EINKUNN 1-10 | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÞJÁLFARI | 8 | VÖRN | 9 | SÓKN | 8 | LIÐSSTYRKUR | 9 | ÁHORFENDUR | 7 |
| MARKVARSLA | 8 | MIÐJA | 9 | BREIDD | 8 | HEIMAVÖLLUR | 3 | HEFÐ/REYNSLA | 8 |

Gengi í vormótum 2007




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2006 3. sæti | 2005 2. sæti | 2004 1. sæti (B-deild) | 2003 10. sæti | 2002 1. sæti (B-deild) | 2001 9. sæti |

Haukar safna liði:

## Arnar Jón skrifar undir

**HANDBOLTI** Skyttan örvhenta Arnar Jón Agnarsson er búin að skrifa undir samning við Hauka um að leika með félaginu næstu árin. Hann mun taka stöðu Árna Þórs Sigtryggssonar, sem er líkast til á förum frá félaginu.

Arnar Jón er þriðji leikmaðurinn sem Haukar fá á skömmum tíma en áður höfðu Gunnar Berg Viktorsson og Gísli Guðmundsson gengið í raðir þeirra.

ÍR-ingurinn Björgvin Guðmundsson er búinn að ræða við Aron Kristjánsson, þjálfara liðsins, og mun gefa Haukum svar fyrir helgi um hvort hann gangi í raðir félagsins eður ei. - hbg



**ÁFRAM HANDBOLTI?** Fylkir reynir til þrautar.

Handboltalið Fylkis:

## Spilaðu með

**HANDBOLTI** Handknattleiksdeild Fylkis hefur boðað til fundar í Fylkishöllinni klukkan 19.30 í kvöld.

Þeir sem hafa áhuga á að leika með liðinu í 1. deild að ári eða styðja við bakið á handboltanum hjá Fylki eru hvattir til að mæta. - hbg






# Kjartan hættir hjá Celtic

**Kjartan Henry Finnbogason mun ekki leika áfram með skoska meistaraliðinu Celtic. Kjartan segist vilja spila á Englandi en útilokar ekki að spila í Landsbankadeildinni í sumar. Theodór Elmar gæti verið áfram hjá Celtic.**

**FÓTBOLTI** Framherjinn Kjartan Henry Finnbogason mun ekki spila áfram með Celtic. Hann staðfesti það í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann mun tjá forráðamönnum félagsins ákvörðun sína á næstu dögum. Kjartan segist helst vilja spila á Englandi en segist engu að síður spenntur fyrir því að leika í Landsbankadeildinni í sumar.

„Ég er búinn að ákveða að vera ekki áfram hér hjá Celtic og mun tilkynna félaginu það á næstunni," sagði Kjartan Henry við Fréttablaðið í gær. Hann kemur til Íslands 17. maí næstkomandi og neitar því ekki að það sé freistandi að spila í Landsbankadeildinni í sumar.

„Það eru nokkur lið heima búin að hringja í mig. Ég mun samt ekki taka neinar ákvarðanir strax og mun bíða og sjá hvað gerist hér ytra næstu vikurnar. Ég er spenntastur fyrir að spila á Englandi og vonandi fæ ég tækifæri til þess," sagði Kjartan en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru ÍA, Fylkir og Víkingur á meðal þeirra liða sem hafa borið víurnar í framherjann unga og efnilega. „Ef ég kæmi heim er voða erfitt annað en að spila með mínu gamla félagi, KR. Ég get varla hugsað mér það en við verðum að sjá til. Það þarf að skoða margt í þessu samhengi."



**KJARTAN HÆTTIR** Kjartan Henry Finnbogason, til hægri, mun hætta hjá Celtic í lok tímabils en Theodór Elmar verður hugsanlega áfram hjá félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Félagi Kjartans hjá Celtic, Theodór Elmar Bjarnason, hefur ekki enn gert upp hug sinn varðandi framtíðina en hann útilokar ekki að vera áfram hjá Celtic enda fengið fleiri tækifæri en Kjartan með aðalliðinu og fimm sinnum setið á varamannabekk liðsins.

„Ég er í samningaviðræðum og að skoða mín mál. Ég er í raun opinn fyrir öllu og það eru möguleikar á að fara til Skandinavíu, Englands, Hollands og Belgíu meðal annars," sagði Theodór við Fréttablaðið í gær en hann ætlar sér ekki að sitja mikið meira á bekknum hjá Celtic. „Ég vil fara að spila með aðalliði og ef Celtic getur ekki gefið mér augljós merki um að ég fái að spila meira kemur ekki til greina að framlengja hér."

henry@frettabladid.is

Mikið meiðsli í herbúðum bikarmeistara Keflavíkur:

## Fimm á meiðslalista Keflavíkur

**FÓTBOLTI** Nú skömmu áður en keppni í Íslandsmótinu hefst eiga Keflvíkingar við mikil meiðsli að stríða. Fimm leikmenn liðsins eru tæpir fyrir fyrsta leik liðsins gegn KR á mánudagskvöldið.

Guðmundur Mete verður ekki með fyrr en í júní vegna bakmeiðsla og tognunar aftan í læri. Félagi hans í vörninni, Kenneth Gustafsson, er einnig tæpur. Þetta staðfesti Kristján Guðmundsson, þjálfari liðsins, við Fréttablaðið í gær.

Enn er óvíst um stöðu Guðmundar Steinarssonar og Nicolai Jörgensen en báðir meiddust



**GUÐMUNDUR STEINARSSON** Einn þeirra sem eiga við meiðsli að stríða í Keflavík.

þeir í meistaraleiknum gegn FH á sunnudaginn. Þá er Ingvi Rafn Guðmundsson enn tæpur.

„Við megum ekki við svo miklum meiðslum enda ekki með jafn breiðan hóp og til dæmis FH, KR og Valur," sagði Kristján. - esá

Áfall fyrir Blika:

## Haaland með slitið krossband

**FÓTBOLTI** Stig Krohn Haaland, leikmaður Breiðabliks, er með slitið krossband í hné og verður lítið sem ekkert með Blikum í sumar. Hann stóð sig mjög vel með Blikum í síðastliðið sumar er hann lék í stöðu hægri bakvarðar og var einn öflugasti maður liðsins.

Haaland fer þó ekki í uppskurð vegna meiðslanna en Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, vonast til að Haaland gæti hugsanlega náð síðustu umferðunum í mótinu. - esá




# Verðsprengja

## Gerðu verðsamanburð!



### Sterling 1104

- 8.7kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli
- 2710cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- 1677cm² - án hliðarborðs/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- 1Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ rafeinda kveikjukerfi
- Innbygður hitamælir
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18 cm / 7" hjól

**TILBOÐ**
**18.999kr**
Verð áður 24.999-



### Sterling 2584

- 13.2kW / 50.000BTU Dual-H brennarar úr ryðfríu stáli
- Porselín húðaðar járngrindur
- Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Lineral Flow™ gasventlar
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ rafeinda-kveikjukerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með innbyggðum áhaldabökkum
- 2 stór 18 cm hjól með gúmmí dekk
- 6,4 cm læsanleg hjól

**TILBOÐ**
**33.999kr**
Verð áður 42.999-



### Sterling 1716

- 11.4kW / 48,000 BTU Dual H™ brennari úr ryðfríu stáli
- 3742cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- 2129cm² - án hliðarborðs/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ rafeinda kveikjukerfi
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhalda-krókum

**TILBOÐ**
**23.999kr**
Verð áður 29.999-

## **20% afsláttur** af GrillPro aukahlutum

**TILBOÐ**
**20%**
**afsláttur**

GRILLPRO



Gildir til 13. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

Kristján Örn Sigurðsson eftirsóttur víða:

# Bröndby og tyrkneskt lið vilja Kristján Örn



KRISTJÁN ÖRN Hér í leik með norska liðinu Brann. NORDIC PHOTOS/AFP

**FÓTBOLTI** Norski fjölmiðillinn iBergen.no fullyrti í gær að bæði Bröndby og topplið frá Tyrklandi hefðu áhuga á Kristjáni Erni Sigurðssyni, leikmanni Brann. Per Bjerregaard, framkvæmdastjóri Bröndby, vildi lítið segja um málið en sagði þó að félagið hefði verið með útsendara á leik Brann um helgina til að fylgjast með leikmanni liðsins.

Heimildir iBergen herma að Bröndby hafi einnig fylgst með Kristjáni Erni á síðasta tímabili. Kristján framlengdi samning sinn í vetur til ársins 2009 en sá gamli átti að renna út í haust.

Þá kemur einnig fram að topplið í Tyrklandi hafi áhuga á Kristjáni Erni og hafi lengi fylgst með honum, rétt eins og Bröndby.

Að síðustu kemur fram að danskt og belgískt félag hafi áhuga á Ólafi Erni Bjarnasyni, sem einnig leikur með Brann. Samningur hans við félagið rennur út í haust.

Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Kristjáns, sagði að áhugi væri fyrir honum víða að, meðal annars frá Tyrklandi.

Kristján Örn og Ólafur Örn hafa verið fastamenn í vörn Brann undanfarin tvö tímabil og áttu ríkan þátt í góðu gengi liðsins síðastliðið tímabil. Liðinu er einnig spáð góðu gengi í ár og er liðið sem stendur í öðru sæti deildarinnar með tíu stig eftir fimm umferðir. - esá


Alþingiskosningar 2007
Hverju svara stjórnmálaflokkarnir þegar spurt er um íþróttir ?
Svörin eru á www.isi.is



Rafstöðvar
Bensín- og díselrafstöðvar í stærðum 2,5 kW -4,2 kW.
HAGSTÆTT VERÐ
ÞÓR HF REYKJAVÍK - AKUREYRI


ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is



Loftpressur
Mikið úrval loftpressa fyrir iðnfyrirtæki, iðnaðarmenn og í bílskúrinn. Hagstætt verð.

ÞÓR HF REYKJAVÍK - AKUREYRI
ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is




ÞJÁLFARARNIR Hér sjást þjálfarar liðanna í Landsbankadeild karla sumarið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# FH og Valur verja titlana

**Spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna var birt á kynningarfundi Landsbankadeilda karla og kvenna í gær. Nýliðunum er spáð falli úr deildunum í haust.**

**FÓTBOLTI** Karlalið FH og kvennalið Vals verða Íslandsmeistarar í knattspyrnu í haust gangi spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna eftir en KSÍ hélt kynningarfund fyrir Landsbankadeildir karla og kvenna í gær.

FH hefur verið spáð Íslandsmeistaratitlinum síðustu tvö árin og í bæði skiptin hefur liðið unnið öruggan sigur. „Ég er mjög sáttur við það að okkur sé spáð titlinum. Ég er ánægður með að við erum með alla menn heila þegar mótið byrjar og við eigum að vera tilbúnir með okkar sterkasta lið fyrir mót,“ segir Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH. „Öll sú pressa sem við búum við kemur frá okkur sjálfum því það er enginn annar sem býr til pressu á okkur. Við þekkjum ykkur blaðamenn og umhverfið orðið það vel að við látum ekkert trufla okkur,“ bætir Ólafur við.

Ekki er búist við miklu af nýliðum HK í sumar. „Ég get ekki sagt að við séum hræddir við þessa spá. Þetta er það sem við bjuggumst við og engu við það að bæta. Við höldum okkar striki og sjáum hverju það skilar okkur,“ sagði Gunnleifur Gunnleifsson, fyrirliði HK, sem segir að stemmningin í hópnum sé frábær. „Við hlökkum mikið til sumarsins enda erum við í fyrsta sinn að spila í efstu deild. Það er auðvitað stórkostlegt. Að sama skapi verður kannski reynsluleysið erfitt fyrir okkur en við ætlum að hugsa jákvætt. Ef samstaðan helst, sem og trúin á sjálfa okkur, hef ég ekki miklar áhyggjur.“

Karladeildin hefst á laugardaginn en konurnar byrja á mánudag.

ooj@frettabladid.is, - esá

## SPÁIN FYRIR SUMARIÐ

**Landsbankadeild kvenna:**

| | |
|---|---|
| 1. Valur | 227 stig |
| 2. KR | 220 |
| 3. Breiðablik | 188 |
| 4. Keflavík | 145 |
| 5. Stjarnan | 143 |
| 6. Fylkir | 118 |
| 7. Þór/KA | 68 |
| 8. Fjölnir | 65 |
| 9. ÍR | 41 |

**Landsbankadeild karla:**

| | |
|---|---|
| 1. FH | 281 stig |
| 2-3. KR | 252 |
| 2-3. Valur | 252 |
| 4. Keflavík | 201 |
| 5. Fylkir | 157 |
| 6. Breiðablik | 133 |
| 7. Fram | 129 |
| 8. ÍA | 108 |
| 9. Víkingur | 94 |
| 10. HK | 43 |

Diego Corrales látinn tæplega þrítugur að aldri:

# Lést í mótorhjólaslysi



SLYSIÐ Engan skyldi undra að Corrales hafi ekki lifað slysið af miðað við ástandið á mótorhjóli hans. NORDIC PHOTOS/GETTY

**HNEFALEIKAR** Diego Corrales, tvöfaldur heimsmeistari í hnefaleikum, lést í mótorhjólaslysi í Las Vegas aðfaranótt þriðjudags, 29 ára gamall. Á ferli sínum vann hann 40 af 45 bardögum sínum, þar af 33 með rothöggi.

„Hann liggur þarna í þessum töluðu orðum undir hvítu laki með hjálminn enn á sér. Það lítur út fyrir að hann hafi kastast talsverða vegalengd,“ sagði Gary Shaw, umboðsmaður Corrales, í gær.

Eftir gæfuríkan feril sem áhugamaður í hnefaleikum gerðist hann atvinnumaður árið 1996. Hann vann IBF-titilinn í fjaðurvigt árið 1999 og varði hann svo ári síðar. Árangurinn hans þá var 33-0.

Fyrsta tap hans kom gegn Floyd Mayweather árið 2001. Þá kepptust þeir um WBC-titilinn en Mayweather sló Corrales fimm sinnum í gólfið í bardaganum. Eftir síðasta höggið stöðvaði þjálfari Corrales bardagann.

Stærsti bardagi hans var árið 2005 gegn Jose Luis Castillo. Corrales vann á stigum. Eftir það átti hann í vandræðum með að halda sér nógu léttum fyrir fjaðurvigtina og náði ekki sömu hæðum eftir það. - esá

Landsleikur við England:

# Átta Valsstelpur í hópnum

**FÓTBOLTI Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna, valdi átta leikmenn Vals í 18 manna hóp sinn fyrir vináttulandsleik við England 17. maí.** - óój

## LANDSLIÐSHÓPURINN:

| | |
|---|---|
| Guðrún Sóley Gunnarsd. | Breiðablik |
| Greta Mjöll Samúelsdóttir | Breiðablik |
| Anna Björg Björnsdóttir | Fylkir |
| Erla Steina Arnardóttir | Jersey Sky Blue |
| Edda Garðarsdóttir | KR |
| Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir | KR |
| Katrín Ómarsdóttir | KR |
| Þóra Björg Helgadóttir | Leuven |
| Ásthildur Helgadóttir | Malmö FF |
| Helga Sjöfn Jóhannesdóttir | Stjarnan |
| Katrín Jónsdóttir | Valur |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | Valur |
| Dóra María Lárusdóttir | Valur |
| Ásta Árnadóttir | Valur |
| Rakel Logadóttir | Valur |
| Guðný Björk Óðinsdóttir | Valur |
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | Valur |
| Sif Atladóttir | Valur |


Rakamælir í kaupbæti
Kauptu 10 lítra Flügger 97, viðarvörn sem stenst afburðavel íslenska veðráttu og fáðu rakamæli í kaupbæti.
Mældu rakastigið í tréverkinu áður en þú málar - til að tryggja góðan árangur.
Sæktu þér góð ráð og leiðbeiningar í næstu Flügger verslun og á www.flugger.is




Flügger litir
Reykjavík Stórhöfði 44 - Snorrabraut 56 - Skeifunni 4
Kópavogur Bæjarlind 6
Hafnarfjörður Dalshraun 13
Keflavík Hafnargata 90
Akureyri Austursíða 2
Borgarnes Egilsholt 1

# STÆRRI OG GLÆSILEGRI SMÁRALIND

Vegna framkvæmda við Smáralind viljum við benda viðskiptavinum okkar á breytingar sem verða á bílastæðum við vesturenda Smáralindar.






Nú er að hefjast nýr áfangi í uppbyggingu Smáralindar sem mun leiða til aukinnar þjónustu við viðskiptavini. Í Norðurturninum, sem verður glæsileg bygging með einstakri ásýnd, mun m.a. verða eitt stærsta bílastæðahús landsins.

Við biðjum viðskiptavini okkar og nágranna velvirðingar á ónæðinu meðan á verkframkvæmdum stendur. Óhjákvæmilegt verður að loka bílastæðum tímbundið en við bendum sérstaklega á bílastæði við Debenhams.

Bílastæðahúsið verður tilbúið í lok nóvember en þar verða 750-800 bílastæði fyrir viðskiptavini Smáralindar. Áætluð verklok á byggingu Norðurturnsins eru 2009.



## ANDIE MACDOWELL

Andie skrifaði undir samning við Elite þegar hún var tvítug en það var á svipuðum tíma sem hún birtist fyrst í auglýsingum fyrir L'Oreal-hárvörurnar. Ellefu árum síðar réð Steven Soderbergh hana í aðalhlutverkið í myndinni Sex, Lies and Videotape sem kom henni endanlega á stjörnukortið. Andie leikur í Beauty Shop á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ ÞREMUR HÖRKUBARDÖGUM

# *Barist til síðasta blóðdropa*

Þrír bardagar voru áberandi í sjónvarpinu í liðinni viku. Fyrst var barist í undanúrslitum Meistaradeildarinnar þar sem Liverpool og AC Milan höfðu viljann sem þurfti til sigurs í tveimur skemmtilegum leikjum og um síðustu helgi mættust síðan hnefaleikakapparnir Oscar De La Hoya og Floyd Mayweather í hörkubardaga. Upphitunarþáttur fyrir einvígið var sýndur á Sýn strax eftir síðari leikinn í Meistaradeildinni og tókst honum að kynda vel upp í manni. Þó ekki svo vel að maður færi að vaka til fjögur eða fimm aðfaranótt sunnudags eftir bardaganum heldur nóg til að maður horfði á hann endursýndan morguninn eftir.



De La Hoya og Mayweather börðust grimmilega allt þar til bjallan hringdi í síðustu lotunni og mátti þá ekki á milli sjá hvor þeirra hefði borið sigur úr býtum. Mayweather stóð á endanum uppi sem sigurvegari og tilkynnti um leið að hann ætlaði að hætta á toppnum. De La Hoya ætlaði að sjá til hvort hann myndi hætta en var að vonum svekktur yfir tapinu, þó svo að hann sjái varla eftir þeim eina og hálfa milljarði sem hann fékk fyrir bardagann.

Líklega hélt ég aðeins meira með De La Hoya í bardaganum. Hann var áskorandinn og álitinn slakari og oftast hefur maður tilhneigingu til að halda með lítilmagnanum. Þjálfarinn hans var einnig búinn að leggja á sig ómælt erfiði til að þjálfa hann upp þótt hann væri með Parkinson-sjúkdóminn eftir að hafa sjálfur boxað frá sér alla heilsu.

Annars var bardaginn fínn og Bubbi náði sér ágætlega á strik í lýsingunni þó svo að það vantaði sárlega Ómar til að espa hann betur upp.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.35** Nýgræðingar SJÓNVARPIÐ



▶ **22.05** Medium STÖÐ 2



▶ **22.00** The Last Samurai STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.30** Entertainment Tonight SIRKUS



▶ **20.00** According to Jim SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.00 Talið í Söngvakeppni** (3:3)
**15.25 Flokkakynning - Frjálslyndi flokkurinn** (3:7)
**15.40 Flokkakynning - Samfylkingin** (4:7)
**16.00 Kastljós - Borgarafundur**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki** (8:19)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (33:42)
**18.30 Suðandi stuð** (13:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ljóta Betty** (13:22) Komi til oddaleiks í deildabikarnum í handbolta verður hann sýndur kl. 20.15 og Ljóta Betty færist til kl. 21.1.
**21.00 Skemmtiþáttur Catherine Tate** (6:6)
▶**21.35 Nýgræðingar**
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Flokkakynning - Framsóknarflokkurinn** (5:7)
**22.40 Flokkakynning - Íslandshreyfingin - Lifandi land** (6:7)
**22.55 Formúlukvöld**
**23.20 Kastljós**
**00.20 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007** (4:4) e.
**01.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Dickie Roberts: Former Child Star**
**08.00 Diary of a Mad Black Woman**
**10.00 One Fine Day**
**12.00 Beauty Shop**
**14.00 Diary of a Mad Black Woman**
**16.00 One Fine Day**
**18.00 Beauty Shop**
**20.00 Dickie Roberts: Former Child Star**
▶**22.00 The Last Samurai** Dramatísk hasarstríðsmynd.
**00.30 The 51st State**
**02.00 In Hell** (The Savage)
**04.00 The Last Samurai**

## STÖÐ 2

**07.20 Batman**
**07.40 Myrkfælnu draugarnir** (86:90)
**07.50 Myrkfælnu draugarnir** (87:90)
**08.05 Oprah**
**08.50 Í fínu formi 2005**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (45:114)
**10.15 Most Haunted** (18:20)
**11.10 Fresh Prince of Bel Air 4**
**11.35 Man's Work** (5:15)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Life on Mars** (2:8)
**14.05 Osbournes** (9:10) (e)
**14.40 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**15.50 Smá skrítnir foreldrar**
**16.13 Pocoyo**
**16.23 Stubbarnir**
**16.48 Kalli og Lóla**
**17.03 Könnuðurinn Dóra**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 Kosningafundur Stöðvar 2** Kosningasjónvarp vegna alþingiskosninganna sumarið 2007.
**20.30 Extreme Makeover** (18:23) Lachele hefur alla tíð dreymt um að verða hjúkrunarkona en vinnur við að annast andlega fatlað fólk. Hún fær tækifæri til að láta drauminn um nýtt útlit rætast.
**21.15 Strictly Confidential** (4:6)
▶**22.05 Medium** (13:22)
**22.50 Oprah** Oprah ræðir við 64 ára ömmu sem sat nakin fyrir í nýrri Dove-auglýsingaherferð. Einnig verður rætt við konur sem virðast hafa fundið lykilinn að eilífri æsku.
**23.35 Grey's Anatomy** (20:25)
**00.20 Kompás**
**00.55 May** Hrollvekja sem fær hárin til að rísa. Stranglega bönnuð börnum.
**02.25 DNA**
**03.35 Medium** (8:22)
**04.20 Strictly Confidential** (4:6)
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
▶**19.30 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**19.55 Daisy Does America**
**20.20 American Inventor**
**21.10 Supernatural** (13:22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.
**22.00 Shark** (18:22) Nýir bandarískir spennuþættir sem fjalla um stjörnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari eftir að hafa getið sér gott orð sem verjandi fræga fólksins. Með aðalhlutverk fer hinn margverðlaunaði skapgerðarleikari James Woods.
**22.50 Las Vegas** (4:17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas. James Caan er hér í hlutverki Big Ed Deline, yfirmanns öryggismála í stóru spilavíti þar sem allt getur gerst.
**23.35 Da Ali G Show**
**00.05 My Name Is Earl 2 - NÝTT** (e)
**00.30 Gene Simmons: Family Jewels**
**00.55 Entertainment Tonight** (e)
**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray**(e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**14.45 Vörutorg**
**15.45 Innlit / útlit** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
▶**19.30 Will & Grace** (e)
**20.00 According to Jim** (7:22)
**20.30 Fyrstu skrefin** (11:12) Í kvöld verður fylgst með mömmumorgni með ungmæðrum í Hafnarfirði og farið í þrívíddarsónar með tilvonandi foreldrum.
**21.00 America's Next Top Model - NÝTT** Tyra Banks er mætt aftur til leiks og leitar að nýrri ofurfyrirsætu.
**22.00 Jericho** (15:22) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandaríkjum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkuárásir á bandarískar borgir.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur. Ray og Debra verða fyrir áfalli þegar þau sjá höggmynd eftir Marie, vegna þess að hún lítur út eins og leggöng.
**23.15 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**00.05 Close to Home** (e)
**00.55 Kidnapped** (e)
**01.45 Beverly Hills 90210** (e)
**02.30 Melrose Place** (e)
**03.15 Vörutorg**
**04.15 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Að leikslokum** (e)
**14.00 Charlton - Tottenham** (frá 7. maí)
**16.00 Man. City - Man. Utd**.(frá 5. maí)
**18.00 Eggert á Upton Park** (e)
**18.40 Chelsea - Man. Utd.** (beint)
**21.00 Að leikslokum** (e)
**22.00 Ítalski boltinn** (frá 6. maí)
**00.00 Þrumuskot** (e)
**01.00 Dagskrárlok**




Ævintýralega gott!

Miðjarðarhafs skötuselsfiðrildi í tómat og basil.

Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir

Búðakór 1 / Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / Tjarnarvöllum 15 www.fiskisaga.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.40**

### Ísland í dag - kosningar 2007

Ísland í dag og Fréttastofa Stöðvar 2 ferðast um landið og stýra borgarafundum í öllum kjördæmum. Sigmundur og Svanhildur taka við spurningum og leiða umræður á staðnum en Egill Helgason mun greina viðkomandi kjördæmi og ræða á gagnrýninn hátt um málefni þess. Í kvöld verður formannafundur í Reykjavík.



### AMERICA'S NEXT TOP MODEL Skjáreinn kl. 21.00

Tyra Banks mætir aftur til leiks með glænýja þætti. Þetta er áttunda fyrirsætuleitin í Bandaríkjunum en fyrsti þáttur þessarar seríu mældist með meira áhorf en nokkru sinni fyrr. Að þessu sinni hefja 33 stúlkur leikinn en aðeins 13 komast áfram eftir fyrsta þátt. Sem fyrr búa stúlkurnar saman meðan þær eru í þáttunum og það er mikil dramatík í lúxusvillunni í Los Angeles.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Sögur af sjó og landi
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Heima er best
**21.00** Út um græna grundu
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Dostojevskí
**23.05** Fallegast á fóninn
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**07.00 Þýski handboltinn** (Göppingen - Gummersbach)

**17.10 Þýski handboltinn** (Göppingen - Gummersbach)

**18.25 Gillette World Sport 2007**

**18.55 Spænska bikarkeppnin** Bein útsending frá leik Sevilla og Deportivo í spænsku bikarkeppninni í knattspyrnu. Tekst Sevilla að vinna þrjá bikara á tímabilinu?

**20.55 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**

**21.25 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.

**22.10 Spænska bikarkeppnin** (Sevilla - Deportivo) Útsending frá leik í spænsku bikarkeppninni í knattspyrnu.

**23.50 Heimsmeistaramótið í Póker** (World Cup of Poker) Heimsmeistaramótið 2006 í Póker sem fram fór á Spáni síðastliðið haust. Þar tóku Íslendingar þátt í fyrsta sinn og verður spennandi að fylgjast með gengi þeirra.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

### DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Ud i det blå **7.00** Grønne haver **7.30** Smagsdommerne **8.10** En prædikestol efter mål **8.25** OBS **8.30** Byens Rum **9.00** Den 11. time **9.30** Hold masken **10.00** TV Avisen **10.10** Kontant **10.35** Ud i naturen **11.00** Hvad er det værd **11.25** Aftenshowet **12.20** Hokus Krokus **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Special **14.15** SKUM TV **14.30** Pucca **14.35** Hannah Montana **15.00** Verdernes bog **15.30** Der var engang **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Den svenske kongefamilie på besøg i Danmark **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalkommissær Foyle **21.40** Onsdags Lotto **21.45** Iværksætterne **22.15** Boogie Update **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Gnotterne **6.00** Postmand Per

### NRK 1

**7.30** Hvorfor, Ouafa? **8.00** Siste nytt **8.05** Muntlig spørretime **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Sinbads fantastiske reiser **13.30** Kim Possible **14.00** Siste nytt **14.03** Amigo **14.30** Fabrikken **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Perspektiv: Utblåsning **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** Ugler i mosen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Der fartøy flyte kan **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Migrapolis: Mann med stor M **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.50** Lov og orden: New York **22.30** Bomben i lasten **4.25** Frokost-tv

### SVT 1

**7.30** Ramp höjdare **8.00** Leila, née en France **8.25** Sport mit Simone **8.30** The day I got the sack **8.55** Quirks **9.00** Garage guld **10.00** Rapport **10.05** En ljusglimt i mörkret **11.55** Julius Caesar **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Plus **15.30** Krokodill **16.00** Fifi och blomsterfröna **16.10** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.15** En unge till **16.25** Bumsfilibaba igen **16.30** Hjärnkontoret **16.45** Klister **17.00** Polleke **17.30** Rapport **18.00** Vädrets makter **18.30** Mitt i naturen **19.00** Robins **19.30** Extras **20.00** Fröken Sverige **21.30** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.50** I sinnets våld **22.50** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige







Mér er alvara þegar ég segi að Íslandshreyfingin sé sú viðbót í íslenskum stjórnmálum sem getur fellt stóriðjustefnuna.

Mér er alvara þegar ég bendi á að yfirtaka Alcoa á Alcan geti orðið forsmekkurinn að því að eitt fyrirtæki eignist öll álverin og áframhaldandi einkavæðing færi orkuauðlindina í fárra hendur, líkt og þegar þjóðin afhenti sjávarauðlindina án endurgjalds með kvótakerfinu fyrir 23 árum.

Mér er alvara þegar ég tala um tálsýn ráðamanna um sex álver sem þurfa alla virkjanlega orku landsins á útsöluverði en afraksturinn yrði aðeins tvö prósent af vinnuafli landsins. Stóriðjustefnan mun valda óbætanlegum spjöllum á einstæðri náttúru Íslands, því verðmætasta sem okkur hefur verið falið að varðveita fyrir komandi kynslóðir og mannkyn allt.

Það er hægt að skapa betri og fleiri störf með mengunarlausri starfsemi og minni orkunotkun. Allt sem hefur græna ímynd stígur nú hratt í verði og flekklaus ímynd Íslands getur skapað gríðarleg verðmæti fyrir samfélagið.

**Nú er kosið um framtíð Íslands. Fellum stóriðjustefnuna 12. maí – í næstu kosningum er það of seint.**

Ómar Ragnarsson
formaður Íslandshreyfingarinnar lifandi lands

ÍSLANDSHREYFINGIN lifandi land

## GAMLA MYNDIN



*„Þessi mynd er úr kvikmyndinni 65. grein lögreglusamþykktarinnar svo ég er í búningi. Ég lék þjattaðan einkabílstjóra sem var algjör snobbhæna og fussaði og sveiaði í allar áttir.“*

Hörður Torfason, tónlistarmaður og leikari.

Myndin var tekin sumarið 1973.

# Brynhildi skipt út fyrir breska leikkonu

„Skjótt skipast veður í þessum bransa. Þetta er vissulega súrt í broti en svona getur þetta verið,“ segir Ingvar Þórðarson, framleiðandi hjá Kvikmyndafélagi Íslands. Þau leiðu tíðindi hafa nú borist að Brynhildur Guðjónsdóttir rétt missti af aðalhlutverkinu í hryllingsmyndinni Lordi: Dark Floors með finnsku skrímslahljómsveitinni Lordi. Kvikmyndafélag Íslands er meðframleiðandi myndarinnar og þegar tilkynnt var um samstarfið var talið nánast öruggt að eitt af aðalhlutverkunum væri eyrnamerkt íslenskri leikkonu. Bresk leikkona hefur hins vegar verið ráðin í hlutverkið.

Hins vegar gætu tveir íslenskir karlleikarar af eldri kynslóðinni fengið stór hlutverk í kvikmyndinni. Þeir Pétur Einarsson og Theódór Júlíusson hafa að undanförnu mætt í prufur hjá Reykjavík Casting og var talið líklegt að þau mál myndu skýrast seint í gær eða í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þykir Theódór þó líklegri og var Mýrin meðal annars send út til leikstjórans en þar fór leikarinn á kostum sem smáglæpamaðurinn Elliði. Um er að ræða hlutverk drykkfellds heimilislauss manns og er áætlað að tökudagarnir verði hátt í tuttugu hjá Theódóri ef af verður. **- fgg**



**BRYNHILDUR** Var komin nálægt því að vera ráðin í aðalhlutverk myndarinnar.



**THEÓDÓR JÚLÍUSSON** Kemur sterklega til greina í hlutverk heimilisleysingja í hryllingsmyndinni Lordi.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** hærri, **6.** tveir eins, **8.** hlaup, **9.** forsögn, **11.** 999, **12.** spýta, **14.** þarma, **16.** skammstöfun, **17.** gljúfur, **18.** hress, **20.** óreiða, **21.** þitt.

**LÓÐRÉTT**
**1.** svei, **3.** skóli, **4.** reiknivél, **5.** angan, **7.** látalæti, **10.** geislahjúpur, **13.** mælieining, **15.** vingjarnleiki, **16.** hláku, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** efri, **6.** uu, **8.** gel, **9.** spá, **11.** im, **12.** sprek, **14.** garna, **16.** þe, **17.** gil, **18.** ern, **20.** rú, **21.** yðar. **LÓÐRÉTT:** **1.** fuss, **3.** fg, **4.** reiknir, **5.** ilm, **7.** uppgerð, **10.** ára, **13.** erg, **15.** alúð, **16.** þey, **19.** na.






## HILMAR HANSSON: ÓSÁTTUR VIÐ AÐ MISSA LEYFI Í YOKANGA Á KÓLASKAGA

# Slegist um rússneskan lax

„Þeir eru þekktir fyrir að sprengja upp allt verð. Ég er ekki viss um að það verði góður kostur í framtíðinni að fara til Yokanga fyrir hinn almenna veiðimann,“ segir Hilmar Hansson, umboðsmaður veiðiferðaskrifstofunnar Frontiers hér á landi.

Hilmar hefur undanfarin ár verið að selja íslenskum stangveiðimönnum ferðir á Kólaskaga í Rússlandi – nánar tiltekið í Yokanga-á. Að sögn Hilmars hefur Frontiers samning við eigendur árinnar til ársins 2008. En nú hefur Lax ehf, Jón Þór Júlíusson og Gísli Ásgeirsson með fulltingi Peter Rippin, gripið inn í og undirritað samning við Yokanga-menn um umboðssölu í ánna.

Hilmar segir ekki öll kurl komin til grafar í þeim efnum. „Það á eftir að fara yfir þetta af lögfræðingum. En skrýtið að þeir skuli vilja Yokanga sem þeir hafa talað illa um. Erfitt fyrir þá núna að „presentera“ hana. Það mun koma út eins og Ragnar Reykáss sé að selja,“ segir Hilmar ósáttur við að missa Yokanga en hann hefur lagt talsvert í að kynna þennan kost íslenskum veiðimönnum.

„Það er naumast,“ segir Jón Þór hjá Lax ehf. þegar þessi ummæli eru borin undir hann. Jón Þór hafnar því alfarið að fara í sandkassaleik eins og hann kallar yfirlýsingar Hilmars og neitar að hafa talað illa um Yokanga enda aldrei þangað komið.

„Tveir ættingja minna eru að fara í sumar og ég hafði mikinn áhuga á að komast þangað sjálfur. Nei, það er ekki verið að sprengja upp verð á Kólaskaga. Menn þurfa ekki að hafa af því áhyggjur. Eftir sem áður mun íslenskum veiðimönnum bjóðast góðir dagar í Yokanga á sambærilegu verði og verið hefur.“

Jón Þór segir þetta til komið í gegnum Peter Rippin og enskt umboðsfyrirtæki sem Lax á hlut í. Og talsvert flóknara sé hvernig veiðiréttur og leyfi í Rússlandi gangi fyrir sig en hér. Lax ehf. er að verða eitthvert umfangsmesta fyrirtæki á Íslandi í sölu laxveiðileyfa og er til dæmis með Laxá í Kjós og Grímsá á sínum snærum... og nú nýlega, Langá í Borgarfirði, þar sem ráðið hefur ríkjum sjálfur Ingvi Hrafn Jónsson.

„Allt gert með fullu samþykki Ingva Hrafns. Hann er ekkert hættur í Langá þó við tökum við og hann verður okkur innan handar með allar breytingar.“

Hilmar er síður en svo búinn að gefa Kólaskaga upp á bátinn þó allt líti út fyrir að Yokanga sé runnin honum og Frontier úr greipum.

„Sumarið er vel selt. Við erum einnig með ánna Ponoi sem er flaggskip Frontier á Kólaskaga. Þar geta allir veitt. Vikan gefur að meðaltali 50 laxa. Yokanga er meira fyrir mjög vana veiðimenn,“ segir Hilmar og upplýsir að hann sé búinn að selja 90 stangveiðimönnum íslenskum ferð á Kólaskagann í sumar. Fyrir það borga menn 300 þúsund auk flugfars til Rússlands. **jakob@frettabladid.is**



**JÓN ÞÓR** Einhver umfangsmesti veiðileyfasali Íslands segir enga hættu á að verðin í Yokanga rjúki upp. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HILMAR HANSSON** Þarna í Yokanga með vænan lax. Búinn að selja hátt í hundrað íslenskum stangveiðimönnum ferð í sumar á Kólaskaga.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hinn árlegi Baugs-dagur verður haldinn hátíðlegur í Mónakó snemma í næstu viku. Á Baugsdeginum kemur saman starfsfólk Baugs á Íslandi og yfirmenn allra dótturfyrirtækja Baugs úti í heimi. Fyrir tveimur árum fór hátíð þessi fram í London en í fyrra í Kaupmannahöfn. Þá var **Bill Clinton**, fyrrum Bandaríkjaforseti, gestafyrirlesari. Fastlega er búist við því að meira púðri verði eytt í tónlistaratriði um kvöldið þetta árið, enda vita **Jón Ásgeir Jóhannesson** og hans fólk að Clinton verður ekki svo auðveldlega toppaður.



Stórsöngvarinn **Björgvin Halldórsson** skemmti á dægurlagahátíð á Sauðárkróki um liðna helgi. Þó Björgvin væri ekki eini listamaðurinn sem fluttur var á Krókinn af þessu tilefni þurfti meira að hafa fyrir því að fá stórsöngvarann til að mæta en aðra. Forsprakkar dægurlagahátíðarinnar vissu sem er að Björgvin lætur ekki ferja sig um á hvernig bíl sem er og redduðu því bílaleigubíl fyrir kappann. Valið stóð á milli tveggja bíla, Mözdu og Mercedes Benz. Og ekki þarf að spyrja hvaða bíll varð fyrir valinu. Bó rúntaði um Krókinn á Benz alla helgina.



**Baltasar Kormákur** dvelur nú í óðalssetri sínu í Skagafirðinum ásamt **Ólafi Egilssyni** leikara. Þeir skrifa í óða önn handrit að kvikmynd sem byggir á leikritinu Ivanoff eftir Tsjekhov. Mun Kvikmyndamiðstöð fara fram á að fyrir liggi handrit áður en fjármunum er veitt til myndarinnar. Samhliða ætlar Þjóðleikhúsið að setja verkið á svið en talið er að það muni eitthvað tefjast sökum þess hversu þétt stóra sviðið er bókað. Baltasar er reyndar með mörg járn í eldinum en hann hefur nú gerst meðframleiðandi **Friðriks Þórs Friðrikssonar** að nýrri mynd sem fer í tökur í haust. Henni leikstýrir **Óskar Jónasson** en Baltasar leikur einmitt í henni. **-óhþ/jbg**








# Óvænt uppákoma í brúðkaupi Sóleyjar

Sóley Kristjánsdóttir, betur þekkt sem DJ Sóley, og unnusti hennar Freyr Frostason gengu í það heilaga um helgina. Í athöfninni sjálfri var brúðhjónunum komið á óvart, þegar vinahópur parsins stóð upp og söng. „Þetta var alveg æðislegt. Ég táraðist alveg, mér brá svo,“ sagði Sóley, sem var á leiðinni í sprautu hjá lækni vegna yfirvofandi brúðkaupsferðar til stranda Indlandshafs þegar Fréttablaðið náði tali af henni.

Magnús Jónsson, þekktur sem Maggi Jóns og oft á tíðum kenndur við Gus Gus, er vinur brúðhjónanna. Hann söng fyrir hjónakornin lag sem hann samdi fyrir Silfurtóna á sínum tíma. „Það var ekki óvænt, það var alltaf planið að hann myndi syngja. Hann breytti bara textanum svo hann passaði betur við okkur,“ útskýrði Sóley. „En svo stóðu þrjátíu manns upp og sungu bakraddir með honum. Strákarnir öðru megin og stelpurnar hinum megin. Það var ótrúlega flott,“ sagði hún.

Sóley segir uppátækið hafa slegið þau dálítið út af laginu, en kveðst þó mæla með óvæntum uppákomum af þessu tagi. „Athöfnin endaði á þessu og allir komust í brjálaðið stuð fyrir veisluna,“ sagði hún. „Þetta var alveg geðveikt.“ **- sun**



**TÁRAÐIST VIÐ SÖNGINN** Sóley og nýbökuðum eiginmanni hennar, Frey, var komið á óvart í vígslunni þegar vinahópurinn stóð upp og söng fyrir þau.




FJÖLSKYLDAN MÍN ER MEÐ FYRIRTÆKI

HÚN ER ÞAÐ DÝRMÆTASTA SEM ÉG Á

Allir vilja skapa fjölskyldunni sinni örugga og trausta umgjörð því hún er það dýrmætasta sem við eigum. Til þess þurfa tryggingarnar að vera í lagi. F plús fjölskylduvernd VÍS er vinsælasta og víðtækasta fjölskyldutrygging á Íslandi. Leyfðu okkur að bera ábyrgðina með þér með F plús.

VÍS – ÞAR SEM TRYGGINGAR SNÚAST UM FÓLK

Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is

Fíton/SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

Vefta
Tískuföt Hólagarði
www.vefta.is



BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

# Jöfn og frjáls

Fyrir sekúndubroti af jarðlífssögunni höfðu konur ekki kosningarétt og stuttu áður aðeins fáeinir framámenn. Lýðræðið er þannig ekki náttúrulögmál, heldur viðkvæm áunnin réttindi, seinleg í framkvæmd, kostnaðarsöm og oft ósanngjörn fyrir marga. Alls kyns gallar skjóta upp kollinum, til dæmis þegar ponsulítill flokkur kemst sífellt í oddaaðstöðu og fær völd langt umfram umboð.

**SAMT** er fátt eins spennandi og kjördagur. Eins og manneskja af annarri kynslóð er ég í hátíðarskapi frá morgni til kvölds, fer í skárri fötin og set á mig púður og varalit fyrir ferðalagið á kjörstað. Stemning sameiningar og náungakærleika lyftir mér um stund á hærra plan, næstum eins og í vel heppnaðri landssöfnun fyrir góðu málefni. Mér tekst jafnvel að gleyma því að sumir hinna við kjörklefann hugsa sér mögulega að kjósa aðra flokka en ég.

**SVIPAÐUR** hátíðarandi blæs lífi í vordaginn þegar Eurovisionkeppnin fer fram þó ég sé ekki nógu mikill aðdáandi til að hafa séð hana samfellda síðustu áratugina. Þennan dag er samt upplagt að æsa upp keppnisskapið með því að raula íslenska lagið, bjóða hávaðasömum gestum með börn í Eurovisionpartí, grilla eitthvað virkilega flókið og missa í látunum af sjálfri keppninni nema kannski eigin framlagi og fáeinum glefsum af annarra.

**ÞEGAR** maður hefur treyst á þessa tvo tyllidaga – kosningar og Eurovision – á vori síns tilbreytingarsnauða lífs er auðvitað glæpsamlegt að svippa þeim saman í einn. Sama daginn þarf maður nú að punta sig, kjósa, taka á móti gestum, grilla baki brotnu og vera með hnút í maganum út af alls kyns úrslitum. Þetta hljómar nú ekki mikið svona í einni setningu en getur verið virkilega lýjandi í framkvæmd. Svona eins og ef jólum og páskum væri steypt saman og fólk yrði að vinda sér beint úr pökkunum í páskaeggið.

**EN ÞÓ SVO** – eða vegna þess – að Ségolène Royal hafi ekki náð alla leið, Hillary Clinton eigi langan veg fyrir höndum, launamisrétti kynjanna sé enn eins og arfi í þjóðmenningunni og íslenskar konur verði í hæsta lagi millistjórnendur – þá getum við á laugardaginn nýtt gullið tækifæri til að kjósa fyrstu konuna sem forsætisráðherra á Íslandi.

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37003 05/07

Kostar ekkert, þannig séð

26.855 kr.* á mánuði:
Innifalið: Afborgun af láni - Tryggingar - Bifreiðagjald 1. tímabils - Engin útborgun.

Það hefur aldrei verið þægilegra að eignast Aygo. Núna þarftu ekki að hafa áhyggjur af neinu nema að keyra bílinn – við sjáum um restina.

Aygo. Engar áhyggjur.

Ofkeyrðu þig.

www.aygo.is

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði. Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.